

# ÁRSSKÝRSLA 2013

---



# ÁRSSKÝRSLA 2013

---

# EFNISYFIRLIT

06	LYKILTÖLUR	18	HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS	50	STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN
08	ÁVARP STJÓRNARFORMANNS	23	EFNAHAGSUMHVERFIÐ	53	SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ
12	ÁVARP BANKASTJÓRA	32	STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR	57	MANNAUÐUR
		42	YFIRSTJÓRN		




---


64 EIGNASTÝRINGARSVIÐ	78 DÓTTURFÉLÖG	100 FJÁRHAGSNIÐURSTÖÐUR
67 FJÁRFESTINGARBANKASVIÐ	84 EIGNAUMSÝSLUFÉLÖG	107 ÁRSREIKNINGUR
70 FYRIRTÆKJASVIÐ		
72 VIÐSKIPTABANKASVIÐ	88 ÁHÆTTUSTÝRING	
	96 FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA	

# LYKILTÖLUR


## Rekstrartekjur




## Hagnaður




## Arðsemi eigin fjár




## Heildareignir



## Eigið fé



## Eiginfjárlutfall



# ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Ísland er um margt í góðri stöðu. Landið er ríkt af auðlindum og býr yfir miklum mannauði, vel menntaðri og kraftmikilli þjóð. Mikill árangur hefur náðst á undanförunum árum við uppbyggingu efnahags þjóðarinnar og skiptir þar endurreisn öflugis fjármálakerfis miklu því öflugt fjármálakerfi stuðlar að auknum stöðugleika. Okkar hlutverk hefur verið að byggja upp banka sem styður við einstaklinga og fyrirtæki í þeim verkefnum sem þau takast á hendur. Við erum á réttri leið og einkennist rekstur og starfsemi Arion banka nú fyrst og fremst af stöðugleika, áframhaldandi uppbyggingu og árangri í krefjandi umhverfi.

## ARION BANKI RYÐUR BRAUTINA

Mikilvægir áfangar náðust á árinu 2013 í áframhaldandi uppbyggingu bankans. Meðal annars voru tekin mikilvæg skref í opnun erlendra lánsfjármarkaða. Snemma á árinu tryggði bankinn sér erlenda fjármögnun með vel heppnaðri útgáfu skuldabréfs í norskum krónum, án sérstakra trygginga. Þar með var Arion banki fyrsti íslenski bankinn til að sækja sér erlenda fjármögnun frá árinu 2007. Útgáfan var liður í því að auka fjölbreytni í fjármögnun bankans en einnig mikilvægt skref í að gera okkur betur í stakk búin að þjónusta okkar viðskiptavini. Að auki hefur bankinn gefið út sértryggt skuldabréf á Íslandi, verðtryggt og óverðtryggt.

Nýlega fékk Arion banki svo lánsþæfismatið BB+, með stöðugum horfum, frá alþjóðlega lánsþæfismatsfyrirtækinu Standard & Poor's (S&P), sem opnar enn frekar aðgang bankans að erlendum lánsfjármörkuðum. Aftur ryður Arion banki brautina og er fyrstur íslenskra banka til að fá slíkt mat frá hrúni. Þetta eru mikilvæg skref á þeirri vegferð sem mótuð var 2010 fyrir bankann og hefur öll miðað að því að byggja upp banka sem getur þjónað vel atvinnulífi og heimilum á Íslandi.



Monica Caneman,  
stjórnarformaður Arion banka

## ▶ ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

### ÁSKORANIR Í STARFSUMHVERFINU

Um margt hefur tekist ágætlega við stjórn efnahagsmála á Íslandi undanfarin ár. Góður árangur hefur náðst við lækkun vaxta og verðbólgu og dregið hefur úr atvinnuleysi. Helstu áskoranir nú eru þó áfram að auka fjárfestingu, innlenda og erlenda, og afnám gjaldeyrishafta. Því miður hefur miðað of hægt í þeim efnum að mínu mati. Afnám gjaldeyrishafta er vissulega risavaxið verkefni og vandmeðfarið og þar þarf að stíga varlega til jarðar.

Mikilvægur hluti af góðri efnahagsstjórn er stöðugleiki og fyrirsjáanleiki. Þannig lít ég svo á að eitt helsta hlutverk íslenskra stjórnvalda nú sé að skapa starfsumhverfi fyrir fyrirtæki og fjárfesta sem einkennist af stöðugleika. Það er jákvætt að verulega hefur dregið úr óvissu tengdri ólöglegri gengistryggingu lána og eru úrvinnslumál henni tengd að klárast.

Margt í orðræðu og verkum stjórnvalda undanfarin misseri hefur hins vegar ekki verið nægjanlega vel til þess fallið að auka tiltrú innlendra og erlendra aðila á íslensku efnahagslífi. Starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja, ekki síst fjármála-fyrirtækja, er enn of hverfult. Miklar breytingar hafa orðið á lagaumhverfi fjármálafyrirtækja og er nýleg margföldun bankaskatts gott dæmi þar um. Þar er um að ræða stórkostlega hækkun skatta sem ekki eru tengdir tekjum eða afkomu, heldur skuldum. Vilji stjórnvöld að hér séu starfræktar öflugar fjármálastofnanir sem eru burðugar og geta stutt við íslenskt atvinnulíf, þá þarf að skapa meiri stöðugleika um þeirra starfsemi.

### HAMLANDI ÁLÖGUR

Það er líka rétt að hafa hugfast að verulega íþyngjandi skattheimta sem leggst á kostnaðarliði, eins og skuldir og launakostnað, hvaða fyrirtækis sem er, hvar í heiminum sem er, mun ávallt setja mark sitt á þau kjör sem fyrirtækið getur boðið viðskiptavinum sínum. Aukinn kostnaður dregur ekki úr arðsemiskröfu eigenda, hvort sem hækkunin er tilkomin vegna skattaálagna eða annarra þátta. Þessar miklu álögur hafa einnig víðtækari afleiðingar. Þær gera áframhaldandi þróun og eflingu bankans erfiðari. Skattlagning af þessari stærðargráðu getur dregið úr erlendra fjárfestingu á Íslandi og tafið fyrir söluferli bankans sem núverandi eigendur bankans eru með í undirbúningi.

## ► ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

### FORÐUMST SÉRÍSLENSKT REGLUVERK

Fleiri breytingar eru einnig í farvatninu á lögum sem snúa að fjármálafyrirtækjum. Mikilvægt er að vanda þar til verka og að þær breytingar sem gerðar verða á lögnum séu vel rökstuddar og til hins betra fyrir íslenskt efnahagslíf og samfélag. Ég hef orðið vör við góðan vilja núverandi stjórnvalda og góðan ásetning um samstarf og samvinnu; ásetning um að styðja vel við íslenskt atvinnulíf og er það vel. Hvað lagaumhverfi fjármálafyrirtækja varðar þá er mikilvægt er að horfa til nágrannaríkja Íslands og byggja á þeirri reynslu sem þar hefur skapast. Séríslenskt regluverk er óæskilegt og skekkir samkeppnisstöðu íslenskra fjármálafyrirtækja og atvinnulífs.

Í þessu sambandi er rétt að nefna að svo virðist sem íslenskum fjármálafyrirtækjum séu settar þrengri skorður en sambærilegum fyrirtækjum á Norðurlöndum þegar kemur að samstarfi, t.d. hvað varðar rekstur upplýsingatæknikerfa. Þannig förum við á mis við tækifæri til að draga úr kostnaði í fjármálakerfinu öllu án þess að dregið yrði úr nauðsynlegri samkeppni fyrirtækja á milli. Eru þessar þröngu skorður umhugsunarefni þar sem mikilvægt verkefni íslenskra fjármálafyrirtækja er að draga úr kostnaði og er allra hagur að það takist vel.

### RÉTT HUGARFAR LYKILL AÐ ÁRANGRI

Bankar gegna mikilvægu hlutverki í hverju samfélagi. Stjórn og starfsfólk Arion banka hefur unnið hörðum höndum að því að byggja upp banka sem gegnir hlutverki sínu vel og af ábyrgð. Mikill árangur hefur náðst, en uppbyggingunni lýkur aldrei. Við vinnum áfram hörðum höndum að því að breyta bankanum, gera okkur hæfari í að þjónusta okkar viðskiptavini. Breytingar eru ekki alltaf auðveldar, þær geta tekið á, en það er einstaklega ánægjulegt að upplifa jákvætt hugarfar starfsfólks bankans, bæði á undanförunum árum þegar verkefni voru oft og tíðum yfirþyrmandi, sem og í dag þegar breytingarnar ganga fyrst og fremst út á það að sníða bankann og starfsemi hans að síbreytilegum þörfum okkar viðskiptavina.

---

Stjórn og starfsfólk Arion banka hefur unnið hörðum höndum að því að byggja upp banka sem gegnir hlutverki sínu vel og af ábyrgð. Mikill árangur hefur náðst, en uppbyggingunni lýkur aldrei.

## ▶ ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

### ALÞJÓÐLEG VIÐURKENNING

Fagtlímaritið The Banker, sem gefið er út af Financial Times, veitti Arion banka þá viðurkenningu undir lok árs 2013 að tilnefna bankann banka ársins á Íslandi. Það sem er ekki síst eftirtektarvert við þá viðurkenningu er að þetta er í fyrsta sinn síðan 2007 sem Íslenskur banki fær slíka viðurkenningu frá tímaritinu. Það segir meira en mörg orð um þann árangur sem náðst hefur og þann stað sem Arion banki og Íslenskir bankar eru komnir á. Arion banki varð fyrir valinu vegna góðs árangurs á undanförunum árum og ekki síst þeirrar forystu sem bankinn hefur tekið á Íslandi þegar kemur að fjármögnun, framboði íbúðalána, skuldaúrvinnslu og nýstárlegum þjónustuleiðum.

### FRÁBÆR ÁRANGUR

Starfsfólk bankans á heiður skilið fyrir þann góða árangur sem hefur náðst á undanförunum árum. Á árinu 2013 gengu áætlanir okkar eftir og allir lykilmælikvarðar þróuðust eins og til stóð. Eftir yfirtöku Arion banka á lánasafni Dróma, Hildu og Frjálsa, undir lok ársins er lánasafn bankans vel dreift og eru lán til einstaklinga nú um helmingur lánabókarinnar. Samsetning fjármögnunar bankans er heilbrigðari en nokkru sinni eftir að gert var átak í að auka bindingu innlána og fjölbreytni fjármögnunarinnar. Markmið um betri tekjudreifingu hafa náð fram að ganga og eru þjónustutekjur nú stærri hluti tekna bankans. Eiginfjárlutfall upp á 23,6% ber fjárhagslegum styrk bankans gott vitni.

# ÁVARP BANKASTJÓRA

Árið 2013 var gott ár fyrir Arion banka. Árið einkenndist af stöðugleika í rekstri, ekki síst í kjarnastarfsemi bankans. Arðsemi ársins nam 9,2% sem er viðunandi, sérstaklega í ljósi stórhækkaðs bankaskatts sem nam 2,9 milljörðum á árinu. Arðsemi af kjarnastarfsemi nam hins vegar 10,5%. Hagnaður bankans á árinu nam 12,7 milljörðum króna eftir skatta. Umtalsverð aukning var í eftirspurn eftir grunnþjónustu bankans. Þannig uxu ný útlán á árinu 2013 um 60% borið saman við fyrra ár og námu tæpum 120 milljörðum króna.

Útlán til viðskiptavina jukust um 12% milli ára, einkum vegna yfirtöku bankans á lánasöfnum í tengslum við uppgjör á Drómaskuldabréfi, og námu í árslok 636 milljörðum króna. Arion banki hefur dregið úr áhættu í rekstri með aukinni langtímafjármögnun og hækkuðu hlutfalli lána til einstaklinga, en þau námu í árslok tæpum 49% af heildarlánnum til viðskiptavina. Heildareignir námu í árslok 938,9 milljörðum króna samanborið við 900,7 milljarða króna í árslok 2012.

## MARKVISS UPPBYGGING UNANFARINNA ÁRA

Í október 2013 voru fimm ár liðin frá stofnun Arion banka en bankinn á þó vissulega dýpri rætur sem við finnum betur fyrir með degi hverjum. Verkefni hafa verið mörg á þessum árum og mörg hver krefjandi. Öll hafa þau verið mikilvæg því markmiðið hefur verið að byggja upp góðan banka. Banka sem er fjárhagslega sterkur og getur uppfyllt skyldur sínar við viðskiptavina og samfélagið með ábyrgum og árangursríkum hætti. Arion banki hefur öll árin skilað jákvæðri afkomu og styrkst ár frá ári. Það var því ánægjuleg viðurkenning á þeim árangri sem starfsfólk bankans hefur náð þegar Arion banki var valinn banki ársins á Íslandi árið 2013, af fagttímaritinu The Banker.

Við erum stolt af árangri undanfarinna ára. Arion banki stendur í dag traustum fótum, mannaður öflugum hópi starfsfólks sem leggur sig fram um að vera góður samstarfsaðili viðskiptavina bankans. Þetta er búin að vera löng vegferð og oft og tíðum krefjandi. Það má segja að fyrsta heila starfsár bankans, árið 2009, hafi einkennt af ákveðnum lífróðri dag frá degi. Mikil óvissa einkenndi þá starfsemi bankans og umhverfi hans. Stórir áfangar náðust á árinu 2010 þegar eignarhald bankans skýrðist og ný stjórn og framkvæmdastjórn tók við. Síðla þess árs settum við okkur stefnu – stefnu sem við höfum fylgt markvisst síðan.

Við tóku umfangsmikil úrvinnsluverkefni sem tengdust fortíðinni og einkenndu þau mjög árið 2011. Unnið var markvisst að skuldaúrvinnslumálum viðskiptavina bankans, bæði heimila og fyrirtækja. Óhætt er að segja að um fordæmalausar aðgerðir hafi verið að ræða og niðurskriftir lána hlutfallslega meiri en dæmi eru um. Þetta voru nauðsynlegar aðgerðir enda voru fjölmörg heimili og fyrirtæki skuldsett umfram eignir og greiðslugetu. Með þessum aðgerðum sem miðuðu að því að bæta hag stórs hluta viðskiptavina okkar má segja að skýrleiki og heilbrigði efnahagsreiknings bankans hafi aukist til muna. Íslenskir bankar búa að því að þekkja vel sinn efnahagsreikning eftir að hafa velt við hverjum steini á undanförunum árum.



Höskuldur H. Ólafsson,  
bankastjóri Arion banka



## ▶ ÁVARP BANKASTJÓRA

Síðastliðin tvö ár höfum við getað beint sjónum okkar að hefðbundnum bankaviðskiptum, hefðbundinni þjónustu við viðskiptavinum okkar. Það höfum við gert af metnaði og leitast við að sýna frumkvæði og framsýni hvað varðar vörubrúun og þá þjónustu sem við veitum viðskiptavinum okkar. Forysta okkar hefur ekki síst verið skýr á íbúðalánamarkaði þar sem við höfum kynnt hverja nýjungina á fætur annarri. Oftar en ekki hafa samkeppnisaðilar okkar fylgt í kjölfarið, sem er vel, og má segja að ákveðin umbýlting á íbúðalánamarkaði hafi átt sér stað á undanförunum árum með fjölgun valkosta, bæði óverðtryggðra og verðtryggðra. Og það sem mestu skiptir, viðskiptavinir okkar hafa tekið þessu fagnandi.

### VITUM HVERT VIÐ ÆTLUM OG HVERNIG VIÐ ÆTLUM AÐ KOMAST ÞANGAÐ

Skýr stefna og framtíðarsýn skiptir miklu í allri uppbyggingu. Góðan árangur uppbyggingar Arion banka má að miklu leyti rekja til þeirrar skýru stefnu sem við settum okkur haustið 2010 og höfum fylgt síðan þá. Stefnu sem felur í sér að Arion banki er tengslabanki, banki sem býður viðskiptavinum sínum fjölbreytta fjármálaþjónustu, sérstaklega að þeirra þörfum. Banki sem vill tengjast viðskiptavinum sínum traustum böndum til langs tíma. Frá því stefnan var sett höfum við skerpt á henni, dýpkað hana og sett okkur mælanleg markmið um hvernig við komumst þangað sem við viljum komast – hvernig við verðum góður tengslabanki. Við höfum hafið og lokið um tvö hundruð innleiðingarverkefnum. Sum stærri verkefni eru enn í gangi, verkefni sem fela í sér umbreytingu á bankanum, nokkuð sem ekki verður gert á nokkrum mánuðum heldur árum. Slík verkefni kalla á staðfestu og þrautseigju.

Dæmi um slíkt verkefni er innleiðing rekstrarstefnu bankans sem við settum okkur árið 2011, stefnu sem byggir á skilvirkni og árangri. Við erum að byggja upp banka sem ekki aðeins ætlar að veita viðskiptavinum sínum góða og persónulega þjónustu heldur gera það á skilvirkan hátt, hagkvæmari hátt en samkeppnisaðilar okkar. Lykillinn að því er ekki síst sú skýra stefna sem við höfum sett okkur. Við vitum hvert við ætlum og rekstrarstefnan hjálpar okkur að komast þangað. Rekstrarstefna okkar byggir um margt á aðferðafræði straumlínustjórnunar og höfum við kosið að kalla verkefnið A plús. Í því felst að eyða allri sóun og auka þannig skilvirkni. Í okkar huga fer þetta saman með hraðari og markvissari þjónustu. Þannig er markmiðið ekki aðeins lægri kostnaður heldur einnig betri þjónusta. Í dag vinnur fjöldi starfsfólks að innleiðingu rekstrarstefnunnar á öllum sviðum bankans og gerum við ráð fyrir að því verkefni verði lokið að tveimur árum liðnum.

### AÐ ÞEKKJA OKKAR VIÐSKIPTAVINI

Leiðin að því að ná árangri hvað þetta varðar er að þekka viðskiptavinum okkar og fjölbreyttar þarfir þeirra. Mæta þeim á þeirra forsendum, þar sem þeim hentar best, því óskir og þarfir viðskiptavina okkar eru afar ólíkar. Hér skiptir breitt vöruframboð miklu sem og fjölbreyttar þjónustuleiðir. Við vinnum í dag markvisst að því að staðla og auka alla sjálfvirkni – þar sem það á við. Á sama tíma bætum við í hvað varðar persónulega og sérstaklega fjármálaþjónustu á öðrum sviðum. Þetta er kjarninn í okkar stefnu sem byggir á þekkingu á aðstæðum og þörfum viðskiptavina okkar og aðlögun þjónustunnar að þeim. Stefna okkar felur í sér það markmið að vera tengslabanki sem þekkir viðskiptavinum sína og tengist þeim sterkum böndum til langs tíma.

---

Góðan árangur uppbyggingar Arion banka má að miklu leyti rekja til þeirrar skýru stefnu sem við settum okkur haustið 2010 og höfum fylgt síðan þá. Stefnu sem felur í sér að Arion banki er tengslabanki, banki sem býður viðskiptavinum sínum fjölbreytta fjármálaþjónustu, sérstaklega að þeirra þörfum.

## ▶ ÁVARP BANKASTJÓRA

### AÐ VANDA TIL VERKA

Sú menning sem ríkir innan bankans skiptir miklu varðandi frekari uppbyggingu hans. Við erum heppin með okkar fólk. Hjá bankanum starfar öflugur hópur metnaðarfullra einstaklinga sem vilja gera vel – gera gagn. Kannanir sýna líka að starfsfólk okkar er stolt af því að vinna hjá Arion banka – það skiptir okkur miklu máli og viðskiptavinum okkar einnig. Á árinu 2013 settum við okkur gildi. Við leituðum ekki langt yfir skammt heldur studdumst við það sem okkur þótti einkenna hugarfar og störf þeirra sem hjá bankanum starfa. Gildin, sem við höfum kosið að kalla Hornsteina Arion banka, eru gerum gagn, komum hreint fram og látum verkin tala. Við vitum að ánægja er með þessi gildi innan bankans, bæði því við tengjum öll við þau en einnig af því þau eru einfaldur en gagnlegur vegvísir við ákvarðanatöku. Mikilvægur þáttur í því að byggja upp góðan banka sem tekur ákvarðanir með ábyrgum hætti.

Þar liggur að mínu mati okkar grunnskylda gagnvart okkur sjálfum, viðskiptavinum okkar og því samfélagi sem við störfum í. Hún liggur í því að byggja upp og starfrækja góðan banka sem tekur ákvarðanir af ábyrgð. Fjármálafyrirtæki gegna mikilvægu hlutverki í öllum samfélögum og eru mikilvæg efnahagslegu sjálfstæði hverrar þjóðar. Sem fjármálafyrirtæki erum við mikilvægur milliliður milli þeirra sem eiga fjármagn og leita ávöxtunar og þeirra sem skortir fjármagn til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd, hvort sem þær felast í að koma sér þaki yfir höfuðið eða stofna eða stækka atvinnurekstur, og stuðlum þannig að uppbyggingu og hagvexti. Það er því mikilvægt að vandað sé verka.

### AÐ LEGGJA SITT AF MÖRKUM

Við erum virkir þátttakendur í því samfélagi sem við störfum í með margvíslegum hætti. Við styðjum stolt góð málefni, menningu og íþróttastarf um land allt því okkur finnst það mikilvægt. Við leggjum þó sérstaka rækt við fjármálafræðslu. Þar rennur okkur blóðið til skyldunnar. Við búum yfir þekkingu og mannauði á þessu sviði og getum lagt samfélaginu til sérfræðiþekkingu okkar og það gerum við með markvissum hætti. Við styðjum meðal annars veglega við mikilvæga starfsemi Stofnunar um fjármálalæsi sem er stofnun innan Háskólans í Reykjavík.

Nýsköpun er okkur einnig sérstaklega hugleikin. Fyrir því eru margar ástæður. Ekki síst sú að aukin fjölbreytni í verðmætasköpun hér á landi er mikilvæg. Frumkvöðlaumhverfið hér á landi er um margt gott en okkur hefur þótt vanta upp á stuðning og fjármagn á fyrstu stigum. Því höfum við í samstarfi við Klak Innovit sett á laggirnar Startup Reykjavík, nokkurs konar viðskiptaþróunarhraðal að erlendri fyrirmynd. Þetta eru því ekki bara orðin tóm, eða táknrænir styrkir. Við höfum á árunum 2012 og 2013 fjárfest samtals í 20 nýsköpunarverkefnum og veitt þeim aðstöðu og leiðsögn á 10 vikna tímabili. Við munum halda áfram á þessari braut því þetta skiptir máli. Hver veit, kannski verður eitt þessara fyrirtækja næsta Marel, Össur eða CCP. Það er bara ein leið til að komast að því og það er að styðja vel við nýjar hugmyndir og karftmikla einstaklinga sem búa yfir getunni til að gera hugmyndir að veruleika.

## ► ÁVARP BANKASTJÓRA

### RÍK ÁHERSLA Á FJÖLBREYTTAR ÞJÓNUSTULEIÐIR

Það er ekki bara nýsköpun sprotafyrirtækja sem skiptir máli heldur einnig nýsköpun innan rótgróinna fyrirtækja. Við leggjum mikla áherslu á þróun okkar vöruframboðs og þjónustu. Við höfum lagt ríka áherslu á hagnýtingu tækninnar og eru öflugur netbanki og Arion banka appið góð dæmi þar um. Það skiptir miklu að viðskiptavinir hafi val um hvernig þeir nýta sér grunnþjónustu bankans; hvort þeir sækja hana í útibú, þjónustuver, hraðbanka, netbanka eða í síma. Kostnaðarsamasta þjónustuleiðin er sú sem felur í sér beina aðkomu starfsfólks bankans, svo sem í útibúum og þjónustuveri.

Við hjá Arion banka teljum það sanngirnismál að þeir sem nýta sér kostnaðarsamari þjónustuleiðir greiði fyrir það sanngjarnt gjald sem endurspeglar þann kostnað sem fellur til við veitingu þjónustunnar. Þannig sjáum við fyrir okkur að þjónusta gjaldkera muni kosta meira í framtíðinni en hún gerir í dag. Þessi þróun er komin vel á veg í nágrennalöndum okkar. En þá er líka mikilvægt að viðskiptavinum standi til boða aðrar þjónustuleiðir sem kosta minna, þar er ég sérstaklega að vísa til lausna fyrir netbanka og snjallsíma. Samhliða þessu munum við sjá vaxtamun lækka. Raunar er það svo að sú þróun er þegar hafin og er vaxtamunur Arion banka með því lægsta á Íslandi, 2,9% á árinu 2013.

### STÓRKOSTLEG AUKNING Á ÁLÖGUM EYKUR KOSTNAÐ OG HEFUR ÁHRIF Á KJÖR

Lægri vaxtamunur kemur þó ekki af sjálfu sér. Við þurfum að sýna mikið aðhald í rekstri til að geta boðið viðskiptavinum okkar þjónustu á hagkvæmum kjörum. Ytra umhverfi okkar gerir okkur þetta þó ekki auðvelt. Stórkostlegar álögur eru lagðar á bankann og undir lok árs 2013 tóku stjórnvöld ákvörðun um margföldun bankaskattsins. Sá skattur leggst á skuldir fjármálastofnana. Arion banki, eins og önnur íslensk fjármálafyrirtæki, er fyrst og fremst fjármagnaður með innlánnum. Því er þetta fyrst og fremst skattur á innlán. Skatturinn á árinu 2014 vegna ársins 2013 nemur 2,9 milljörðum króna. Það gefur augaleið að lækkun vaxtamunar hér á landi er ekki auðvelduð með þessum aðgerðum stjórnvalda.

### STOLT AF GÓÐUM ÁRANGRI

Val tímaritsins The Banker á Arion banka sem banka ársins 2013 var ánægjuleg staðfesting á árangri undanfarinna ára. Í rökstuðningnum með valinu var sérstaklega vísað til frumkvæðis bankans á fjölmörgum sviðum, s.s. íbúðalánamarkaði og þróun bankaþjónustu á netinu og í snjallsímum. En einnig þessar þegar Arion banki varð í upphafi árs 2013 fyrsta íslenska fjármálafyrirtækið sem sótti sér erlenda fjármögnun síðan 2007. Þar ruddum við brautina og aðrir hafa fylgt í kjölfarið. Nú í upphafi ársins 2014 varð Arion banki svo fyrsta íslenska fjármálafyrirtækið til að fá lánshæfismat hjá alþjóðlegu lánshæfismatsfyrirtæki.

Við erum stolt af árangri undanfarinna ára. Við höfum verið staðföst, fylgt þeirri stefnu sem við settum okkur undir lok árs 2010 og náð settum markmiðum. Eins og uppgjör Arion banka fyrir árið 2013 sýnir þá er rekstur bankans stöðugur, vöruframboð okkar er fjölbreytt og þjónustan er góð. Það er okkur ekki síður mikilvægt að markaðsrannsóknir sýna að ánægja okkar viðskiptavina heldur áfram að aukast – og hefur í raun aldrei verið meiri en nú. Það er góður grunnur áframhaldandi uppbyggingar og gott veganesti inn í framtíðina.


---

Val tímaritsins The Banker á Arion banka sem banka ársins 2013 var ánægjuleg staðfesting á árangri undanfarinna ára.





**NEYÐARLÍNAN 112**  
**NÝTT SNJALLSÍMAFORRIT**  
**EYKUR ÖRYGGI FERÐAFÓLKS**



Kallnúmer	Hvar	GPS-Tími	Stöðu tækis	Tetra taistoð	Tetra taifi
5904604		01.04.2013 13:45:27		13.373500 23.000000	



## VIÐSKIPTAÞRÓUN

Nýsköpun er mikilvæg á öllum sviðum. Ekki bara hjá frumkvöðlum og sprotum heldur einnig innan rótgrónna fyrirtækja. Á árinu 2013 lögðum við sérstaka áherslu á nýsköpun sem fram fer hjá okkar viðskiptavinum. Það má ekki gleyma því að innan íslenskra fyrirtækja fer fram markviss viðskiptaþróun sem skilar hagkvæmari rekstri og betri vörum og þjónustu til viðskiptavina. Þessu ber að fagna.





# HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS

---

## FYRSTI ÁRSFJÓRÐUNGUR

### JANÚAR

- ◆ Bankinn lauk þriðja skuldabréfaútboði sínu á sértryggðum skuldabréfum sem eru óverðtryggð. Þau voru tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Íslandi í kjölfarið.
- ◆ Lestrarvika Arion banka og Disney var haldin í þriðja sinn, en um 1.700 börn tóku þátt.
- ◆ Lífeyrissjóður Rangæinga kom í rekstur hjá eignastýringarsviði Arion banka.

### FEBRÚAR

- ◆ Ný sparnaðarleið kynnt – fjárhæðaprep 30.
- ◆ Bankinn lauk sínu fyrsta erlenda skuldabréfaútboði í norskum krónum með milligöngu Pareto Öhman. Alls voru seld skuldabréf til um 60 alþjóðlegra fjárfesta fyrir 500 milljónir norskra króna eða um 11,2 milljarða króna.
- ◆ Rekstrarfélagið Braut ehf., dótturfélag Arion banka, seldi svínabúið að Hýrumel í Borgarfirði.
- ◆ Afkoma bankans fyrir árið 2012 kynnt, hagnaður ársins nam 17,1 milljarði króna eftir skatta.
- ◆ Arion banki hélt myndlistarsýningu sem bar heitið Nokkrar skákir í íslenskri myndlist. Jafnframt var haldin landskeppni í skák milli Íslands og Kína í höfuðstöðvum bankans.

### MARS

- ◆ Arion banki var aðalstyrktaraðili Mottumars, átaksins Karlmenn og krabbamein, sem Krabbameinsfélag Íslands stóð fyrir.
- ◆ Bankinn var styrktaraðili ráðstefnunnar Iceland Geothermal Conference 2013 sem fram fór í Hörpu, en bankinn er einn af stofnaðilum klasans.
- ◆ Arion banki og Íþróttasamband fatlaðra undirrituðu samstarfssamning sem fól í sér að bankinn verður áfram einn af aðalbakhjörllum sambandsins.
- ◆ Bankinn var bakhjarl átaksins Umhyggjusamir einstaklingar, sem fólst í því að byggja upp öflugan styrktarsjóð á vegum Umhyggju – félags til stuðnings langveikum börnum.
- ◆ Bankinn undirritaði samstarfs- og styrktarsamning við Flugbjörgunarsveitina á Hellu til þriggja ára.
- ◆ Aðalfundur Arion banka haldinn.
- ◆ Ráðstefna einkabankaþjónustu haldin í höfuðstöðvum bankans.

## ▶ HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS

### ANNAR ÁRSFJÓRÐUNGUR

#### APRÍL

- ◆ Mikil ásókn var í Startup Reykjavík. Alls bárust 207 umsóknir, en að baki þeim stóðu 309 einstaklingar.
- ◆ Kauphallardagar Arion banka fóru fram í höfuðstöðvum bankans.
- ◆ Fundur haldinn um fjárfestingar kvenna í samstarfi við Félag kvenna í atvinnulífinu.
- ◆ Greiningardeild stóð fyrir fundi um efnahagshorfur og afnám hafta.
- ◆ Eignastýringarsvið hélt fræðslufund um greiðslur úr lífeyrissparnaði og hvað bæri að hafa í huga í þeim málum.
- ◆ Áhættuskýrsla bankans fyrir árið 2012 gefin út. Markmið hennar var annars vegar að veita upplýsingar um áhættu- og eiginfjárstýringu bankans og hins vegar að uppfylla lögbundnar kröfur um upplýsingagjöf samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um eiginfjárkröfur.
- ◆ Bankinn hélt opinn fund um viðskiptamódel þar sem Alexander Osterwalder metsöluhöfundur bókarinnar Business Model Generation hélt fyrirlestur um Business Model Canvas.
- ◆ Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hafði umsjón með sölufurli og kauphallarskráningu VÍS.

#### MAÍ

- ◆ Afkoma bankans á fyrsta ársfjórðungi ársins 2013 birt, hagnaður upp á 1,4 milljarð króna.
- ◆ Bankinn jók úrval óverðtryggðra íbúðalána. Annars vegar er um að ræða óverðtryggð íbúðalán byggð á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands að viðbættu 0,95% álagi. Hins vegar er um að ræða óverðtryggð íbúðalán með föstum vöxtum til þriggja ára.
- ◆ Bankinn hóf að gefa út nýtt kreditkort með ferðatengdum fríðindum í samstarfi við Icelandair.
- ◆ Bankinn keypti fasteignina að Borgartúni 18 þar sem mun verða starfrækt útibú frá sumarmánuðum 2014.
- ◆ Haldin var myndlistarsýning í höfuðstöðvum Arion banka á verkum eftir Kristján Davíðsson, sem féll frá fyrr á árinu. Öll verkin á sýningunni voru í eigu bankans.

#### JÚNÍ

- ◆ Tíu teymi valin til þátttöku í Startup Reykjavík 2013 og þau kynnt.
- ◆ Freyr Þórðarson ráðinn framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Arion banka.
- ◆ Fyrirtækjaráðgjöf vann að endurfjármögnun Reita. Mikilvægum áfanga var náð þegar Reitir skrifuðu undir viljayfirlýsingu við lífeyrissjóði um kaup á nýju hlutafé og skuldabréfum Reita.

## ▶ HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS

### ÞRIÐJI ÁRSFJÓRÐUNGUR

#### JÚLÍ

- ◆ Skuldabréf Arion banka í norskum krónum voru tekin til viðskipta í Kauphöllinni í Osló.
- ◆ Bankinn lauk skuldabréfaútboði á nýjum flokki sértryggðra skuldabréfa, Arion CBI 19. Þau voru tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Íslandi í kjölfarið.
- ◆ Reitun uppfærði lánsþæfismat sitt á Arion banka í B+ með jákvæðum horfum og lánsþæfismat sitt á sértryggðum skuldabréfum bankans í A, sem var óbreytt mat frá fyrra ári.

#### ÁGÚST

- ◆ Bankinn stóð fyrir Götusýningunni 2013 í tilefni Menningarnætur.
- ◆ Arion banka mótið í fótbolta haldið í Víkinni. Alls tóku 2.100 börn í 7. og 8. flokki þátt í mótinu.
- ◆ Fjárfestadagurinn haldinn í höfuðstöðvum bankans þar sem þátttakendur í Startup Reykjavík kynntu viðskiptahugmyndir sínar fyrir fjárfestum.
- ◆ Afkoma bankans á fyrri árshelmingi 2013 kynnt, hagnaður upp á 5,9 milljarða króna eftir skatta.

#### SEPTEMBER

- ◆ Arion banki, eigandi Landfesta hf. og stjórn Eikar fasteignafélags hófu viðræður um hugsanlegan samruna Eikar og Landfesta.
- ◆ Bankinn var aðalstyrktaraðili ráðstefnu Mergermarket sem haldin var í London um fjárfestingartækifæri á Íslandi.
- ◆ Eignastýringarsvið og Stefnir héldu fund fyrir lífeyrissjóði undir yfirskriftinni Skyggst inn í framtíðina.



## ▶ HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS

### FJÓRÐI ÁRSFJÓRÐUNGUR

#### OKTÓBER

- ◆ Bankinn bauð á fyrirlestur og opnun sýningar Ragnars Axelssonar ljósmyndara, RAX. Fyrirlesturinn bar heitið Norður og fór fram í höfuðstöðvum bankans.
- ◆ Bleikir fánar voru dregnir að húni við starfsstöðvar bankans í tilefni af Bleiku slaufunni, fjáröflunar og árvekniátaki Krabbameinsfélagsins í baráttunni gegn krabbameini hjá konum. Bankinn styrkti átakið með kaupum á slaufunni fyrir starfsmenn sína.
- ◆ Bankinn dreifði endurskinsmerkjum og sendi meðal annars endurskinsmerki heim til allra sex ára barna á landinu.
- ◆ Bankinn tók þátt í kaupstefnu á Grænlandi þar sem sérfræðingar á vegum bankans fóru yfir þróun og horfur í íslensku efnahagslífi.
- ◆ Bankinn veitti 25 námsmönnum bókastyrki að upphæð 30.000 kr. hverjum.
- ◆ Konukvöld Arion banka haldið í höfuðstöðvum bankans til styrktar baráttunni gegn krabbameini hjá konum. Starfsfólk bankans safnaði 1,5 milljón fyrir Krabbameinsfélag Íslands.
- ◆ Lestrarvika Arion banka og Disney var haldin í fjórða sinn, en um 2.200 börn tóku þátt.
- ◆ Bankinn lauk skuldabréfaútboði á sértryggðum skuldabréfum í flokknum Arion CBI 19.

#### NÓVEMBER

- ◆ Undirbúningur hófst að skráningu HB Granda hf. á Aðalmarkað Kauphallarinnar en Arion banki hf. á þriðjungshlut í félaginu.
- ◆ Frjálsi lífeyrissjóðurinn var valinn besti lífeyrissjóður smáþjóða af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE).
- ◆ Afkoma bankans á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 kynnt, hagnaður upp á 10,1 milljarð króna eftir skatta.
- ◆ Vinnu vegna endurreiknings gengistryggðra lána Arion banka sem staðið hafði yfir á árinu lauk. Um var að ræða endurreikning 3.700 lána þar sem fyrir lágu skýr dómafordæmi.

#### DESEMBER

- ◆ Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hafði umsjón með skráningu N1 í Kauphöll Íslands.
- ◆ Arion banki var valinn banki ársins 2013 á Íslandi af tímaritinu The Banker, sem er gefið út af The Financial Times.
- ◆ Greiningardeild bankans hélt morgunfund þar sem hún kynnti horfur á fasteignamarkaði fram til ársins 2015 og gaf samhlíða út skýrslu um fasteignamarkaðinn.
- ◆ Félag í rekstri Stefis, SF IV slhf., keypti allt hlutfé í Skeljungu og færeyska olúfélaginu P/F Magn.
- ◆ Tilkynnt var um stofnun nýrrar viðskiptasmiðju fyrir verkefni og fyrirtæki í orku-tengdum iðnaði og þjónustu, Startup Energy Reykjavík. Arion banki er einn stofnaðila viðskiptasmiðjunnar.

## ▶ HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS

- ◆ Benedikt Olgeirsson og Björgvin Skúli Sigurðsson komu nýir inn í stjórn Arion banka í stað Jóns G. Briem og Bjargar Arnardóttur, en hún var varamaður Freys Þórðarsonar sem hætti í stjórn fyrir á árinu þegar hann tók við framkvæmdastjórastöðu hjá Arion banka.
- ◆ Arion banki styrkti jólaúthlutun Hjalparstarfs kirkjunnar, Mæðrastyrksnefndar og Rauða kross Íslands. Hverju félagi um sig var veittur styrkur að upphæð tvær milljónir króna, en starfsfólk gaf einnig jólagjafir til styrktar Mæðrastyrksnefnd.
- ◆ Undirritaður var kaupsamningur milli Eikar fasteignafélags hf. og Arion banka hf. um kaup Eikar á öllu hlutafé í fasteignafélaginu Landfestum ehf. Eik mun greiða fyrir kaupin með nýju hlutafé og verður Arion banki þar með stærsti hluthafi Eikar ef samþykki Samkeppniseftirlitsins fæst.
- ◆ Samningar tókust á milli Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. og Arion banka um uppgjör á Drómaskuldabréfinu frá 2009. Samningarnir fólu í sér að Arion banki eignaðist einstaklingslán sem áður voru í eigu Dróma, Frjálsa og Hildu.

# EFNAHAGS- UMHVERFIÐ

Efnahagsbatinn hélt áfram á árinu 2013. Hagvöxtur tók vel við sér samhliða því sem verðbólga og atvinnuleysi héldu áfram að lækka. Fjárhagsleg skilyrði heimila bötnuðu enn frekar og fyrirtækja einnig að nokkru leyti. Hallarekstur ríkissjóðs hélt áfram að minnka og það stefnir í hallalaus fjárlög á árinu 2014. Ferðapjónusta hefur verið leiðandi í vexti utanríkisviðskipta á árinu 2013 og er einn af aðal drifkröftum hagkerfisins. Líklegt er að hún verði áfram leiðandi í vexti á næstu árum, en útlit er fyrir áframhaldandi efnahagsbata. Ýmis batamerki eru á eignamörkuðum en bæði fasteigna- og hlutabréfamarkaðurinn sóttu í sig veðrið á árinu. Nokkrir áhættuþættir eru þó til staðar, þeir helstu snúa einkum að losun fjármagnshafta, þungum endurgreiðsluferli annarra aðila en ríkissjóðs á komandi árum, uppgjörum föllnu bankanna og að einhverju leyti hagvaxtarhorfum hjá helstu viðskiptalöndum Íslands.


## HAGVÖXTUR TEKUR VIÐ SÉR

Efnahagsbatinn hélt áfram á árinu 2013 og var gangur hagkerfisins umtalsvert betri en væntingar höfðu staðið til eftir lakan vöxt árið á undan. Einkaneysla hélt áfram að vaxa og framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar varð jákvætt á ný. Fjárfesting (án skipa og flugvéla) óx einnig á ný eftir að hafa verið í mikilli lægð frá árinu 2008 og sjást nú merki þess að fjárfestingavilji sé til staðar í hagkerfinu. Landsframleiðslan á engu að síður nokkuð í land með að ná fyrri hæðum, en framleiðslustigið í dag er enn tæplega 4% undir því sem það var þegar fjármálakreppan skall á í árslok 2008.


Bati á vinnumarkaði hélt áfram og virðist hafa smám saman sótt í sig veðrið eftir því sem leið á árið. Hlutfall starfandi einstaklinga hækkaði og á sama tíma fjölgaði heildarvinnustundum. Í upphafi ársins 2013 stóð atvinnuleysi í 5,8% en mældist í lok árs 4,4%. Helstu vísbendingar um vinnumarkaðinn benda til áframhaldandi bata og að heildarvinnustundum fjölgi og atvinnuleysi minnki enn frekar í takt við aukin umsvif í þjóðarbúskapnum.

Það sem er einkum jákvætt við minnkandi atvinnuleysi er að það skýrist ekki af því að fólk sé að yfirgefa vinnumarkaðinn. Þeim sem eru utan vinnumarkaðar hefur fækkað og það eru fleiri að flytja til landsins heldur en frá því. Skýringin virðist því einkum sú að fólk er að fara í launaða vinnu. Eins og sést á mynd á bls. 24, er atvinnuleysi hérlendis ekki mikið í alþjóðlegum samanburði.

Hagvöxtur  
% raunbreyting á VLF




Landsframleiðsla á föstu verðlagi  
vísitala = 100% árið 2008




Heimild: Hagstofa Íslands

## ► EFNAHAGSUMHVERFIÐ

### Atvinnuleysi árið 2013 miðað við ársmeðaltal




### Atvinnuleysi




### FJÁRFESTINGARSTIGIÐ AÐ TAKA VIÐ SÉR

Fjárfestingarstig á Íslandi hefur haldist í sögulegu lágmarki undanfarin ár og verið langt undir langtíameðaltali. Eitthvað virðast hafa byrjað að rofa til á árinu 2013 og var atvinnuvegafjárfesting ein af ástæðum þess að hagvöxtur var meiri en almennt hafði verið búist við á árinu. Kannanir sem gerðar voru seinni hluta ársins bentu einnig til meiri fjárfestingavilja meðal fyrirtækja en þær sem framkvæmdar voru á fyrri hluta ársins. Fjárfesting á þó enn nokkuð í land til þess að ná langtíameðaltali sínu og er mikilvægt að fjárfesting nái sér almennilega á strik ef öflugur hagvöxtur á að nást á næstu árum. Einnig er mikilvægt að gjalddeyrisskapandi fjárfesting aukist til að unnt sé að taka fleiri skref við losun fjármagnshafta.

### Fjárfestingarstigið á Íslandi frá árinu 1970 fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu



### Fjölgun/fækkun starfa breyting frá fyrra ári




### ÁFRAMHALDANDI AFGANGUR Á VIÐSKIPTUM VIÐ ÚTLÖND

Undirliggjandi viðskiptajöfnuður þjóðarbúsins hefur batnað verulega síðan 2008 og hefur skilað að meðaltali rúmlega 5% afgangi sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

## EFNAHAGSUMHVERFIÐ

### Viðskiptajöfnuður sem hlutfall af VLF




\* Án reiknaðra tekna og gjalda innlánsstofnana í slitameðferð og án Actavis fram til ársins 2012.

Heimild: Seðlabanki Íslands

Lágt raungengi hefur stutt við útflutningsgreinar á undanförunum árum en raungengi í dag er um 16% lægra en meðalraungengi síðustu áratuga. Þrátt fyrir að útflutningur hafi vaxið hraðar en innflutningur á árinu 2013 jókst afgangur utanríkisviðskipta ekki verulega þar sem viðskiptakjör héldu áfram að rýrna. Ál- og sjávarafurðir veða tæplega helming af heildarútflutningi landsins og verð bæði sjávarafurða og áls lækkaði umtalsvert á árinu 2013. Viðskiptakjör héldu því áfram að rýrna og voru um 17% lakari á árinu 2013 heldur en þau voru áður en þau tóku að rýrna árið 2007.


Þjónustuútflutningur hefur breyst verulega á síðustu árum og vaxið jafnt og þétt samhliða fjölgun ferðamanna til landsins en frá árinu 2000 hefur fjöldi þeirra tvöfaldast. Enn eitt metið var slegið í fjölda ferðamanna til landsins á árinu 2013 og varð útflutningur þjónustu rúm 40% af heildarútflutningi Íslendinga, eftir að hafa verið um 35% árið 2010. Þar af voru tekjur af ferðamönnum tæplega 27% af heildarútflutningi, en höfðu verið um 19% árið 2010.

### Fjölgun ferðamanna og vöxtur þjónustuútflutnings




Heimildir: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa

### Raungengi miðað við verðlag



Heimild: Seðlabanki Íslands

### Verð á sjávarafurðum og áli verðvísitala sjávarafurða = 100 sept. 00




Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

## ► EFNAHAGSUMHVERFIÐ

### ÞUNGUR ENDURGREIÐSLUFERILL Í ERLENDUM GJALDEYRI

Fram undan er þungur endurgreiðsluferill fyrirtækja og opinberra aðila í erlendum gjaldeyri. Frá falli bankakerfisins hefur aðgengi innlendra aðila annarra en ríkissjóðs að erlendum lánsfjármörkuðum verið afar takmarkað. Gert er ráð fyrir lítilsháttar afgangi af viðskiptum við útlönd á næstu árum og því mun hann ekki duga til að mæta afborgunum næstu ára. Ef aðgengi innlendra aðila að erlendum lánsfjármörkuðum á viðunandi kjörum skánar ekki er ljóst að semja verður um endurfjármögnun skulda, einkum endurgreiðslu á skuldabréfi Landsbankans til gamla bankans. Endurgreiðsluferill annarra fyrirtækja og opinberra aðila (annarra en ríkissjóðs og Landsbankans) er að lækka og mun halda áfram að lækka á næstu árum og valda því minnkandi þrýstingi á krónuna. Að öðrum kosti verður verulegur þrýstingur á gengi krónunnar á komandi árum til að mæta fyrirhuguðum útgreiðslum.

Áætlaðar afborganir annarra aðila en ríkissjóðs í milljörðum króna og sem hlutfall af viðskiptajöfnuði ársins 2013



Heimild: Seðlabanki Íslands

Íslenska krónan (GVT)




Heimild: Seðlabanki Íslands

### VERÐBÓLGA HEFUR LÆKKAÐ UMTALSVERT

Verðbólga lækkaði töluvert á árinu og Seðlabankinn hélt stýrivöxtum óbreyttum allt árið. Verðbólgan var engu að síður yfir markmiði Seðlabankans allt árið og mældist tólf mánaða verðbólga 4,2% í árslok. Töluverð óvissa ríkir um framhaldið einkum vegna áhrifa lánaniðurfellinganna sem boðaðar hafa verið af ríkisstjórninni en einnig vegna nýrra lengri tíma kjarasamninga sem undirrita þarf á árinu 2015. Seðlabankinn hefur ítrekað gefið vaxtahækkunum undir fótinn ef endurskoðun kjarasamninga samrýmist ekki hjöðnun verðbólgunnar í átt að markmiði bankans og bent á mikilvægi aðhalds í ríkisfjármálum. Þá hefur bankinn einnig talið að huga verði að því hvernig draga má úr verðbólguþrýstingi sem myndast vegna áhrifa niðurfellingar verðtryggðra húsnæðislána.

Ýmsir þættir munu valda verðbólguþrýstingi á komandi misserum. Þar á meðal er gert ráð fyrir þrýstingi af vinnumarkaði og fasteignamarkaðurinn mun halda áfram að hækka og því er fasteignamarkaðurinn líklegur til að leika stærra hlutverk í verðbólguþrýstingi á næstunni.

Ársverðbólga breyting á VNV frá fyrra ári



Heimild: Seðlabanki Íslands


## ► EFNAHAGSUMHVERFIÐ

### ÓVISSA MEÐ FORSENDUR FJÁRLAGAFRUMVARPS ÁRSINS 2014

Matsfyrirtækin Fitch, Moody's og S&P staðfestu láns hæfiseinkunnir Íslands á árinu 2013. Hjá Moody's er láns hæfi Íslands metið Baa3 en horfunum var breytt úr neikvæðum í stöðugar í febrúar 2013 vegna þess að dregið hafði úr áhættu sem fylgdi úrskurði EFTA-dómstólsins í janúar. Hjá S&P er láns hæfi Íslands metið BBB- en horfunum var breytt úr stöðugum í neikvæðar í júlí 2013 vegna áhættu sem tengist ríkis fjármálum. Fitch hélt aftur á móti horfunum áfram stöðugum og er láns hæfi fyrir erlendar langtímaskuldbingar BBB og fyrir innlendar BBB+. Bæði Fitch og Moody's sendu frá sér tilkynningu í kjölfar kynningar á útfærslu leiðréttingar húsnæðisskulda almennings og töldu hana ekki hafa umtalsverð áhrif á ríkissjóð.

Hallarekstur ríkissjóðs hefur farið minnkandi undanfarin ár og ef áætlun stjórnvalda gengur eftir næst afgangur af frumjöfnuði á árinu 2014. Þá er gert ráð fyrir afgangi á rekstrargrunni sem yrði mikilvægt skref í átt að lægri skulda-stöðu ríkissjóðs. Það yrði þá í fyrsta sinn í sex ár sem ekki væri halli á ríkissjóði.

#### Heildarjöfnuður ríkissjóðs sem hlutfall af VLF



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið


Töluverð óvissa er til staðar sem getur haft áhrif á forsendur í áætlunum stjórnvalda og má lítið út af bera til þess að væntingar um afgang af frumjöfnuði nái ekki fram að ganga. Ber þar helst að nefna áform ríkissjóðs um að fram- lengja fimm ára skuldabréf sem ríkissjóður lagði inn í Seðlabankann við upphaf krepunnar. Einnig er einhver óvissa um tekjuaukningu í tengslum við bankaskatt sem lagður verður á bú banka í slitameðferð og hversu mikið fjármagn mun verða sett í Íbúðalánasjóð. Á móti kemur að arðgreiðslur frá Íslandsbanka, Landsbankanum og Arion banka vegna ársins 2013 eru þó nokkuð meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir.

## ► EFNAHAGSUMHVERFIÐ

### EIGNAMARKAÐIR GEFA TIL KYNNA AUKNA BJARTSÝNI

Hlutabréfamarkaðurinn tók hressilega við sér á árinu 2013. Þrjár nýskráningar voru á hlutabréfamarkaði og jókst markaðsvirði skráðra bréfa um u.þ.b. 130 ma.kr. Nemur heildarmarkaðsvirði skráðra félaga á íslenska hlutabréfamarkaðnum um 29% af landsframleiðslu í dag. Frekari nýskráningar eru fyrirhugaðar á árinu 2014. Þrátt fyrir að hlutabréfamarkaðurinn hafi vaxið umtalsvert á undanförunum tveimur árum er markaðurinn umtalsvert minni í hlutfalli við landsframleiðslu en sambærilegir markaðir erlendis. Aftur á móti hæðist um á skuldabréfamarkaði á árinu og var veltan svipuð á milli ára.

Markaðsvirði skráðra hlutabréfa sem hlutfall af VLF




Heimildir: Alþjóðabankinn, greiningardeild Arion banka

Fasteignamarkaðurinn hélt áfram að sækja í sig veðrið. Aukin umsvif í hagkerfinu, vaxandi kaupmáttur, minnkandi atvinnuleysi, lágir raunvextir og aukin lýðfræðileg eftirspurn eru þættir sem styðja við markaðinn og munu að öllum líkindum gera það áfram á komandi árum. Þá hafa fjárhagsleg skilyrði heimila batnað með lækkandi skuldum og hækkun eigna.

Gjaldeyrishöftin hafa til lengdar neikvæð áhrif á hagvöxt ásamt því sem þau bjaga fjármálamarkaði og eignaverð í landinu. Í kjölfar hrunsins hefur mikið fjármagn verið fast í hagkerfinu en á sama tíma hafa fáir fjárfestingarkostir verið í boði. Fjármagnið hefur fyrst og fremst leitað í ríkistrygðar eignir (innlán og skuldabréf), bæði vegna þess að áhættufælni hefur verið mikil ásamt því sem mun meira framboð hefur verið af áhættuminni eignum en öðrum. Afleiðing þessa eru lágir vextir skuldabréfa í skjóli hafta.

Samspil umsvifa í hagkerfinu og húsnæðisverðs raunbreyting milli ára




Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, greiningardeild Arion banka



## EFNAHAGSUMHVERFIÐ


Þrátt fyrir að áhrifa hafta hafi greinilega gætt á ríkisskuldabréfamarkaði á undanförnum árum, er ekki að sjá að áhrifa þeirra hafi gætt á öðrum eignamörkuðum (hlutabréfa- og fasteignamarkaði). Hækkunar á mörkuðum undanfarin misseri má réttlæta út frá almennum bata í hagkerfinu. Eftir því sem gjaldeyrishöftin festa sig í sessi, eykst hins vegar hættan á að bóllumyndun eigi sér stað á öðrum eignamörkuðum. Undir lok árs tilkynnti Seðlabanki Íslands hins vegar um sölu á eignum úr Eignasafni bankans (ESI) sem getur haft töluverð áhrif á framboð fjárfestingakosta og lausafjár á markaði og þar af leiðandi á vaxtastig og verðbólgu á Íslandi. Til lengri tíma dregur hún úr líkum á ósjálfbærri hækkun eignaverðs með því að draga úr lausafjargnótt á fjármálamörkuðum. Verðbólguþrýstingur lækkar því að öðru óbreyttu.

Umsvif aukast ár frá ári  
fjöldi þinglýstra kaupsamninga á höfuðb.sv.




Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, greiningardeild Arion banka

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra bréfa  
frá 2. janúar 2009 til 27. desember 2013



Heimild: Seðlabanki Íslands

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra bréfa  
frá 2. janúar 2009 til 27. desember 2013



Heimild: Seðlabanki Íslands

1 AF HVERJUM 20  
HEFUR SAFNAÐ FYRIR  
REIÐHJÓLI



## SPARNAÐUR

---

Það er gott að spara. Arion banki býður fjölbreyttar sparnaðarleiðir. Til að kynna sparnaðarkosti bankans var ákveðið að horfa til helstu ástæðna sem liggja að baki sparnaðar hvers og eins. Gerð var könnun, þar sem fólk var spurt að því fyrir hverju það hefði safnað sér. Afraksturinn var síðan nýttur á skemmtilegan hátt til að kynna ólíkar sparnaðarleiðir og gagnsemi sparnaðar almennt.



# STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

## STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING ARION BANKA HF.

Stjórnarháttayfirlýsingu þessari er ætlað að stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila, s.s. starfsmannabankans og almennings. Stjórnarhættir bankans tryggja grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku, með það að markmiði að skapa varanleg verðmæti.

Stjórnarháttayfirlýsing Arion banka hf. (Arion banki eða bankinn) byggist á lögum og reglum og viðurkenndum leiðbeiningum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur bankans er staðfestur af stjórn. Yfirlýsingin er nánar tiltekið gerð í samræmi við 3. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 4. útgáfu, útgefinni af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Ísland hf. og Samtökum atvinnulífsins í mars 2012.

## LÖG OG REGLUR

Arion banki er fjármálafyrirtæki og hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Bankinn er alhliða banki sem veitir viðskiptavinum sínum þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta. Þá hefur bankinn gefið út skuldabréf sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, í Noregi og í Lúxemborg, og fellur því undir upplýsingaskyldu útgefanda skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og samkvæmt reglum viðkomandi kauphalla.

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur eftirlit með starfsemi Arion banka á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Nánari upplýsingar um FME og yfirlit yfir helstu lög og reglur sem gilda um bankann á hverjum tíma, auk leiðbeinandi tilmæla eftirlitsins, má finna á heimasíðu þess, [www.fme.is](http://www.fme.is). Í starfsemi bankans reynir jafnframt á ýmsa aðra löggjöf sem tengist rekstri fyrirtækja.

## INNRA EFTIRLIT, ENDURSKOÐUN OG REIKNINGSSKIL

### Innri endurskoðun

Innri endurskoðandi er skipaður af stjórn og heyrir beint undir hana. Stjórn setur innri endurskoðanda erindisbréf sem skilgreinir ábyrgð og umfang í vinnu hans. Hlutverk innri endurskoðunar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur bankans. Endurskoðunin nær yfir bankann sjálfan, dótturfélög og lífeyrissjóði í rekstri hans.

Erindisbréf innri endurskoðanda, leiðbeinandi tilmæli FME um störf endurskoðunardeilda fjármálafyrirtækja nr. 3/2008 og alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun móta endurskoðunina. Skoðunum innri endurskoðunar bankans lýkur með endurskoðunarskýrslu þar sem settar eru fram áhættumiðaðar athugasemdir með tímasettum kröfum um úrbætur. Innri endurskoðun fylgir úrbótum eftir ársfjórðungslega. Hjá innri endurskoðun störfuðu níu starfsmenn í lok árs 2013.

## ▶ STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

### Regluvarsla og aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Arion banki leitast við að greina hvers konar hættu á misbrestum á því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum og hefur gripið til viðeigandi ráðstafana til þess að lágmarka slíka hættu.

Innan bankans starfar sjálfstæður regluvörður í samræmi við erindisbréf stjórnar. Regluvörður hefur einkum eftirfarandi hlutverki að gegna:

- ◆ Að fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni ráðstafana og aðgerða sem gripið hefur verið til með það að markmiði að lágmarka hættu á misbrestum við að uppfylla skyldur bankans samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- ◆ Að veita starfsmönnum bankans nauðsynlega fræðslu, ráðgjöf og aðstoð til þess að þeir geti uppfyllt skyldur bankans samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, lögum um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og samkeppnislögum.
- ◆ Að rannsaka og tilkynna lögreglu um grun um peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka og tilkynna FME um grun um markaðssvik. Regluvarsla framkvæmir einnig sjálfstæðar rannsóknir ef upp kemur grunur um brot gegn samkeppnislögum.

Regluvörður heyrir beint undir bankastjóra og gefur bankastjóra reglulega skýrslu um störf sín. Þá gefur regluvörður stjórn árlega skýrslu, auk þess að gefa endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar skýrslu ársfjórðungslega. Regluvörður hefur heimild til að skjóta málum beint til stjórnar, ef hann telur slíkt nauðsynlegt.

Regluvarsla Arion banka var með sex starfsmenn í árslok 2013.

### Áhættustýring

Mikilvægur þáttur í starfsemi allra fjármálafyrirtækja er að taka áhættu að vel yfirveguðu máli og samkvæmt fyrir fram skilgreindri stefnu. Þannig tekur Arion banki áhættu í samræmi við áhættustefnur og ferla bankans sem eru reglulega endurskoðaðir og samþykktir af stjórn bankans. Sú áhættustefna sem stjórn setur bankanum speglast í útlána- og áhættuheimildum sem áhættustýringarsvið bankans hefur eftirlit með. Stjórn ber ábyrgð á innra matsferli bankans fyrir eiginfjárþörf, en meginmarkmið ferlisins er að tryggja skilning á heildaráhættum bankans og tryggja að til staðar séu viðeigandi kerfi til að greina, mæla og hafa eftirlit með heildaráhættu bankans.

Áhættustýringarsvið bankans starfar undir stjórn framkvæmdastjóra áhættustýringar. Sviðið er sjálfstæð stjórnunareining og ber beina ábyrgð gagnvart bankastjóra. Innan áhættustýringarsviðs starfa fimm einingar sem gegna því hlutverki að greina, fylgjast með og gefa reglulega upplýsingar um áhættur bankans til bankastjóra og stjórnar.

Nánari upplýsingar um áhættu- og eiginfjárstýringu er að finna í kaflanum um áhættustýringu og í áhættuskýrslu bankans.

Í áhættustýringu voru 28 starfsmenn í árslok 2013.



## ▶ STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

### Endurskoðun og reikningsskil

Fjármálasvið Arion banka sér um gerð reikningsskila og eru þau gerð samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IFRS. Bankinn birtir uppgjör sín almenn- ingi ársfjórðungslega en að jafnaði eru stjórnendauppgjör lögð fyrir stjórn 10 sinnum á ári. Endurskoðunar- og áhættunefnd tekur árs- og árshlutareikninga bankans til skoðunar auk þess sem ytri endurskoðendur kanna og endurskoða reikningsskilin tvisvar á ári. Endurskoðunar- og áhættunefnd gefur álit sitt á reikningsskilunum til stjórnar, sem samþykkir og undirritar birt reikningsskil.

### UMBOÐSMAÐUR VIÐSKIPTAVINA

Umboðsmaður viðskiptavina er skipaður af bankastjóra. Hlutverk hans er að tryggja sanngirni og hlutlægni, koma í veg fyrir mismunun gagnvart viðskipta- vinum og tryggja að ferli við meðferð mála sé gegnsætt og skriflegt. Umboðs- maður viðskiptavina tók til skoðunar 186 mál á árinu 2013, samanborið við 268 mál árið 2012.

### HORNSTEINAR, SIÐAREGLUR OG SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Hornsteinar Arion banka eru heiti yfir gildi bankans. Hornsteinarnir eiga að vera leiðbeinandi við ákvarðanatöku og í öllu sem starfsfólk bankans gerir og segir. Þeir koma inn á hlutverk, hugarfar og hegðun. Hornsteinar Arion banka eru: Gerum gagn. Látum verkin tala. Komum hreint fram.

Stjórnendur og starfsfólk Arion banka er meðvitað um þá staðreynd að starfsemi bankans snertir mismunandi hagsmunaaðila og samfélagið í heild. Siðareglur bankans eru hugsaðar sem viðmið fyrir starfsfólk til að stuðla að ábyrgri ákvarð- anatöku innan bankans. Siðareglurnar eru settar fram af stjórn, bankastjóra, framkvæmdastjórn og öðru starfsfólki bankans.

Eitt grundvallarlögmál samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja er að heildarhags- munir þeirra og samfélagsins fari saman. Arion banki er ábyrgur þegn í íslensku samfélagi og tekur sem slíkur virkan þátt í uppbyggingu þess og framþróun. Samfélagsleg ábyrgð bankans liggur ekki síst í því að bankinn ræki hlutverk sitt af kostgæfni, tryggi viðskiptavinum sínum öfluga þjónustu og vinni með þeim í þeim verkefnum sem þeir taka sér fyrir hendur. Bankinn styður einnig við vel valin málefni sem bæta mannlíf og efla, og er áhersla lögð á stuðning við eftirfarandi málaflokka: Nýsköpun, umhverfismál, fjármálafræðslu, íþróttir, menningu og góðgerðarmál. Mörg þessara verkefna kalla á virkan þátt starfsmanna, en það er lykill að því að árangur náist.

### STJÓRN OG UNDIRNEFNDR

Stjórn Arion banka fer með æðsta vald í málefnum bankans á milli hluthafafunda eins og nánar er skilgreint í lögum, reglum og samþykktum. Stjórn annast þann þátt rekstrar bankans sem ekki telst til daglegs rekstrar, þ.e. tekur ákvarðanir um mál sem eru óvenjuleg eða meiri háttar. Þá er ein af megin skyldum stjórnar að sinna eftirlitshlutverki með starfsemi bankans. Stjórn hittist að lágmarki tíu sinnum á ári. Starfsreglur stjórnar og undirnefnda hennar taka m.a. mið af lögum og áður nefndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Starfsreglur

## ▶ STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

stjórnar má finna á vefsíðu bankans. Að öðru leyti starfar stjórn eftir lögum og reglum sem eru í gildi á hverjum tíma og er hlutverk hennar skilgreint ítarlega í starfsreglum stjórnar sem settar eru m.a. með vísan til 2. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2010 og samþykktu bankans.

Ein af meginskyldum stjórnar Arion banka er að ráða bankastjóra sem fer með daglegan rekstur í samræmi við þá stefnu sem hún setur. Stjórn bankans og bankastjóri leggja sig fram um að sinna störfum sínum af heilindum og tryggja að bankinn sé rekinn á heilbrigðan og traustan hátt með hagsmuni viðskiptavina, samfélagsins, hluthafa og bankans sjálfs að leiðarljósi, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Þá sér bankastjóri til þess að stjórn fái fullnægjandi stuðning til að sinna sínum skyldum.

Stjórn Arion banka er kjörin á hluthafafundi til eins árs í senn. Á aðalfundi Arion banka, 21. mars 2013, voru kjörnir sjö stjórnarmenn auk jafnmargra varamanna. Stjórnarmenn Arion banka eru með fjölbreyttan bakgrunn og mikil breidd er í hæfni þeirra, reynslu og þekkingu. Þann 13. maí hætti Freyr Þórðarson í stjórninni, hann er í dag framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs. Þann 18. desember hætti Jón G. Briem í stjórn bankans. Í stað Freys og Jóns voru skipaðir á hluthafafundi 18. desember, Benedikt Olgeirsson og Björgvin Skúli Sigurðsson.

Upplýsingar um óhæði stjórnarmanna voru ekki gerðar opinberar á vefsíðu bankans fyrir hluthafafund bankans þann 21. mars 2013, m.a. þar sem framboð komu seint fram. Upplýsingar voru birtar á vefsíðu bankans eftir aðalfundinn. Fundargerðir aðalfunda og hluthafafunda eru sendar hluthöfum bankans í kjölfar funda en hafa ekki verið birtar á vefsíðu bankans, m.a. vegna núverandi hluthafafyrirkomulags.

Árið 2013 fundaði stjórn Arion banka 13 sinnum. Um forföll var að ræða á þremur fundum. Í einu tilviki forfallaðist stjórnarmaður með skömmum fyrirvara og sendi sín atkvæði fyrir fund með tölvupósti og því var ekki þörf á að kalla til varamann. Í öðrum tilvikum forfallaðist stjórnarmaður og var þá kallaður til varamaður í hans stað.

Stjórnarformaður er ábyrgur fyrir starfi stjórnarinnar og stýrir því. Stjórnarformaður stýrir fundum stjórnar og sér til þess að nægur tími fari í umræðu mikilvægra mála og að mál sem snúa að stefnumótun séu rædd ítarlega. Stjórnarformanni er ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir bankann nema að þau séu eðlilegur hluti af skyldum hans.

Á fyrsta skipulagða fundi stjórnar eftir aðalfund skipar stjórn nefndarmenn í undirnefndir úr sínum röðum ásamt því að meta hvort ráða beri utanaðkomandi nefndarmenn í einstakar undirnefndir með það að markmiði að styrkja starf þeirra með aukinni sérfræðiþekkingu. Einn nefndarmanna endurskoðunar- og áhættunefndar, Guðjón Gústafsson, er ekki stjórnarmaður en hann er óháður bæði bankanum og hluthöfum hans. Eftirfarandi nefndir eru undirnefndir stjórnar:

- ◆ Endurskoðunar- og áhættunefnd: Meginhlutverk hennar er m.a. að yfirfara erindi sem snúa að endurskoðun og áhættu og stjórn þarf að taka ákvörðun um. Regluleg verkefni nefndarinnar eru m.a. yfirferð yfir skýrslur innri eftirlitsaðila, endurskoðun á áhættustefnu, yfirferð yfir árs- og árshlutauppgjör til að tryggja gæði þeirra upplýsinga sem þar koma fram og óhæði endurskoðenda félagsins.

## ▶ STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

- ◆ Lánanefnd: Meginhlutverk hennar er lána-, fjárfestingar- og sölutryggingamál sem eru umfram þær heimildir sem undirnefndir hennar hafa.
- ◆ Starfskjaranefnd: Meginhlutverk hennar er að veita stjórn ráðgjöf vegna starfskjara bankastjóra og annarra starfsmanna sem ráðnir eru beint af stjórn. Regluleg verkefni á fundum nefndarinnar eru m.a. endurskoðun á starfskjarastefnu, starfsmannastefnu, launadreifingu og endurskoðun á hvatakerfi, ef það er til staðar.

Stjórn bankans hefur ákveðið að ganga lengra en kveðið er á um í leiðbeiningum um stjórnhætti fyrir tækja hvað varðar upplýsingaskýldu undirnefnda. Stjórn fær á hverjum fundi fundargerð síðasta fundar hvarrar undirnefndar ásamt því að hafa aðgang að öllum gögnum undirnefnda.

Lánanefnd stjórnar fundaði 14 sinnum árið 2013. Endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar fundaði sex sinnum. Starfskjaranefnd stjórnar fundaði fimm sinnum. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir mætingu einstakra stjórnarmanna.

Stjórnarmaður	Tímabil	Stjórn	Endursk. - og áhættunefnd	Lána- nefnd	Starfskjaranefnd
Monica Caneman	1. jan. - 31. des.	13		14	
Guðrún Johnsen	1. jan. - 31. des.	13	6		5
Agnar Kofoed-Hansen	1. jan. - 31. des.	13		14	5
Benedikt Olgeirsson*	18. des. - 31. des.				
Björg Arnardóttir**	23. maí - 18. des.	8		8	
Björgvin Skúli Sigurðsson*	18. des. - 31. des.				
Freyr Þórðarson***	1. jan. - 13. maí	5		5	
Jón G. Briem	1. jan. - 18. des.	11	2		5
Máns Höglund	1. jan. - 31. des.	12	6	12	
Þóra Hallgrímsdóttir****	21. mars - 31. des.	10	4		
Ólafur Örn Svansson*****	26. sept. / 22. okt.	2			
Guðjón Gústafsson*****	1. jan. - 31. des.		5		

\*Benedikt Olgeirsson og Björgvin Skúli Sigurðsson komu nýir inn í stjórnina á hluthafafundi 18. desember 2013. Ekki voru haldnir stjórnarfundir eftir 18. desember á árinu 2013.

\*\*Björg Arnardóttir sat sem varamaður frá 1. janúar 2013. Hún var kölluð inn fyrir Frey Þórðarson sem hætti í stjórn 13. maí 2013. Hún sinnir áfram skyldum varamanns í kjölfar hluthafafundar 18. des. 2013.

\*\*\*Freyr Þórðarson hætti í stjórninni 13. maí 2013. Hann er í dag framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Arion banka.

\*\*\*\*Þóra Hallgrímsdóttir sat sem varamaður frá 1. janúar 2013. Hún var skipuð aðalmaður á hluthafafundi 21. mars 2013.

\*\*\*\*\*Ólafur Örn Svansson sat sem varamaður fyrir Jón G. Briem sem forfallaðist á tvo fundi.

\*\*\*\*\*Guðjón Gústafsson er nefndarmaður í endurskoðunar- og áhættunefnd. Hann er ekki stjórnarmaður.

Stjórn Arion banka framkvæmir árlega árangursmat þar sem hún metur störf sín, nauðsynlegan fjölda stjórnarmanna, samsetningu stjórnar m.t.t. reynslu og hæfni, verklag og starfshætti, frammistöðu bankastjóra, árangur sinn sem og störf undirnefnda m.t.t. framangreindra þátta. Þetta mat framkvæmdi stjórn síðast á fundum sínum og á milli funda á tímabilinu 22. október til 11. desember 2013. Helstu niðurstöður úr matinu voru að stjórn var sammála um að störf hennar og bankastjóra væru í góðu horfi, að upplýsingaflæði stjórnenda til stjórnar væri til fyrirmyndar og að samskipti við bankastjóra væru mjög góð.




## ► STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR



Stjórn Arion banka, aftari röð frá vinstri: Benedikt Olgeirsson, Agnar Kofoed-Hansen, Máns Höglund, Þóra Hallgrímsdóttir og Björgvin Skúli Sigurðsson. Fremri röð frá vinstri: Monica Caneman stjórnarformaður og Guðrún Johnsen varaformaður stjórnar.

### STJÓRNSKIPUN ARION BANKA



## ► STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

### STJÓRN ARION BANKA

#### MONICA CANEMAN, STJÓRNARFORMAÐUR

Monica er fædd árið 1954. Hún er sænsk og býr í Svíþjóð. Hún var fyrst kjörin sem stjórnarmaður á hluthafafundi 18. mars 2010. Hún er ekki hluthafi í Arion banka og er óháður stjórnarmaður. Monica er jafnframt formaður lánanefndar stjórnar.

Monica útskrifaðist með BS-gráðu í hagfræði frá Stockholm School of Economics árið 1976.

Um þessar mundir situr Monica í stjórnnum margra fyrirtækja og félagasamtaka og er formaður nokkurra þeirra. Hún starfaði hjá Skandinaviska Enskilda Banken (nú SEB) frá 1977 til 2001. Monica gegndi ýmsum störfum innan viðskiptabankahluta bankans. Árið 1995 tók hún sæti í framkvæmdastjórn og varð aðstoðarforstjóri 1997. Samtímis varð hún varamaður í stjórn bankans. Monica lét af störfum í bankanum 2001. Síðan hefur hún einbeitt sér að setu í stjórnnum fyrirtækja.



#### GUÐRÚN JOHNSEN, VARAFORMAÐUR

Guðrún er fædd árið 1973. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á hluthafafundi 18. mars 2010. Hún er ekki hluthafi í bankanum. Guðrún er formaður starfskjaranefndar stjórnar og situr jafnframt í endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar.

Guðrún lauk MA-prófi í hagnýtri hagfræði frá University of Michigan, Ann Arbor í Bandaríkjunum, árið 2002 og ári síðar MA-prófi í tölfraði frá sama skóla. Hún lauk BA-prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands 1999.

Guðrún starfar í dag sem lektor í fjármálum við viðskiptadeild Háskóla Íslands. Frá 2009 til 2010 starfaði Guðrún sem yfirrannsakandi í rannsóknarnefnd Alþingis þar sem hún leitaði orsaka og atburða sem leiddu til falls íslenska bankakerfisins árið 2008. Hún var lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík frá 2006 til 2013. Á árunum 2004 til 2006 starfaði Guðrún sem sérfræðingur í fjármálakerfisdeild Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hún var aðstoðarkennari og aðstoðarmaður í rannsóknum hjá University of Michigan, Ann Arbor frá 2002 til 2003. Guðrún starfaði sem verðbréfamíðlari hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. (FBA) á árunum 1999 til 2001. Hún sat í stjórn Rekstrarfélags MP Fjárfestingarbanka hf. og er stjórnarformaður ÞOR ehf. (Þróunar og rannsókn).



#### AGNAR KOFOED-HANSEN

Agnar er fæddur árið 1956. Hann var fyrst kjörinn sem varamaður í stjórn Arion banka á hluthafafundi 18. mars 2010. Agnar var svo kjörinn sem aðalmaður á aðalfundi bankans 24. mars 2011. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Agnar á sæti í starfskjaranefnd stjórnar og lánanefnd stjórnar.

Agnar lauk meistaraþrófi í rekstrarverkfræði frá Danmarks tekniske Universitet árið 1983. Þá stundaði hann nám á meistarastigi með áherslu á fjármálagreiningu, bókhald, framsetningu stjórnendaupplýsinga og markaðsfræði við viðskiptadeild MIT, Sloan, í Bandaríkjunum. Agnar lauk prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1981. Hann er auk þess með próf í verðbréfavíðskiptum.



## ► STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

Agnar starfar nú sem rekstrar- og stjórnunarráðgjafi á vegum Intellecta ehf. Hann var framkvæmdastjóri fjármála og tölvumála hjá HRV ehf. á árunum 2008 til 2013. Frá 2000 til 2007 starfaði Agnar sem framkvæmdastjóri SPRON Factoring hf. Á árunum frá 1989 til 2000 var hann m.a. forstöðumaður Verðbréfasviðs Kaupþings hf., framkvæmdastjóri hjá Upplýsingaþjónustunni ehf. og stjórnarmaður og forstöðumaður skýrsludeildar hjá Creditinfo Lánstrausti hf. Agnar starfaði hjá Iðnaðarbanka Íslands hf. sem forstöðumaður lánasviðs frá 1987 til 1989 og sem sölu- og markaðsstjóri hjá Þróun hf. frá 1983 til 1987.

### BENEDIKT OLGEIRSSON

Benedikt er fæddur árið 1961. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi 18. desember 2013. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður.

Benedikt lauk meistaraþrófi í framkvæmdaverkfræði og verkefnastjórnun hjá University of Washington í Seattle árið 1987. Hann hefur einnig lokið námskeiðum tengdum stjórnun, rekstri og fjármálum, m.a. við Wharton Business School og Harvard Business School. Benedikt lauk prófi í byggingaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1986.

Benedikt hefur verið aðstoðarforstjóri Landspítalans frá 2010. Á árunum 2005 til 2009 starfaði hann sem framkvæmdastjóri hjá Atorku hf. Benedikt var framkvæmdastjóri Parlogis ehf. frá 2004 til 2005. Hann starfaði sem stjórnandi hjá Eimskip hf. frá 1993 til 2004 sem forstöðumaður flutningamiðstöðvar í Sundahöfn, forstöðumaður innanlandsflutninga og síðast sem forstöðumaður Eimskips hf. í Hamborg. Frá 1988 til 1992 starfaði Benedikt sem verkefnastjóri við mannvirkjagerð. Benedikt var stjórnarmaður í Promens hf. frá 2005 til 2010. Hann sat einnig í stjórn InterBulk Group, sem er skráð í Kauphöllinni í London, frá 2007 til 2010. Auk þess var Benedikt stjórnarformaður Icepharma hf. og Parlogis ehf. frá 2005 til 2007.



### BJÖRGVIN SKÚLI SIGURÐSSON

Björgvin er fæddur árið 1974. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi 18. desember 2013. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður.

Björgvin lauk doktorsprófi í stjórnunarfræði og verkfræði frá Stanford árið 2005. Hann lauk meistaraþrófi í hagfræði og fjármálum frá sama skóla árið 2002. Björgvin lauk prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1998.

Í dag starfar Björgvin sem framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar- sviðs Landsvirkjunar. Frá 2010 til 2013 starfaði hann við skuldafjármögnun hjá Deutsche Bank í London. Á árunum 2008 til 2010 starfaði Björgvin hjá LBHL Services Limited við uppgjör á afleiðuviðskiptabók Lehman Brothers í London. Frá 2005 til 2008 starfaði Björgvin sem sérfræðingur í skuldatryggingum á markaðssviði Lehman Brothers í London.



## ► STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

### MÅNS HÖGLUND

Måns er fæddur árið 1951. Hann er sænskur og býr í Portúgal. Hann var fyrst kjörinn sem aðalmaður í stjórn Arion banka á aðalfundi hans 24. mars 2011. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Måns er formaður endurskoðunar- og áhættunefndar stjórnar og situr í lánanefnd stjórnar.

Måns útskrifaðist með BS-gráðu í hagfræði frá Stockholm School of Economics árið 1975.

Frá 2002 til 2011 starfaði Måns hjá Swedish Export Credit Corporation (SEK) sem framkvæmdastjóri fyrirtækjaþjónustu með sæti í framkvæmdastjórn bankans. Á árunum 1999 til 2002 vann hann fyrir bæði Unibank (sem forstöðumaður yfir Svíþjóð) og Nordea (sem forstöðumaður einkabankaþjónustu, Svíþjóð). Frá 1991 til 1999 starfaði Måns hjá Swedbank, m. a. sem forstöðumaður fyrirtækjasviðs. Árið 1984 hóf hann störf hjá Götabanken í London en færði sig svo til Stokkhólms innan sama banka árið 1989 þar sem hann starfaði sem forstöðumaður alþjóðafjármálasviðs til 1991. Måns gegndi ýmsum störfum hjá Hambros Bank í London frá 1977 til 1984, m.a. sem svæðisstjóri fyrir Danmörku og Ísland í tvö ár. Áður starfaði hann við kennslu og vann við rannsóknir hjá Stockholm School of Economics.



### ÞÓRA HALLGRÍMSDÓTTIR

Þóra er fædd árið 1974. Hún var fyrst kjörin sem aðalmaður í stjórn bankans á aðalfundi hans 21. mars 2013 eftir að hafa setið sem varamaður í stjórn síðan á aðalfundi bankans þann 24. mars 2011. Hún er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Þóra á sæti í endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar.

Þóra lauk kandiðatsprófi í lögfræði við Háskóla Íslands árið 2000 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2002.

Þóra hefur síðan árið 2011 starfað sem sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík í váttrygginga-, samninga- og skaðabótarétti. Fyrir þann tíma starfaði Þóra hjá tveimur tryggingarfélögum. Hjá Tryggingamiðstöðunni hf. frá 2000 til 2005 og hjá Sjónvá-Almennum tryggingum hf. frá 2005 til 2011. Þóra situr í stjórn Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs ses., tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins, stjórn Lögfræðingafélags Íslands og er framkvæmdastjóri Tímarits lögfræðinga. Hún er einnig formaður í úrskurðarnefnd í váttryggingamálum og formaður úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, tilnefnd af ráðherra.



### VARAMENN Í STJÓRN

Björg Arnardóttir, viðskiptafræðingur, sat sem varamaður í stjórn frá 13. maí til 18. desember 2013, Böðvar Jónsson, framkvæmdastjóri Byggingafélags námsmanna, Guðrún Björnsdóttir, viðskiptafræðingur og framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta, Hrönn Ingólfsdóttir, viðskiptafræðingur og starfar hjá Isavia, Kirstín Þ. Flygenring, hagfræðingur, Ólafur Arnason, sviðsstjóri hjá verkfræðistofunni Eflu, og Ólafur Örn Svansson, hæstaréttarlögmaður.

## ► STJÓRN OG STJÓRNARHÆTTIR

### SAMSKIPTI STJÓRNAR OG HLUTHAFA

Stjórnarformaður sér um samskipti fyrir hönd stjórnar og bankans við hluthafa á milli löglega boðaðra hluthafafunda sem eru meginvettvangur upplýsingagjafar til hluthafa. Jafnframt hafa hluthafar, fyrir tilstuðlan stjórnar, komið á ársfjórðungslegum fundum þar sem bankastjóri kynnr árs hlutauppgjör bankans.

### BANKASTJÓRI

Bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri bankans. Bankastjóri veitir stjórn skýrslur um rekstur og fjárhag bankans og öll mikilvæg atriði sem geta haft áhrif á rekstur og efnahag bankans. Um ábyrgð og skyldur bankastjóra er að öðru leyti vísað til VII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, og IX. kafla laga um hlutafélög. Starfsskyldur bankastjóra og ábyrgð hans taka mið af því lagaumhverfi sem um bankann gildir á hverjum tíma og þeim reglum sem stjórn bankans kann að setja.

Bankastjóri Arion banka er Höskuldur H. Ólafsson. Höskuldur er ekki hluthafi í bankanum og við hann hafa ekki verið gerðir kaupréttarsamningar.

### UPPLÝSINGAR UM BROT Á LÖGUM OG REGLUM OG DÓMSMÁL

Arion banka hefur ekki verið sýnað um skráningu, heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti eða starfsemi. Bankinn hefur ekki sætt afturköllun, ógildinguna eða uppsögn skráningar, heimildar, aðildar eða leyfis.

Upplýsingar um dómsmál tengd Arion banka er að finna í skýringum með ársreikningi samstæðu bankans.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi var yfirfarin og samþykkt af endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar og stjórn bankans á fundi hennar 26. febrúar 2014.

# YFIRSTJÓRN


HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON

## Bankastjóri

Höskuldur er fæddur árið 1959. Hann tók við stöðu bankastjóra Arion banka í júní 2010. Áður, eða frá árinu 2006, gegndi Höskuldur starfi forstjóra Valitor hf. Hann starfaði hjá Eimskip í 17 ár þar sem hann sinnti margvíslegum stjórnunarstörfum, þar á meðal stöðu aðstoðarforstjóra fyrirtækisins. Höskuldur hefur jafnframt setið í stjórnnum fjölmargra félaga og fyrirtækja hér á landi og erlendis. Hann er formaður stjórnar Samtaka fjármálafyrirtækja og situr í stjórn Evrópsku bankasamtakanna (EBF). Höskuldur útskrifaðist með cand. oecón.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1987.



## SKIPURIT





## ► YFIRSTJÓRN

### VIÐSKIPTAEININGAR

#### FREYR ÞÓRÐARSON

##### **Framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs**

Freyr er fæddur árið 1973. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Arion banka í júní 2013. Frá árinu 2009 til 2013 starfaði Freyr hjá Kaupþingi hf. en þar stýrði hann endurskipulagningar- og endurheimtuverkefnum í skandinavíska eignasafni Kaupþings. Hann hefur starfað í fjármála- og bankageiranum frá árinu 2001, bæði á Íslandi og erlendis, lengst af hjá Straumi fjárfestingarbanka, en einnig hjá Gnúpi fjárfestingarfélagi og Íslandsbanka/Glítini. Áður starfaði Freyr hjá átöppunarfyrirtækinu IcelandSpring/Þórsbrunnur við verksmiðjuuppbyggingu og stjórnun á árunum 1999 til 2001. Freyr hefur setið í stjórnnum fyrirtækja, innanlands og erlendis, en hann sat m.a. í stjórn Arion banka frá 2012 til 2013 og í lánanefnd stjórnar bankans. Freyr útskrifaðist með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík árið 2010 og BS-gráðu í viðskiptafræði frá sama skóla árið 2003. Áður stundaði Freyr nám við Universitæt Salzburg í Austurríki og lauk sk. Vordiplom í fjölmiðlafræði árið 1999.



#### HALLDÓR BJARKAR LÚÐVÍGSSON

##### **Framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs**

Halldór er fæddur árið 1967. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra fjárfestingarbankasviðs Arion banka í september 2011. Á árunum 2010 til 2011 var Halldór framkvæmdastjóri fyrirtækjaþjónustu Arion banka. Árið 2009 vann hann fyrir skilanafnd Kaupþings sem framkvæmdastjóri yfir eignasafni bankans á Norðurlöndum. Á árunum 2005 til 2008 starfaði Halldór á útlánasviði Kaupþings banka þar sem hann bar ábyrgð á útlánum á Norðurlöndunum. Á tímabilinu frá 1992 til 2005 gegndi Halldór ýmsum stjórnunarstöðum, lengst sem forstjóri Maritech A/S, alþjóðlegs fyrirtækis sem selur tæknilausnir til sjávarútvegsfyrirtækja. Halldór hefur jafnframt setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja hér á landi og erlendis. Halldór útskrifaðist með BS-gráðu í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands árið 1992 og sem vélaverkfræðingur frá sama skóla árið 1991. Halldór er jafnframt með próf í verðbréfavíðskiptum.



#### HELGI BJARNASON

##### **Framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs**

Helgi er fæddur árið 1969. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs Arion banka í október 2011. Áður, eða frá árinu 2010, starfaði Helgi sem framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Arion banka. Árið 2006 hóf Helgi störf hjá Sjóvá Almennum tryggingum en þar gegndi hann stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra auk þess að gegna stöðu framkvæmdastjóra Sjóvár Almennra líftrygginga. Frá árinu 1997 til 2006 starfaði Helgi sem tryggingastærðfræðingur hjá Alþjóða líftryggingarfélaginu sem í dag heitir OKKAR líftryggingar. Helgi hefur setið í ýmsum stjórnnum, m.a. í stjórn Félags Íslenskra tryggingastærðfræðinga, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fjármálafyrirtækja og er nú formaður stjórnar OKKAR líftrygginga. Helgi útskrifaðist með cand. act.-gráðu í tryggingastærðfræði frá Háskólanum í Kaupmannahöfn árið 1997 og BS-gráðu í stærðfræði frá Háskóla Íslands árið 1992.



## ► YFIRSTJÓRN

### MARGRÉT SVEINSDÓTTIR

#### **Framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs**

Margrét er fædd árið 1960. Hún tók við starfi framkvæmdastjóra eignastýringarsviðs Arion banka í febrúar 2009. Frá 2007 til 2009 starfaði hún sem forstöðumaður samskipta við erlendar fjármálastofnanir innan fjárstýringar Glitnis hf./Nýja Glitnis. Á árunum 1990 til 2007 starfaði Margrét sem forstöðumaður Verðbréfavaktar ásamt eignastýringar einstaklinga hjá Verðbréfamarkaði Íslandsbanka, síðar Eignastýringar Glitnis hf. Frá árinu 1985 til 1988 starfaði hún í lánadeild Iðnaðarbanka Íslands þar sem hún var um tíma forstöðumaður. Margrét hefur setið í fjölmörgum stjórnnum og má þar nefna: Stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta fyrir hönd SFF, stjórn OKKAR líftrygginga hf. og í stjórnnum nokkurra sjóðafyrirtækja í Lúxemborg. Margrét útskrifaðist með MBA-gráðu frá Babson College í Massachusetts í Bandaríkjunum árið 1990 og cand. oecon.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1986. Hún er einnig með próf í verðbréfavíðskiptum.



### STOÐSVIÐ

### JÓNÍNA S. LÁRUSDÓTTIR

#### **Framkvæmdastjóri lögfræðisviðs**

Jónína er fædd árið 1970. Hún tók við starfi framkvæmdastjóra lögfræðisviðs Arion banka í nóvember 2010. Jónína var ráðuneytisstjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu frá 2007 til 2010. Á árunum 2004 til 2007 var hún skrifstofustjóri almennrar skrifstofu í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Frá 2000 til 2004 starfaði Jónína í viðskiptaráðuneytinu sem deildarsérfræðingur á skrifstofu fjármagnsmarkaðar. Á árunum 1996 til 2000 starfaði hún sem lögmaður hjá A&P lögmonnum. Jónína hefur setið í og stýrt fjölmörgum nefndum, m.a. á vegum forsætisráðuneytisins og starfað sem stundakennari, m.a. við lagadeild Háskóla Íslands. Hún var formaður Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á árunum 2003 og 2004. Jónína lauk meistaraþrófi frá London School of Economics and Political Science árið 2010. Hún brautskráðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1996 og fékk málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi ári síðar.



### RAKEL ÓTTARSDÓTTIR

#### **Framkvæmdastjóri þróunar- og markaðssviðs**

Rakel er fædd árið 1973. Hún tók við starfi framkvæmdastjóra þróunar- og markaðssviðs Arion banka í desember 2011. Rakel starfaði sem forstöðumaður verkefnastofu á þróunar- og markaðssviði Arion banka frá 2010 til 2011. Á árunum 2005 til 2010 gegndi hún starfi viðskiptastjóra á upplýsinga- og tækni-sviði Kaupþings banka. Áður starfaði hún sem rekstrar- og þróunarstjóri hjá hugbúnaðarfyrirtækinu TM Software. Rakel útskrifaðist með MBA-gráðu frá Duke University í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum árið 2002 og sem tölvunarfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1997.





## ► YFIRSTJÓRN

### SIGURJÓN PÁLSSON

#### Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs

Sigurjón er fæddur árið 1972. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra rekstrarsviðis Arion banka í október 2011. Á árunum 2009 til 2011 starfaði Sigurjón sem forstöðumaður í fyrirtækjalausnum Arion banka. Hann starfaði í fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka frá 2005 til 2009. Frá 1998 til 2003 gegndi Sigurjón ýmsum stjórnunarstöðum hjá Ístaki hf. Þannig stýrði hann byggingaframkvæmdum og vegaf framkvæmdum samhliða því að vera yfir upplýsingatæknimálum fyrirtækisins. Sigurjón hefur setið í stjórnnum fyrirtækja bæði á Íslandi og erlendis. Sigurjón útskrifaðist með meistaragráðu í stjórnun aðfangakeðju (e. Supply Chain Management) frá MIT árið 2005. Hann lauk meistaragráðu í stjórnun verklegra framkvæmda (e. Construction Management) frá KTH í Stokkhólmi árið 1998. Sigurjón brautskráðist sem verkfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1996. Hann er auk þess með próf í verðbréfavíðskiptum.



### STEFÁN PÉTURSSON

#### Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Stefán er fæddur árið 1963. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra fjármálasviðs Arion banka í ágúst 2010. Stefán hóf störf hjá Landsvirkjun 1991, fyrst sem yfirmaður lánamála en sem deildarstjóri fjármáladeildar frá 1995. Frá árinu 2002 var Stefán framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landsvirkjunar auk þess sem hann sat í samninganefnd fyrirtækisins við orkufrekan iðnað. Stefán var í leyfi frá Landsvirkjun á árinu 2008 er hann stýrði fjárfestingarfélaginu Hydro-Kraft Invest hf. Á árunum 1986 til 1989 starfaði Stefán sem skrifstofustjóri hjá Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins. Stefán hefur gegnt fjölda trúnaðar- og stjórnunarstarfa á undanförunum árum. Hann situr nú í stjórn Landfesta hf. og Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta fyrir hönd SFF. Stefán útskrifaðist með MBA-gráðu frá Babson College í Massachusetts í Bandaríkjunum árið 1991 og cand. oecon.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1986.



## ► YFIRSTJÓRN

### INNRA EFTIRLIT

DR. GÍSLI ÓTTARSSON

#### **Framkvæmdastjóri áhættustýringarsviðs**

Gísli er fæddur árið 1963. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra áhættustýringarsviðs Arion banka í apríl 2009. Á árunum 2006 til 2009 starfaði Gísli í áhættustýringu Kaupþings banka þar sem hann gegndi stöðu forstöðumanns innan rannsóknar- og hönnunardeildar. Frá 2001 til 2006 stýrði Gísli þróun verkfræðihugbúnaðar fyrir MSC.Software í Bandaríkjunum. Frá 1994 til 2001 stýrði Gísli þróun verkfræðiforritsins ADAMS fyrir Mechanical Dynamics Inc. í Bandaríkjunum. Gísli hlaut doktorsgráðu í vélaverkfræði árið 1994 frá University of Michigan og meistara-gráðu í hagnýtri aflfræði árið 1989 frá sama skóla. Árið 1986 lauk Gísli prófi í byggingaverkfræði frá Háskóla Íslands. Hann er auk þess með próf í verðbréfavíðskiptum.



HÁKON MÁR PÉTURSSON

#### **Regluvörður**

Hákon er fæddur árið 1981. Hann tók við starfi regluvarðar Arion banka í apríl árið 2011. Á árunum 2009 til 2011 starfaði Hákon hjá KVASIR Lögmenn í ýmsum málum tengdum bankastarfsemi og fjárhagslegri endurskipulagningu. Á árunum 2006 til 2009 starfaði Hákon sem sérfræðingur á verðbréfasviði Fjármálaeftirlitsins (FME). Á þessum tíma var hann m.a. fulltrúi FME í hópi sérfræðinga vegna bæði MiFID og yfirtökutilskipunarinnar, hjá nefnd evrópskra verðbréfaeftirlita (CESR), auk þess að vera gestafyrirlesari hjá bæði Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Hákon útskrifaðist sem lögfræðingur frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2007. Hann er auk þess með próf í verðbréfavíðskiptum og vottun í aðgerðum gegn peningabætti.



LILJA STEINÞÓRSÐÓTTIR

#### **Innri endurskoðandi**

Lilja er fædd árið 1949. Hún var skipuð innri endurskoðandi Arion banka í október 2008. Lilja starfaði sem innri endurskoðandi hjá Kaupþingi banka á árunum 2006 til 2008. Áður starfaði hún sem innri endurskoðandi hjá Seðlabankanum í átta ár. Árið 1986 stofnaði hún endurskoðunarfyrirtæki á Akureyri sem hún rak í 13 ár. Hún sat í endurskoðunarnefnd Reiknistofu bankanna frá 1998 til 2010, til að byrja með fyrir hönd Seðlabanka Íslands en síðar fyrir hönd Arion banka. Árið 1998 útskrifaðist Lilja með MBA-gráðu frá University of Edinburgh. Hún varð löggiltur endurskoðandi árið 1984 og útskrifaðist með cand. oecon.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1980.



## ► YFIRSTJÓRN

### UMBOÐSMAÐUR

HELGI G. BJÖRNSSON

#### **Umboðsmaður viðskiptavina**

Helgi er fæddur árið 1961. Hann tók við sem umboðsmaður viðskiptavina Arion banka í apríl 2012. Helgi starfaði sem sérfræðingur hjá umboðsmanni viðskiptavina Arion banka frá 2010 til 2012. Á árunum 1999 til 2010 starfaði Helgi sem útibússtjóri hjá Búnaðarbanka Íslands, síðar Kaupþingi banka, í Grafarvogssútibúi. Hann var aðstoðarútibússtjóri Búnaðarbankans á Akureyri frá 1993 til 1999. Á árunum 1989 til 1993 vann Helgi fyrir Skattrannsóknarstjóra. Frá 1987 til 1989 starfaði Helgi sem kennari við Samvinnuháskólann og Háskólann á Bifröst þar sem hann kenndi m.a. reikningshald og framleiðslu- og starfsmannastjórnun. Helgi útskrifaðist sem iðnrekstrarfræðingur frá Tækniskóla Íslands árið 1987.





## ÍBÚÐARLAUSNIR ARION BANKA

---

Viðskiptavinum Arion banka standa til boða fjölbreyttir möguleikar þegar kemur að fjármögnun íbúðarhúsnæðis. Við höfum komið fram með vinsælar nýjungar eins og óverðtryggð lán með bundna vexti til fimm ára, blönduð lán og lækkun afborgana í fæðingarorlofi. Ráðgjafar okkar búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu á þessu sviði og voru í forgrunni kynningarherferðar bankans á árinu 2013.



# STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN

---

Arion banki er fjárhagslega sterkur banki sem býður alhliða fjármálaþjónustu til fyrirtækja og einstaklinga. Við leggjum áherslu á að byggja upp langtíma viðskiptasamband við þá sem þurfa fjölbreytta fjármálaþjónustu og bjóðum persónulega þjónustu og sérsniðnar lausnir. Meginstoðir bankans eru viðskiptabankasvið, fyrirtækjasvið, eignastýringarsvið og fjárfestingarbankasvið.

Markmið okkar er að ná afgerandi stöðu til lengri tíma á íslenskum bankamarkaði hvað varðar arðsemi, skilvirkni og þjónustuframboð. Við leggjum okkar af mörkum til uppbyggingar atvinnulífs og samfélags.

## VIÐ TENGJUM BETUR

Viðskiptavinir okkar eiga sér margvísleg markmið, drauma og áskoranir. Það er hlutverk okkar að hjálpa þeim að láta drauma sína rætast, ná markmiðum sínum og grípa ný tækifæri. Það gerum við með því að tengjast þeim betur.

Við tengjumst viðskiptavinum betur með því að þekkja þá og aðstæður þeirra og skilja hvaða ráðgjöf og þjónustu þeir þurfa til að ná markmiðum sínum. Við bjóðum breitt vöruframboð, erum lausnamiðuð og þróum vörur og þjónustu sem uppfylla þarfir viðskiptavinarins. Við kappkostum að viðhalda góðu viðskiptasambandi til lengri tíma við einstaklinga, fyrirtæki og fjárfesta og fara fram úr væntingum þeirra.

Með framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf hjálpum við viðskiptavinum okkar að taka bestu ákvörðunina fyrir sig.

## BETRI ÞJÓNUSTA MEÐ A PLÚS

Við höfum fjárfest í innleiðingu straumlínustjórnunar og kallast verkefnið A plús. Með A plús hrindum við stefnu bankans í framkvæmd og skipuleggjum daglega starfsemi okkar með það að markmiði að veita enn betri þjónustu og auka ánægju viðskiptavina okkar.

Við hlustum á rödd viðskiptavinarins og setjum hann í aðalhlutverk. Við leggjum okkur fram um að skilja viðskiptavinir okkar, hvaða þarfir þeir hafa og hver upplifun þeirra af þjónustu bankans er. Við leggjum áherslu á samræmda og jákvæða upplifun viðskiptavina á þeim augnablikum sem skipta hann mestu máli.

Við leggjum áherslu á skilvirkni ferla frá upphafi til enda þvert á bankann þar sem við setjum viðskiptavininn í forgrunn. Við eyðum sóun, óstöðugleika og ósveigjanleika og nýtum ávinninginn í að veita sífellt betri þjónustu sem skilar sér í betri upplifun og aukinni ánægju viðskiptavina.

Með A plús leitumst við sífellt við að gera betur í dag en í gær og leitum nýrra leiða til að hjálpa viðskiptavinum okkar að ná sínum markmiðum.

---

Með A plús leitumst við sífellt við að gera betur í dag en í gær og leitum nýrra leiða til að hjálpa viðskiptavinum okkar að ná sínum markmiðum.

## ► STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN

### HORNSTEINARNIR

Hornsteinar Arion banka eru þau gildi sem leiðbeina okkur í daglegum störfum. Þeir eru grunnur að góðum árangri og velgengni til lengri tíma, bæði okkar og viðskiptavina okkar. Hornsteinarnir okkar eru: gerum gagn, komum hreint fram og látum verkin tala.

#### Gerum gagn

Við leggjum grunn að góðum árangri viðskiptavina okkar með því að þekkja þá, markmið þeirra og aðstæður og gerum þeim gagn með fjölbreyttum lausnum og öflugri vörubrúun. Við gerum samfélaginu gagn með því að starfrækja góðan banka og leggjum þannig okkar af mörkum til að hér starfi traust fjármálakerfi. Við vinnum saman, leggjum hvert öðru lið og treystum hvert á annað.

#### Komum hreint fram

Við komum hreint fram, af virðingu og gætum trúnaðar í hvívetna. Við vinnum af heilindum, erum sanngjörn og segjum hlutina eins og þeir eru. Við berum virðingu fyrir samfélaginu og ástundum góða viðskiptahætti. Þannig ávinnum við okkur traust viðskiptavina og samfélagsins.

#### Látum verkin tala

Það skiptir mestu hverju við komum í verk, ekki hvað við segjumst ætla að gera. Við forðumst ekki erfið verkefni heldur tökumst á við þau og vinnum af fagmennsku. Við sýnum áræðni og kjark til að koma hlutunum í framkvæmd og öxlum ábyrgð á verkefnum og ákvörðunum. Við sýnum frumkvæði í samskiptum, sýnum skjót viðbrögð og upplýsum um framgang mála.

### TENGLABANKI TIL FRAMTÍÐAR

Í síbreytilegum heimi er mikilvægt að skilja hvernig þarfir og óskir viðskiptavina munu breytast til framtíðar. Örar tæknibreytingar undanfarinna ára hafa auðveldað aðgengi viðskiptavina að upplýsingum og þjónustu og þarfir og kröfur þeirra verða sífellt meiri og flóknari.

Viðskiptavinir vilja í æríkari mæli geta valið hvar, hvenær og hvernig þeir sækja fjármálaþjónustu – allt eins og hentar hverjum og einum. Þeir vilja fjölbreyttar vörur, sérsníðna þjónustu og valkosti sem uppfylla væntingar þeirra og þarfir. Við leggjum því mikla áherslu á öfluga nýsköpun og stöðuga þróun á þjónustu og starfsemi bankans til að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar til framtíðar.

Lögð verður aukin áhersla á fjármálaráðgjöf og persónulega þjónustu á þeim augnablikum sem mestu máli skipta. Samhliða verður boðið upp á aukna möguleika í sjálfsafgreiðslu á einfaldari þjónustu fyrir þá sem það velja. Við munum áfram leggja mikla áherslu á nýsköpun og þróun fjármálaþjónustu á internetinu og í snjallsímum til að mæta auknum þörfum og kröfum viðskiptavinarins á því sviði.

Þannig munum við hámarka virði þjónustunnar fyrir viðskiptavini okkar á sem hagkvæmasta hátt og styrkja tengslin enn frekar.



## ► STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN

### AUKIÐ FJÁRMÁLALÆSI

Fjármálalæsi verður sífellt mikilvægara þar sem fjölbreyttir valkostir og ör þróun fjármálaþjónustu getur gert fjármálin erfið viðfangs. Fjármálalæsi eykur skilning fólks á eigin fjármálum og þeim valkostum sem í boði eru og auðveldar fólki að taka bestu ákvörðunina fyrir sig.

Við leggjum okkur fram um að auka gagnsæi í þjónustu- og vöruframboði bankans og bjóðum viðskiptavinum okkar fjölbreyttar og ódýrar leiðir til að nálgast upplýsingar og skilja fjármálin betur. Við bjóðum fjölda námskeiða og stöndum fyrir ráðstefnum sem miða að því að auka fjármálalæsi. Við tökum einnig þátt í og hvetjum til upplýstrar umræðu um fjármál og efnahagslíf og veitum viðskiptavinum okkar vandaða fjármálaráðgjöf.

### MIKILVÆGI NÝSKÖPUNAR

Nýsköpun er mikilvæg fyrir bankann og samfélagið og leggur grunninn að þróun og vexti til framtíðar. Með nýsköpun breytum við hugmyndum og þekkingu í nýja tækni og nýjar vörur og leggjum jafnvel grunn að nýjum iðngreinum sem markaðurinn hefur þörf fyrir.

Við leggjum okkar af mörkum til að skapa heilbrigt umhverfi fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki á Íslandi. Með beinum fjárfestingum í sprotafyrirtækjum, aðgengi að fjölbreyttum hópi leiðbeinenda og aðstöðu þar sem frumkvöðlar hafa tækifæri til að hittast, höfum við skapað jákvætt og örvandi umhverfi fyrir framkvæmd nýrra hugmynda og tengt fjárfesta við þau tækifæri.

Nýsköpun innan þroskaðra fyrirtækja er ekki síður mikilvæg fyrir samfélagið. Ör tækniþróun undanfarinna áratuga kallar á stöðuga nýsköpun og framþróun innan fyrirtækja vilji þau vaxa og dafna. Við styðjum fyrirtæki til nýsköpunar með aðgengi að fjármagni og hjálpum þeim þannig að ná markmiðum sínum til framtíðar.

---

Við bjóðum fjölda námskeiða og stöndum fyrir ráðstefnum sem miða að því að auka fjármálalæsi. Við tökum einnig þátt í og hvetjum til upplýstrar umræðu um fjármál og efnahagslíf og veitum viðskiptavinum okkar vandaða fjármálaráðgjöf.



# SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Arion banki sýnir samfélagslega ábyrgð í verki fyrst og fremst með því að sinna hlutverki sínu sem fjármálafyrirtæki af kostgæfni og ábyrgð en einnig með því að taka virkan þátt í samfélaginu sem hann starfar í og uppbyggingu þess. Fjármálafyrirtæki eru ein af grunnstoðum samfélagsins og helsta hlutverk okkar er að styðja einstaklinga og atvinnulíf í að ná sínum markmiðum. Við leggjum áherslu á sanngirni með hagsmuni viðskiptavina, starfsfólks, hluthafa og samfélagsins alls að leiðarljósi.

## NÝSKÖPUN OG STARTUP REYKJAVÍK

Með öflugri nýsköpun geta hugmyndir og þekking orðið að nýrri tækni, nýjum aðferðum eða nýrri vöru hvort sem er innan þroskaðra fyrirtækja eða í frumkvöðlaumhverfinu. Nýsköpun er mikilvæg fyrir vöxt og verðmætasköpun fyrirtækja og leggur grunninn að þróun og vexti samfélagsins til framtíðar.

Arion banki styður fyrirtæki til nýsköpunar með aðgengi að fjármagni og ráðgjöf og hjálpar þeim þannig að ná markmiðum sínum til framtíðar. Við viljum skapa heilbriggt umhverfi fyrir sprotafyrirtæki á Íslandi og höfum staðið að ýmsum verkefnum og viðburðum sem eru beinn og óbeinn stuðningur við nýsköpun í landinu. Þannig tökum við þátt í að skapa jákvætt og örvasandi umhverfi fyrir framkvæmd nýrra hugmynda og tengjum fjárfesta við ný tækifæri.

Stærsta nýsköpunarverkefni Arion banka er Startup Reykjavík sem er samstarfsverkefni Arion banka og Klak Innovit. Markmið Startup Reykjavík er að skapa umhverfi þar sem frumkvöðlar njóta ráðgjafar og leiðsagnar reynslumikilla aðila í þeim tilgangi að gera hugmyndir sínar að veruleika og skapa þannig ný viðskiptatækifæri. Valin eru 10 teymi úr hópi umsækjenda og þeim boðið fjármagn í formi hlutafjár, þjálfun og sameiginleg vinnuaðstaða. Teymin fá einnig tækifæri til að kynna viðskiptahugmyndir sínar fyrir innlendum og erlendum aðilum bæði hvað varðar þróun hugmyndanna sem og mögulega framtíðarfjármögnun.

Startup Reykjavík er fyrsta verkefni sinnar tegundar hér á landi en verkefni sem þessi hafa notið mikilla vinsælda og virðingar víðs vegar um heim hjá fjárfestum og frumkvöðlum. Nú þegar hafa 20 ung fyrirtæki farið í gegnum Startup Reykjavík og munu 10 til viðbótar taka þátt sumarið 2014.

Startup Energy Reykjavík (SER) er viðskiptasmiðja sem byggir á sömu hugmyndafræði og Startup Reykjavík en þar er einblínt á verkefni og fyrirtæki í orkutengdum iðnaði og þjónustu. SER fer fram í fyrsta sinn vorið 2014 en 7 fyrirtæki voru valin til þátttöku úr hópi umsækjenda. SER er samstarfsverkefni Arion banka, Landsvirkjunar, GEORG, Nýsköpunarmiðstöðvar, Klak Innovit og Iceland Geothermal.

Markmið Startup Reykjavík er að skapa umhverfi þar sem frumkvöðlar njóta ráðgjafar og leiðsagnar reynslumikilla aðila í þeim tilgangi að gera hugmyndir sínar að veruleika og skapa þannig ný viðskiptatækifæri.



## ► SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Arion banki hefur þegar fjárfest í 20 nýsköpunarfyrirtækjum í gegnum Startup Reykjavík og munu 10 ný fyrirtæki bætast í hópinn á árinu 2014.



## ▶ SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

### FJÁRMÁLAFRÆÐSLA

Fjármálalæsi er mikilvægara nú en nokkru sinni og það er hluti af samfélagslegri ábyrgð Arion banka að stuðla að bættu fjármálalæsi í þjóðfélaginu. Hröð þróun fjármálaþjónustu og fjölbreyttir valkostir geta gert fjármálin flókin og erfið viðfangs en fjármálalæsi eykur skilning fólks á eigin fjármálum og þeim valkostum sem í boði eru.

Fjármálalæsi nær til ýmissa þátta allt frá því að fylgjast með heimilisfjármálunum, gera áætlanir og setja sér markmið, til stærri ákvarðana eins og kaupa sér húsnæði eða velja lífeyrissparnaðarform. Stórar ákvarðanir í fjármálum geta haft mikil áhrif á lífskjör fólks til framtíðar en með bættu fjármálalæsi tekur fólk betri ákvarðanir byggðar á skilningi og þekkingu.

Viðskiptavinir okkar hafa greiðan aðgang að upplýsingum um eigin fjármál og við bjóðum upp á heimilisbókhald sem eykur skilning og yfirsýn yfir fjármál heimilisins. Við bjóðum fræðslufundi um stórar ákvarðanir í fjármálum eins og fasteignakaup og lífeyrissparnað og höfum á að skipa sérmenntuðum fjármálaráðgjöfum sem veita vandaða og heiðarlega ráðgjöf. Þannig hjálpum við viðskiptavinum okkar að skilja fjölbreytta valkosti fjármálaþjónustu betur og taka bestu ákvörðunina fyrir sig. Það er mikilvægt að byrja snemma og því leggjum við áherslu á fjármálafræðslu ungmenna og hefur fjöldi barna og unglinga sótt fjármálanámskeið bankans um allt land. Við tökum einnig virkan þátt í umræðu um fjármál og efnahagslíf í landinu og stuðlum að opinni umræðu með því að bjóða fjölbreytta fundi og ráðstefnur á ýmsum sviðum fjármála.

Arion banki er aðalbachjarl Stofnunar um fjármálalæsi sem beitir sér fyrir bættu fjármálalæsi í samfélaginu.

### MANNAUÐUR

Mikilvægasta auðlind bankans er starfsfólk hans. Við vinnum markvisst að því að skapa starfsumhverfi þar sem við getum öll vaxið í starfi og eftir kunnáttu okkar.

Arion banki er þekkingarfyrirtæki, skipað starfsfólki með fjölbreytta reynslu og þekkingu. Við sýnum frumkvæði og leitumst stöðugt við að finna ný tækifæri til framþróunar með það að markmiði að efla bankann og okkur sjálf. Við hvetjum til starfsþróunar og bjóðum metnaðarfulla fræðsluáætlun sem veitir öllum starfsmönnum tækifæri til að auka þekkingu sína og færni. Leitast er við að veita starfsmönnum tækifæri til að vaxa til meiri ábyrgðar og stjórnunarstarfa innan bankans eða veita tilfærslu í önnur störf og verkefni.

Við framkvæmum vinnustaðagreiningar á hverju ári með það að markmiði að efla starfsumhverfið og starfsánægju. Mikilvægt er að gott jafnvægi ríki á milli vinnu og einkalífs og er starfsfólk hvatt með ýmsum hætti til að rækta eigin heilsu. Við líðum hvorki einelti eða kynferðislega áreitni né önnur óæskileg samskipti. Það er á ábyrgð okkar allra að koma í veg fyrir slíka hegðun á vinnustaðnum.

Við höfum skýra sýn í jafnréttismálum. Stefna bankans er að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af báðum kynjum og við höfum mótað jafnréttisáætlun þar sem útfærðar hafa verið aðgerðir m.a. vegna launajafnréttis, jafnréttis í tengslum við ráðningar, nefndarsetu og starfsþróun.



## ► SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

### UMHVERFISMÁL

Arion banki hefur það að leiðarljósi að sýna umhverfinu umhyggju og virðingu. Við höfum einsett okkur að fara sparlega með orku í starfsemi, nýta umhverfisvænar lausnir við prentun og stefnum að aukinni hlutdeild pappírslausra viðskipta. Við flokkum sorp frá vinnustöðvum eins og hægt er og veljum umhverfisvænar vörur og þjónustu við innkaup þar sem því verður við komið.

Sérhæfð prentlausn var innleidd hjá bankanum undir árslok 2012 sem hefur haft í för með sér 17% minni pappírnotkun á árinu 2013 en á árinu 2012. Ef einungis er miðað við höfuðstöðvar minnkaði pappírnotkun um 30% milli ára.

Við höfum sett samgöngustefnu sem stuðlar að því að starfsfólk noti vistvænan og hagkvæman ferðamáta. Þannig leggur Arion banki sitt af mörkum til að bæta umhverfi og heilsu starfsfólks bankans sem og allra landsmanna. Við viljum sýna gott fordæmi og efla vitund fólks um vistvænar samgöngur.

### SAMFÉLAGIÐ

Við stöðjum við fjölmörg samtök, félög og verkefni í samfélaginu sem við störfum í. Arion banki er bakhjarl HSÍ, Íþróttasambands fatlaðra og Hörpu tónlistarhúss og styður að auki veglega við góðgerðamál eins og Krabbameinsfélag Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Rauða kross Íslands. Arion banki rekur 25 útibú víðs vegar um landið og leggur hvert útibú áherslu á að styðja við góð málefni í sínu nærumhverfi.

Sérhæfð prentlausn var innleidd hjá bankanum undir árslok 2012 sem hefur haft í för með sér 17% minni pappírnotkun á árinu 2013 en á árinu 2012.



# MANNAUÐUR

Hjá Arion banka er lögð áhersla á að skapa starfsumhverfi sem einkennist af fagmennsku, metnaði, framsækni og góðri samvinnu á milli sviða, starfstöðva og einstaklinga. Starfsfólkið er hjartað í starfsemi Arion banka og kappkostar bankinn að búa vel að starfsfólki sínu.

## KYNJASKIPTING OG ALDURSDREIFING STARFSMANNA

Í upphafi árs 2013 voru 1.016 starfsmenn hjá bankanum í 949 stöðugildum. Alls voru 969 starfsmenn í 911 stöðugildum í lok árs 2013 hjá bankanum, þar af 67% konur og 33% karlar. Nýráðningar voru 60 á árinu, þar af voru 65% konur og 35% karlar. Starfsmannavelta var 10,8%. Fækkun stöðugilda á árinu 2013 var 38.

Kynjaskipting á meðal stjórnenda bankans eru fremur jöfn eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Aldursdreifing er annars fremur jöfn. Meðalaldur starfsfólks Arion banka er 42 ár. Starfsmenn hætta við 67 ára aldur hjá bankanum.

Fjölmargir starfsmenn hafa sýnt bankanum og forverum hans mikla tryggð. Dæmi eru um að starfsmenn séu með meira en 40 ára starfsaldur. Meðalstarfsaldur er 9,7 ár.


## MENNTUN STARFSFÓLKIS

Hlutfall starfsmanna bankans sem eru með háskólapróf er 59%, en háskóla-menntuðum starfsmönnum hefur fjölgað á undanförunum árum.


Starfsþróun er vel sinnt innan bankans, m.a. með markvissri fræðslu starfsfólks og góðu framboði námskeiða. Lögð er áhersla á að starfsfólk fái tækifæri til að efla faglega og persónulega hæfni sína auk þess sem kröfu er gerð um að starfsfólk hafi haldgóða þekkingu á þeim lögum og reglum sem lúta að starfshlutverki þeirra. Við lítum svo á að menntun sé á ábyrgð stjórnenda, en ekki síður starfsmanna sjálfra.

Sem hluta af eflingu þjónustu við viðskiptavini hafa fjármálafyrirtæki á Íslandi staðið fyrir námi fyrir fjármálaráðgjafa einstaklinga. Um er að ræða tveggja anna nám með vinnu. Á undanförunum tveimur árum hafa 23 starfsmenn Arion banka útskrifast úr náminu sem vottaðir fjármálaráðgjafar. Verkefni fjármálaráðgjafanna eru meðal annars ráðgjöf varðandi lán til einstaklinga og viðskipti með verðbréf.


Kynjahlutföll



Kynjaskipting stjórnenda



Aldursdreifing starfsmanna



## ► MANNAUÐUR

Frá haustinu 2012 hefur áhersla verið lögð á námskeið og þjálfun fyrir starfsfólk í tengslum við A plús innleiðingu innan bankans og mun hún halda áfram út árið 2014. A plús er heiti á verkefni sem felst í innleiðingu á aðferðafræði straumlínustjórnunar.

Meðalkostnaður vegna aðkeyptrar fræðslu, ráðstefna og endurmenntunar starfsmanna var 105 þúsund krónur á starfsmann árið 2013.

### STRAUMLÍNUSTJÓRNUN – A PLÚS

Innleiðing á straumlínustjórnun hélt áfram á árinu 2013. Verkefnið krefst nýrra vinnubragða og breyttrar skipulagningar á tíma starfsmanna. Markmið verkefnisins er meðal annars að bæta þjónustu við viðskiptavini og fylgja þannig eftir stefnu bankans um aukin tengsl við viðskiptavini. Breytt vinnubrögð reyna oft á starfsfólk, en við trúum því að með innleiðingunni verði störfin skilvirkari sem skilar sér til viðskiptavina bankans. Stefnt er að því að meiri tíma starfsmanna verði varið í samskipti við viðskiptavini en áður. Hluti af innleiðingu A plús felst í aukinni áherslu á þjálfun stjórnenda og starfsmanna.

### MANNAUÐSSTEFNA ARION BANKA

Í Arion banka starfar þétt liðsheid öflugs starfsfólks. Við erum stolt af vinnustað okkar og vinnum stöðugt að því að bæta okkar árangur og þjónustu við viðskiptavini. Arion banki er tengslabanki og við leggjum okkur fram um að byggja upp góð tengsl við viðskiptavini og samstarfsfólk okkar. Við vinnum af fagmennsku og leitumst við að hugsa í lausnum. Við sýnum sveigjanleika, framsækni og áræðni í öllum okkar verkum.

#### **Við veljum rétta fólk**

Við leggjum áherslu á að innan bankans sé réttur maður á réttum stað. Eftirsóknarverðir eiginleikar í fari starfsmanna eru frumkvæði, sjálfstæði, vilji til að takast á við breytingar, þjónustulund og samskiptahæfni. Við tökum vel á móti nýjum starfsmönnum og veitum nýliðum markvissa þjálfun og fræðslu.

## ► MANNAUÐUR

Við leitumst við að auglýsa laus störf til umsóknar á innra neti, vefsíðum bankans og öðrum miðlum eftir atvikum. Ráðið er í störf eftir vel skilgreindum ráðningarferlum í samvinnu við stjórnendur. Við ráðningar er auk framangreindra eiginleika meðal annars tekið mið af faglegri þekkingu, reynslu, menntun og áhugasviði. Einnig leggjum við áherslu á að umsækjendur uppfylli þá eiginleika sem hornsteinar bankans kveða á um og tekur framgangur starfsfólks mið af því hvernig það tileinkar sér hornsteina bankans í sínum störfum.

Við erum í góðu samstarfi við menntastofnanir landsins og veljum hæfileikaríkt fólk til sumarstarfa. Þannig fáum við tækifæri til að kynnast efnilegu ungu fólki sem um leið öðlast reynslu og leggur jafnvel grunn að framtíðarstarfi hjá bankanum.

### **Við viljum hvetjandi, jákvætt og árangursdrifið vinnuumhverfi**

Við vinnum markvisst að því að skapa starfsumhverfi þar sem við getum öll vaxið í starfi og eflt kunnáttu okkar. Við leggjum hvort öðru lið við dagleg störf og stuðlum að góðum starfsanda. Við áttum okkur á því að aðgerðir okkar – eða aðgerðarleysi – hafa áhrif á okkar samstarfsfólk og upplifun viðskiptavina af þjónustu bankans. Markmið okkar er að fara fram úr væntingum, bæði samstarfsfólks og viðskiptavina.

Arion banki er þekkingarfyrirtæki, skipað starfsfólki með fjölbreytta reynslu og þekkingu. Við sýnum frumkvæði og leitumst stöðugt við að finna ný tækifæri til framþróunar með það að markmiði að efla bankann og okkur sjálf. Við hvetjum til starfsþróunar og bjóðum metnaðarfulla fræðsluáætlun sem veitir öllum starfsmönnum tækifæri til að auka þekkingu sína og færni. Leitast er við að veita starfsmönnum tækifæri til að vaxa til meiri ábyrgðar og stjórnunarstarfa innan bankans eða veita tilfærslu í önnur störf og verkefni.

Lögð er áhersla á góða vinnuástöðu og einkennist vinnuumhverfi bankans af opnum vinnurýmum þar sem tækifæri eru til að deila þekkingu og upplýsingum þar sem við á. Við framkvæmum vinnustaðagreiningar á hverju ári með það að markmiði að efla starfsumhverfið og starfsánægju. Mikilvægt er að gott jafnvægi ríki á milli vinnu og einkalífs og er starfsfólk einnig hvatt með ýmsum hætti til að rækta eigin heilsu. Við líðum ekki einelti eða kynferðislega áreitni né önnur óæskileg samskipti. Það er á ábyrgð okkar allra að koma í veg fyrir slíka hegðun á vinnustaðnum.

---

Við vinnum markvisst að því að skapa starfsumhverfi þar sem við getum öll vaxið í starfi og eflt kunnáttu okkar.

## ▶ MANNAUÐUR

Félagslíf starfsfólks Arion banka er öflugt og starfsmannafélagið Skjöldur annast fjölmargar vel sóttar skemmtanir og fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Starfsfólk á þess einnig kost að leigja sumarhús og íbúðir víðs vegar um landið.

### **Við leggjum áherslu á öfluga forystu og góða stjórnun**

Rík áhersla er á að hjá bankanum starfi öflugir stjórnendur með skýra framtíðarsýn fyrir sínar starfseiningar. Unnið er markvisst að því að þroska leiðtogafærni stjórnenda. Við teljum mikilvægt að stjórnendur bankans búi yfir framúrskarandi samskiptahæfni, gangi á undan með góðu fordæmi, hvetji samstarfsfólk til sjálfstæðis í starfi og veiti þeim umboð til athafna. Starfsfólk fær hvatningu stjórnenda til að sýna frumkvæði og sækja fram í daglegum verkefnum. Það er einnig hlutverk stjórnenda að gæta þess að starfsfólk fái tækifæri til að vaxa í starfi með krefjandi og fjölbreyttum viðfangsefnum. Við leggjum áherslu á að traust ríki milli stjórnenda og starfsfólks og að regluleg og gagnleg endurgjöf sé ávallt hluti af starfi stjórnandans.

### **Við höfum skýra sýn í jafnréttismálum**

Stefna bankans er að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af báðum kynjum. Hvers kyns mismunur á grundvelli kynferðis er í andstöðu við jafnréttisstefnu bankans og jafnréttislög. Bankastjóri Arion banka ber ábyrgð á jafnréttisstefnu en jafnréttisnefnd sér um að fylgja stefnunni eftir í samvinnu við stjórnendur.

Við höfum mótað jafnréttisáætlun þar sem útfærðar hafa verið aðgerðir, m.a. vegna launajafnréttis, jafnréttis í tengslum við ráðningar og nefndarsetu og starfsþróunar. Í jafnréttisáætlun bankans er einnig kveðið á um að starfsfólki skuli gert kleift að samræma starfs- og fjölskylduskilyrði sínar eins og kostur er og karlar jafnt sem konur skulu hvattir til að nýta fæðingarorlofsrétt sinn.

### **Við sýnum ábyrgð**

Við þekkjum hlutverk okkar og öxlum ábyrgð á verkefnum okkar og ákvörðunum.

*Við gerum gagn.* Við túlkum ábyrgð okkar vítt og tryggjum að engin verkefni falli milli skips og bryggju. Við stöndum við orð okkar og ljúkum því sem að okkur snýr.

*Við látum verkin tala.* Sérhver starfsmaður Arion banka er mikilvægur hlekkur í traustri keðju og sýnir ábyrgð í störfum sínum. Við berum sameiginlega ábyrgð á því að skapa góðan liðsanda og sýna hvert öðru virðingu.

## JAFNRÉTTISSTEFNA ARION BANKA

Stefna Arion banka er að hámarka mannauð sinn með því að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsmanna af báðum kynjum og vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir konur jafnt sem karla. Hvers kyns mismunur á grundvelli kynferðis er í andstöðu við jafnréttisstefnu og jafnréttislög. Arion banki leggur áherslu á að starfsfólk bankans komi fram við hvert annað af virðingu og gæti jafnréttissjónarmiða í hvívetna.



## ▶ MANNAUÐUR

*Við komum hreint fram.* Opin skoðanaskipti eru forsendur árangurs og góðra verka. Þannig leggjum við okkur fram um að miðla upplýsingum til samstarfsfólks okkar. Með uppbyggilegum hætti bendum við á það sem betur má fara og erum sjálf móttækileg fyrir ábendingum annarra.


Við gætum þess að hrósa hvert öðru þegar verk eru vel unnin.

Við erum heiðarleg í störfum okkar, gætum ávallt trúnaðar og förum eftir starfs- og siðareglum í hvívetna.

### VINNUSTAÐAGREINING



Einn megintilgangur vinnustaðagreiningar, sem framkvæmd er árlega í Arion banka, er að bæta vinnustaðinn og auka starfsánægju. Greiningin gefur okkur mikilvæga sýn á viðhorf starfsmanna. Nýjasta vinnustaðagreiningin í bankanum var framkvæmd á fyrri hluta ársins 2013 og var niðurstaða hennar mjög góð. Þar sem fram koma þættir sem má bæta innan sviða eða starfsstöðva er unnið með þær niðurstöður og reynt að bæta. Sem hluta af þessu verkefni hefur bankastjóri haldið 10 fundi með samtals 100 starfsmönnum sem eru þverskurður af starfsfólki bankans og hlustað á og rætt hvað betur megi fara.

# HVERNIG VIRKA ÞEIM



☆☆ PIZZA ☆☆  
☆☆ PIZZA ☆☆  
☆☆ PIZZA ☆☆  
☆☆ PIZZA ☆☆

=



=

blóm  
blóm  
blóm  
blóm  
blóm

**FRÁ ÞEIM SEM MÆTTU SÍÐAST:**

„FRABÆRT, ÖÐRUVÍSI, SKEMMTILEGT“  
„KOM Á ÖVART HVAD ÉG KOSTA Á MÁNUÐI“  
„HÉLT ATHYGLI ALLAN TÍMANN“



# NINGAR?



## FJÁRMÁLALÆSI

Arion banki stendur fyrir fjölbreyttri fjármálafræðslu. Tilgangurinn er að efla fjármálalæsi almennings og auðvelda fólki þannig að hafa góð tök á fjármálum sínum og bæta sinn hag. Það er gott að byrja snemma og fengum við tónlistarmanninn og hagfræðinginn Jón Jónsson til liðs við okkur til að ræða við ungt fólk vítt og breytt um landið um fjármál. Arion banki er einnig aðalstyrktaraðili Stofnunar um fjármálalæsi.


# EIGNASTÝRINGAR- SVIÐ

Eignastýringarsvið Arion banka ásamt dótturfélögum er leiðandi í eignastýringu á Íslandi með tæplega 900 ma. kr. í stýringu. Eignastýringarsvið skiptist í eignastýringu fagfjárfesta, einkabankþjónustu og fjárfestingarþjónustu. Eignastýring Arion banka stýrir fjármunum fyrir hönd viðskiptavina samkvæmt fyrir fram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Að auki annast sviðið sölu á sjóðum Stefnis til einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og fagfjárfesta sem og sölu á sjóðum alþjóðafyrirtækja. Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki í eigu Arion banka. Stefnir annast stýringu á fjölbreyttu úrvali verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestastjóða. Nánari upplýsingar um Stefni er að finna í kaflanum um dótturfélög Arion banka. Á eignastýringarsviði störfuðu 35 starfsmenn í 32 stöðugildum í árslok 2013. Framkvæmdastjóri sviðsins er Margrét Sveinsdóttir.

## FJÖLBREYTT ÞJÓNUSTA TIL AÐ MÆTA ÓLÍKUM ÞÖRFUM

Eignastýringarsvið Arion banka sérhæfir sig í að veita viðskiptavinum með ólíkar fjárfestingarþarfir fjölbreytt úrval ávöxtunarmöguleika. Áhersla er lögð á breitt vöru- og þjónustuframboð þar sem hagsmunir viðskiptavina eru ávallt hafðir að leiðarljósi. Nýjungar voru kynntar á árinu fyrir viðskiptavinum í einkabankþjónustu og fengu þær góðar viðtökur. Eignastýringarsvið hefur á að skipa starfsfólki með áratugareynslu og þekkingu. Lagt er upp úr persónulegri þjónustu sem byggist á góðri samvinnu við viðskiptavini. Þannig er lagður grundvöllur að traustu langtímasambandi við viðskiptavini og fjárhagslegum ávinningi þeirra.


Þjónustustig



## STÖÐUGUR VÖXTUR

Árið 2013 var gott hjá eignastýringarsviði og jukust eignir í stýringu um 9,2% á árinu eða alls 76 ma.kr. Þessi vöxtur samanstendur af ávöxtun annars vegar og innflæði nýrra fjármuna hins vegar. Innflæðið var m.a. vegna tilkomu nýrra lífeyrissjóða í stýringu og rekstur, nýrra viðskiptavina í einkabankþjónustu auk nýrra vara. Á heildina litið sýndu eignaflokkarnir góða ávöxtun, þó sérstaklega í íslenskum og erlendum hlutabréfum sem gáfu betri ávöxtun en viðmiðunarvísitölur.

Heildareignir í stýringu Arion banka samstæðunnar milljarðar króna



## ► EIGNASTÝRINGARSVIÐ

### LÍFEYRISAUKI – STÆRSTI OG FJÖLMENNASTI SÉREIGNASJÓÐURINN

Árið 2012 sameinuðust séreignasjóðirnir VISTA og Lífeyrisauki undir nafni Lífeyrisauka. Báðir sjóðirnir voru hluti af vöruúrvali Arion banka og með samningunni var úrvalið einfaldað og eft. Árangur Lífeyrisauka hefur verið góður undanfarin ár eins og ávöxtunin ber með sér.

#### NAFNÁVÖXTUN LÍFEYRISAUKA

Fjárfestingarleið	2013	2012	2011	2010	2009	Sl. 5 ár*	Sl. 10 ár*
Lífeyrisauki 1	7,2%	15,2%	3,1%	0,3%	25,8%	9,9%	7,3%
Lífeyrisauki 2	9,3%	15,2%	7,3%	0,9%	16,6%	9,7%	8,8%
Lífeyrisauki 3	7,4%	11,8%	10,7%	4,8%	15,6%	10,0%	8,9%
Lífeyrisauki 4	6,7%	7,8%	13,6%	7,7%	12,3%	9,6%	8,9%
Lífeyrisauki 5	5,6%	6,7%	8,3%	6,4%	14,5%	8,3%	11,0%
Erlend verðbréf	3,4%	12,1%	-1,1%	-3,9%	32,4%	7,8%	
Innlend skuldabréf	1,9%	5,6%	15,7%	10,8%	14,9%	9,7%	

\*Nafnvöxtun á ársgrundvelli m.v. 31. desember 2013.

Áskilinn er réttur til leiðréttinga.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

Stærð sjóðsins var 55 ma.kr. í lok árs 2013 og jókst um 10% á árinu. Sjóðurinn telur nú um 66 þúsund sjóðfélaga. Þetta gerir Lífeyrisauka að stærsta og fjölmennasta séreignasjóðnum á Íslandi sem tekur einungis við viðbótarlífeyrissparnaði samkvæmt lögum nr. 129/1997.


### NÝJUNG – LÍFEYRISGÁTTIN

Á árinu 2013 var kynnt til sögunnar Lífeyrisgáttin sem opnar sjóðfélögum aðgang að öllum lífeyrisréttindum í samtryggingarsjóðum sem þeir hafa áunnið sér um ævina. Lífeyrisgáttin er aðgengileg sjóðfélögum í netbanka Arion banka og hefur notið töluverðra vinsælda.

### VEL SÓTTIR FRÆÐSLUFUNDIR UM LÍFEYRISMÁL

Á árinu voru haldnir fjölmargir fræðslufundir um lífeyrismál hjá Arion banka. Meðal þess sem var til umfjöllunar voru útgreiðslur lífeyrissparnaðar, lífeyrismál á mannamáli og Frjálsi lífeyrissjóðurinn. Fundirnir mæltust einkar vel fyrir og aðsóknin töluverð sem sýnir vel áhuga fólks á þessum málaflokki.

### Skipting fjárfestingarleiða Lífeyrisauka



## ► EIGNASTÝRINGARSVIÐ

### ÁRANGUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS

Frjálsi lífeyrissjóðurinn er elsti frjálsi lífeyrissjóður landsins. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum sínum ellilífeyri til æviloka og veita þeim tryggingu sem ver þá og fjölskyldur þeirra gegn tekjumissi af völdum örorku eða andláts. Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem er í rekstri hjá Arion banka, er um 132 milljarðar kr. að stærð og sjóðsfélagar eru um 48 þúsund talsins. Sjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða sitt 12% lágmarksiðgjald og hentar jafnframt þeim sem leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað.

#### NAFNÁVÖXTUN FRJÁLSA

Fjárfestingarleið	2013	2012	2011	2010	2009	Sl. 5 ár*	Sl.10 ár*
Frjálsi 1	7,7%	14,1%	9,5%	8,1%	15,4%	10,9%	9,7%
Frjálsi 2	5,8%	8,8%	12,5%	9,4%	9,4%	9,2%	9,7%
Frjálsi 3	4,2%	5,4%	14,7%	8,8%	10,5%	8,7%	10,5%
Frjálsi Áhætta	12,6%	9,8%	13,4%	10,3%	16,0%	12,4%	
Tryggingadeild**	9,2%	10,5%	9,0%	7,8%	9,3%	9,2%	8,8%

\*Nafnvöxtun á ársgrundvelli m.v. 31. desember 2013.

\*\*Skuldabréf eru gerð upp á kaupkröfu.

Áskilinn er réttur til leiðréttinga.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.


#### Besti lífeyrissjóður Evrópuþjóða með undir milljón íbúa

Á árinu 2013 var Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður Evrópuþjóða með undir milljón íbúa af fagtmáritinu Investment Pension Europe (IPE). Þar keppti Frjálsi lífeyrissjóðurinn í hópi landa eins og Lúxemborg, Svafjallalands og Kýpur. Áður hefur Frjálsi lífeyrissjóðurinn hlotið verðlaun IPE sem besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi árin 2009, 2010 og 2011 og sem besti lífeyrissjóður Evrópu í þemaflöknum Uppbygging lífeyrissjóða árið 2005.

#### ÁFRAMHALDANDI ÁVINNINGUR VIÐSKIPTAVINA

Langtímasamband við viðskiptavini skiptir miklu máli í eignastýringu. Þar gildir að vera í góðum tengslum við viðskiptavini, skilja þarfir þeirra eins og þær eru á hverjum tíma og koma með lausnir sem henta. Áfram verður leitast við að skapa og finna fjárfestingarkosti fyrir viðskiptavini til að ávaxta fjármuni þeirra eins og best verður á kosið. Unnið verður sem fyrr að því að skapa áframhaldandi ávinning fyrir viðskiptavini með góðri ávöxtun, faglegum vinnubrögðum og markvissri áhættustýringu, ávallt með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

Skipting fjárfestingarleiða Frjálsa



Alþjóðleg verðlaun Frjálsa lífeyrissjóðsins.



# FJÁRFESTINGARBANKA- SVIÐ

Helstu þjónustupættir fjárfestingarbankasviðs Arion banka eru miðlun hvers kyns markaðsbréfa og fyrirtækjaráðgjöf. Greiningardeild bankans tilheyrir einnig sviðinu en hún gefur reglulega út efnahags- og fyrirtækjagreiningar til viðskiptavina. Hjá sviðinu störfuðu 33 starfsmenn í 32 stöðugildum í lok árs 2013. Framkvæmdastjóri sviðsins er Halldór Bjarkar Lúðvígsson.

## FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka veitir ráðgjöf við kaup, sölu, samruna og yfirtöku á fyrirtækjum og stærri eignarhlutum ásamt því að vera leiðandi umsjónaraðili með skráningum verðbréfa á NASDAQ OMX Íslandi. Meðal viðskiptavina fyrirtækjaráðgjafar eru mörg af stærstu fyrirtækjum landsins og flestir helstu fjárfestar á Íslandi. Teymið býr yfir mikilli reynslu og fjölþættri þekkingu og er áhersla lögð á fagmennsku og vönduð vinnubrögð.

Meðal helstu verkefna fyrirtækjaráðgjafar á árinu 2013 voru skráning á Vátryggingarfélagi Íslands hf. í kauphöll og sala á hlutabréfum Klakka ehf. í VÍS. Á árinu hafði deildin einnig umsjón með gerð lýsingar N1 ehf. og skráningu hlutabréfa félagsins á Aðalmarkað NASDAQ OMX Íslandi. Fyrirtækjaráðgjöf hafði umsjón með gerð lýsingar í tengslum við skuldabréfaútgáfu Skipta hf. og skráningu skuldabréfanna á Aðalmarkað NASDAQ OMX Íslandi. Fyrirtækjaráðgjöf hafði einnig umsjón með sölu á Fram Foods Íslandi hf., sem var í eigu Eignabjargs ehf., dótturfélags Arion banka. Fyrri hluta árs veitti deildin ráðgjöf til seljenda í tengslum við sölu 30% eignarhlutar í Senu ehf. Undir lok árs var gengið frá kaupum SF IV slhf., sem er í rekstri Stefnis hf. dótturfélags Arion banka hf. á Skeljungu hf. og Magn P/F í Færeyjum, en fyrirtækjaráðgjöf veitti kaupanda ráðgjöf. Einnig hefur fyrirtækjaráðgjöf komið að samrunaviðræðum Landfesta ehf., dótturfélags bankans, og Eikar Fasteignafélags hf. Auk annarra verkefna hafði sviðið umsjón með skráningu eignavarinna skuldabréfaflokka á NASDAQ OMX Íslandi sem fagfjárfestasjóðir reknir af Stefni hafa gefið út.

Tilkynnt hefur verið um nokkur af þeim ráðgjafarverkefnum sem fyrirtækjaráðgjöf vinnur nú að, en þar er um að ræða umsjón með endurfjármögnun Reita fasteignafélags hf. og fyrirhugaðri skráningu í kauphöll og umsjón með skráningu HB Granda hf. á Aðalmarkað NASDAQ OMX Íslandi og sölu allt að 32% eignarhlutar í aðdraganda skráningar.





## ► FJÁRFESTINGARBANKASVIÐ

### MARKAÐSVIÐSKIPTI

Markaðsviðskipti sinna miðlun fjármálagerninga til innlendra og erlendra viðskiptavina bankans. Með fleiri skráningum á NASDAQ OMX Íslandi hefur hlutabréfamarkaðurinn á Íslandi öðlast aukna dýpt og er von á fleiri skráningum á árinu 2014. Á meðan stígangi hefur verið á markaði með hlutabréf hefur markaður með ríkistryggð skuldabréf náð ákveðinni metnun. Það hefur því verið góð viðbót fyrir fjárfesta að fá á markað aðra valkosti eins og eignavarða skuldabréfaflokka og fyrirtækjaskuldabréf. Viðskipti á gjaldeyrismarkaði hafa verið að aukast ásamt því að vöruframboðið hefur verið að breikka. Seðlabanki Íslands stóð fyrir nokkrum gjaldeyrisútboðum á árinu sem leið sem eru liður í afléttingu gjaldeyrishafta, en deildin er leiðandi við ráðgjöf tengda gjaldeyrisuppböðum Seðlabankans.

Megináhersla markaðsviðskipta hefur verið á að veita stækkandi viðskiptavinahópi góða þjónustu og aðgang að framúrskarandi þekkingu og kerfum. Áhersla næstu missera mun einnig áfram vera á vörubrúun, til að bjóða fjárfestum fleiri tækifæri til ávöxtunar og áhættudreifingar.

### GREININGARDEILD

Greiningardeild fjallar um íslenskt efnahagslíf og framvindu efnahagsmála, þróun hagstærða og afkomu félaga og atvinnugreina. Greiningardeild gefur reglulega út „Markaðspunkta“ sem sendir eru út til þeirra sem þess óska en þeir eru einnig aðgengilegir viðskiptavinum Arion banka á heimasíðu bankans. Ráðstefnur á vegum greiningardeildar eru haldnar reglulega þar sem kynntar eru nýjar greiningar á vegum deildarinnar m.a. um efnahagshorfur, greiningar á sveitarfélögum, fasteignamarkaði og öðrum atvinnugeirum.

Greiningardeild gegnir mikilvægu hlutverki með því að styðja við önnur svið innan bankans með ítarlegum og góðum greiningum. Samhliða því sem skráningum á NASDAQ OMX Íslandi hefur fjölgað, hefur áhersla verið lögð á að þjóna viðskiptavinum fjárfestingarbankasviðs með greiningum á skráðum fyrirtækjum og fyrirtækjum sem huga að skráningu á komandi misserum.

Greiningardeild hefur fullt sjálfstæði frá öðrum deildum bankans.

### FRAMTÍÐARHORFUR

Framtíðarhorfur og verkefni fjárfestingarbankasviðs taka mið af því efnahagsumhverfi sem landið býr við. Gjaldyrishöftin hafa áhrif á hegðun fjárfesta og takmarka möguleika þeirra til fjárfestinga utan Íslands. Kann þetta því að hamlar vaxtartækifærum fyrirtækja sem og áhættudreifingu hjá fjárfestum. Á meðan gjaldyrishöft takmarka þá fjárfestingarkosti sem völ er á er sú hættu fyrir hendi að blásið sé í eignabólu. Það er því óskandi að fjárfestum takist vel upp á komandi árum að stýra fjármagni sínu þannig að það leiði til sem mestrar verðmætasköpunar fyrir þá sjálfa og þjóðarbúið í heild.

Þróun eignamarkaða undanfarna fjórðunga gefur til kynna aukna bjartsýni á Íslandi. Verð íbúðarhúsnæðis hækkaði töluvert á árinu 2013 auk þess sem umsvif á fasteignamarkaði jukust. Á árinu má búast við áframhaldandi vexti hlutabréfamarkaðarinn en hann tók kröftuglega við sér á síðasta ári. Velta með

---

Megináhersla markaðsviðskipta hefur verið á að veita stækkandi viðskiptavinahópi góða þjónustu og aðgang að framúrskarandi þekkingu og kerfum. Áhersla næstu missera mun einnig áfram vera á vörubrúun, til að bjóða fjárfestum fleiri tækifæri til ávöxtunar og áhættudreifingar.

## ► FJÁRFESTINGARBANKASVIÐ

hlutabréf í Kauphöll Íslands jókst um tæp 190% og nam 240 ma.kr. Aukin velta helst í hendur við fjölgun fyrirtækja í kauphöllinni en þrjú ný fyrirtæki voru skráð á árinu 2013. Sá fjárfestingarbankasvið Arion banka um skráningu tveggja af þessum þremur fyrirtækjum. Það er ánægjulegt að sjá endurskipulagningu öflugra félaga ljúka með skráningu á hlutabréfamarkað og vænta má frekari þróunar í þessa veruna á næstu árum. Búast má við fleiri skráningum fyrirtækjaskulda-bréfa á árinu en á hinn bóginn er ekki útlit fyrir mikla útgáfu af ríkisbréfum þar sem lánsfjárbörf ríkisins hefur dregist saman.

Aukin umsvif undanfarin misseri á verðbréfa- og fjármálamörkuðum ýta undir eftirspurn eftir þjónustu fjárfestingarbankasviðs, bæði hvað varðar fyrirtækja-ráðgjöf og miðlun verðbréfa og gjaldeyris, og eru horfur ágætar fyrir árið 2014. Með vönduðum greiningum og faglegri ráðgjöf hyggjast greiningardeild, fjárfestingarbankasvið og Arion banki í heild leggja sín lóð á vogarskálarnar svo það takist sem best að stuðla að heilbrigðri uppbyggingu verðbréfamarkaðar hér á landi sem og arðsömum fjárfestingum.

# FYRIRTÆKJA-SVIÐ

Fyrirtækjasvið Arion banka veitir stærri fyrirtækjum landsins alhliða fjármálaþjónustu og sérsniðnar lausnir sem þjóna þeirra þörfum hverju sinni. Mörg stærstu fyrirtækja landsins eiga farsælt viðskiptasamband við sviðið og hafa verið viðskiptamenn bankans um áraraðir. Góð samskipti og þekking á þörfum viðskiptavina er grunnur að farsælu langtíma viðskiptasambandi. Það er markmið sviðsins fyrir komandi ár að efla enn frekar tengsl sín við núverandi viðskiptavini og koma á tengslum við framtíðarviðskiptavini. Í árslok 2013 störfuðu 30 starfsmenn í 29 stöðugildum á sviðinu. Framkvæmdastjóri sviðsins er Freyr Þórðarson.

## ÁRANGUR SVIÐSINS Á ÁRINU

Eftirspurn fyrirtækja eftir lánsfé framan af árinu 2013 var hófleg en það breyttist þó er líða tók á árið þegar eftirspurn jókst nokkuð. Fyrirtækjasvið tók þátt í mörgum góðum verkefnum með viðskiptavinum sínum á árinu auk þess sem fjölmörg ný viðskiptasambönd voru mynduð. Mikil aukning var í útlánum til nýrra viðskiptavina og bar þar mest á lánaþyrirgreiðslum til fasteignaverkefna auk verkefna í sjávarútvegi. Á árinu fjármagnaði fyrirtækjasvið verkefni um allt land auk þess sem sviðið fjármagnaði vöxt nýrra og núverandi viðskiptavina sinna erlendis.


Heildarlán fyrirtækjasviðs voru rúmir 248 ma.kr. í árslok 2013 eða 39% af heildarlánasafni bankans. Viðskiptavinir fyrirtækjasviðs endurspeglu breiddina í íslensku atvinnulífi og eru margir hverjir leiðandi í sínum atvinnugreinum. Stærstu atvinnugreinar í lánasafni fyrirtækjasviðs Arion banka eru verslun og þjónusta, 17%, sjávarútvegur, 22%, fasteignafélög, 26%, og fjármála- og tryggingastarfsemi, 9%.

Um mitt ár tók til starfa nýr framkvæmdastjóri á fyrirtækjasviði og innleiðing rekstrarstefnu bankans – straumlínustjórnun undir heitinu A plús – hófst á seinni hluta ársins. Markmiðið með innleiðingunni er að auka skilvirgni í allri starfsemi sviðsins með áherslu á þjónustu við viðskiptavini. Í kjölfar skipulagsbreytinga var skerpt á sérhæfingu innan sviðsins sem nú inniheldur sérhæfð teymi á sviði sjávarútvegs, fasteigna og orku, og verslunar og þjónustu.

## FAGLEG ÞEKking OG GÓÐ TENGSL

Eitt höfuðmarkmið fyrirtækjasviðs er að hafa ávallt á að skipa starfsmönnum með faglega þekkingu á þeim atvinnugreinum sem mynda meirihluta lánabókarinnar hverju sinni. Sérfræðingar og viðskiptastjórar á fyrirtækjasviði hafa viðtæka þekkingu og reynslu af íslensku viðskiptalífi. Starfsmenn sviðsins hafa

Skipting lánasafns fyrirtækjasviðs eftir atvinnugreinum 31.12.2013



## ► FYRIRTÆKJASVIÐ

áralanga starfsreynslu hjá bankanum. Þar má finna einstaklinga sem áður hafa tekist á við fjölbreytt verkefni utan bankans sem sérfræðingar, stjórnendur og stjórnarmenn í fyrirtækjum. Góður skilningur á rekstri viðskiptavina okkar er forsenda þess að veita góða þjónustu og lykll að farsælu viðskiptasambandi.

Fasteignateymi sviðsins hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum allt frá framkvæmdafjármögnun stórra fasteignaverkefna til hefðbundinnar fjármögnunar á atvinnuhúsnæði af ýmsum toga. Sjávarútvegsteymi sviðsins hefur á árinu fjármagnað fjárfestingar viðskiptavina í skipum og verksmiðjum héraendis sem og erlendis. Auk þess hefur teymið fjármagnað verkefni og byggt upp aukna þekkingu í fiskeldi, sem er vaxandi grein í sjávarútvegi. Teymi verslunar og þjónustu hefur komið að uppbyggingu og endurfjármögnun á fjölda rekstrarfélaga, en áhuginn á fjármögnun til fyrirtækjakaupa fer vaxandi. Teymi hafa reynslu og færni til að takast á við flókin og óhefðbundin verkefni sem jafnan krefjast sérhæfðra lausna. Dæmi um slík verkefni sem hafa verið unnin á árinu má nefna stórar verkefnafjármagnanir, fjármagnanir á fyrirtækjakaupum auk vinnu við sambankalán. Á árinu 2013 endurfjármagnaði fyrirtækjasvið Arion banka Skipti, þá móðurfélag Símans, en sú fjármögnun þótti marka tímamót þar sem bankinn fjármagnaði rekstrarfélag sem samhliða gaf út skuldabréf skráð í kauphöll, en fjármögnun bankans og útgáfan voru samhliða tryggð með fyrsta veðrétti.

Fyrirtækjaþjónusta fyrirtækjasviðs sinnir rafrænum fyrirtækjalausnum auk veltufjármögnunar. Til rafræna lausna telst m.a. gjaldeyris- og innheimtukerfi bankans sem og rafræn skjöl og rafrænar birtingar. Það er markmið fyrirtækjaþjónustu að veita framúrskarandi þjónustu á sviði rafræna lausna sem hægt er að nýta sér í gegnum netbanka. Á degi hverjum er fyrirtækjaþjónusta í sambandi við fjölmörg fyrirtæki og leitar eftir því hvernig bæta megi þjónustuna og vöruframboðið enn frekar. Faktoring, eða virk veltufjármögnun, er einn þeirra fjármögnunarkosta sem fyrirtækjasvið hefur upp á að bjóða. Töluverður vöxtur hefur verið bæði í hefðbundinni veltufjármögnun en ekki síður í fjármögnun útflutningskrafna og birgða (e.Trade Finance). Fyrirtækjasvið er í góðu samstarf við Euler Hermes tryggingarfélagið en nýjasta afurðin á sviði trygginga er tryggingaálit sem kynnt var haustið 2013 í samvinnu við Samtök verslunar og þjónustu.

### ÁRIÐ FRAM UNÐAN

Aukning eftirspurnar eftir lánaþyrirgreiðslu á seinni hluta ársins 2013 gefur væntingar um að á árinu 2014 verði áframhaldandi aukning á fjárfestingu í íslensku atvinnulífi. Á árinu ætlar fyrirtækjasvið Arion banka sér að halda áfram að styðja viðskiptavina sína til frekari vaxtar innanlands og erlendis. Áframhaldandi vöxtur er líklegur á fasteignamarkaði hvað varðar fjármögnun íbúðarhúsnæðis og hótellbygginga. Þá er fyrirséð að á árinu 2014 verði fjármögnunarþörf á nokkum stórum verkefnum í orkufrekum iðnaði. Undirliggjandi fjárfestingarþörf í sjávarútvegi er nokkur og gerir fyrirtækjasvið því ráð fyrir auknum umsvifum í þeirri grein á komandi ári. Aukin eiginfjármýndun fyrirtækja mun einnig veita mörgum þeirra svigrúm til athafna. Fram undan eru því spennandi en um leið krefjandi tímar, enda er framboð lánsfjár á Íslandi þónokkuð.

Eitt höfuðmarkmið fyrirtækjasviðs er að hafa ávallt á að skipa starfsmönnum með faglega þekkingu á þeim atvinnugreinum sem mynda meirihluta lánabókarinnar hverju sinni. Sérfræðingar og viðskiptastjórar á fyrirtækjasviði hafa víðtæka þekkingu og reynslu af íslensku viðskiptalífi.

# VIÐSKIPTABANKA- SVIÐ

---

Á viðskiptabankasviði Arion banka fá einstaklingar og lítil og meðalstór fyrirtæki vandaða fjármálaþjónustu í útibúum bankans um land allt, en bankinn starfrækir 25 útibú og afgreiðslur auk þjónustuvers. Megináhersla sviðsins er að mæta þörfum viðskiptavina bankans með fjölbreyttu vöruframboði og faglegri fjármálaráðgjöf. Alls störfuðu 400 starfsmenn í 367 stöðugildum á viðskiptabankasviði í lok árs 2013. Framkvæmdastjóri sviðsins er Helgi Bjarnason.

Starfsfólk viðskiptabankasviðs leggur sig fram við að veita viðskiptavinum Arion banka úrvalsþjónustu – styrkja og efla tengslin við þá. Kjarnastarfsemi sviðsins fer fram í útibúum og þjónustuveri en þar fá viðskiptavinir ráðgjöf um inn- og útlán, þjónustuleiðir, sparnað, greiðslukort, lífeyrissparnað, tryggingar, verðbréf og sjóði. Markvisst hefur verið unnið að því að færa aukin völd, t.d. varðandi útlánaákvæðanir, til útibúanna og þannig nær viðskiptavinum okkar sem hefur gefið góða raun.

## HELSTU VERKEFNI

Á síðastliðnu ári var rík áhersla lögð á aukna skilvirkni í starfsemi sviðsins og var aðferðafræði straumlínustjórnunar höfð að leiðarljósi. Aðferðafræðin og verkefni sem tengjast innleiðingu hennar ganga undir heitinu A plús. Nú þegar hefur meirihluti útibúa bankans farið í gegnum innleiðingu á A plús aðferðafræðinni og er stefnt að því að innleiðingunni verði lokið á seinni hluta árs 2014. Með A plús hefur okkur tekist að ná fram markverðum árangri í að auka skilvirkni í rekstri viðskiptabankans og hefur starfsfólk getað varið sífellt stærri hluta af tíma sínum í ráðgjöf og virðisaukandi þjónustu fyrir viðskiptavinum. Við teljum að þannig komum við best til móts við þarfir viðskiptavina okkar.

Arion banki hefur haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð var fyrir nokkrum árum er varðar þjálfun starfsfólks. Sístækkandi hópur starfsfólks bankans hefur fengið vottun sem fjármálaráðgjafar. Með vottuninni er búið að samræma þær kröfur sem gerðar eru til fjármálaráðgjafa og tryggja að þeir búi yfir nauðsynlegri þekkingu og færni í starfi. Þessi áhersla leiðir af stefnu bankans sem er að rækta og hlúa að tengslum við viðskiptavinum bankans og þannig byggja upp langtíma viðskiptasamband.

---

Sístækkandi hópur starfsmanna bankans hefur fengið vottun sem fjármálaráðgjafar. Með vottuninni er búið að samræma þær kröfur sem gerðar eru til fjármálaráðgjafa og tryggja að þeir búi yfir nauðsynlegri þekkingu og færni í starfi.

## ▶ VIÐSKIPTABANKASVIÐ

### ALHLIÐA FJÁRMÁLAPJÓNUSTA

Í ágúst 2012 setti Arion banki í loftið nýtt snjallsímaforrit, Arion banka appið, sem gerir viðskiptavinum bankans kleift að fylgjast með fjármálum sínum með einum smelli og án innskráningar. Á árinu 2013 var þróun appsins haldið áfram og nú er hægt að nota það bæði til að greiða reikninga með einum smelli, en einnig til að millifæra með flýttigreiðslum. Arion banki hefur þannig náð að halda því forskoti sem bankinn náði með fyrstu kynslóð appsins. Mikil ánægja er með appið meðal viðskiptavina bankans og hefur um þriðjungur þeirra sótt appið, sem er einstaklega góð viðbót við þær fjölbreyttu þjónustuleiðir sem bankinn býður.

Árið 2013 var fyrsta heila starfsár nýrrar einingar á viðskiptabankasviði sem sérhæfir sig í fjármögnun bíla og ýmiss konar tækja fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Þessari þjónustu hefur verið afar vel tekið af viðskiptavinum bankans og heilbrigður vöxtur verið í útlánum á þessu sviði. Með því að nýta alla hefðbundna innviði bankans hefur okkur jafnframt tekist að veita afbragðsgóða þjónustu en um leið tryggja hagkvæmni og skilvirkni í rekstrinum. Það eru mikil tækifæri fólgin í tímabærri endurnýjun bíla- og tækjaflotans á Íslandi og gerum við ráð fyrir áframhaldandi vexti á þessu sviði í bankanum.

### ÚTIBÚANET ARION BANKA

#### LANDIÐ



#### ✧ HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ


✧ **NORÐUR- OG AUSTURLAND**  
Akureyri  
Ólafsfjörður  
Sauðárkrúkur  
Varmahlíð  
Blönduós

✧ **VESTURLAND**  
Borgarnes  
Búðardalur  
Stykkishólmur  
Grundarfjörður  
Hólmavík

✧ **SUÐURLAND**  
Selfoss  
Hveragerði  
Hella  
Kirkjubæjarklaustur  
Vík

## ▶ VIÐSKIPTABANKASVIÐ

### HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ




### ÁFRAMHALDANDI VÖXTUR ÍBÚÐALÁNA

Allt frá árinu 2011 hefur Arion banki verið leiðandi afl á íbúðalánamarkaðnum á Íslandi en bankinn var fyrstur til að bjóða raunhæfan valkost í óverðtryggðri fjármögnun á íbúðarhúsnæði. Á síðasta ári fundum við fyrir talsverðum stíganda í eftirspurn eftir íbúðalánum. Bæði er um að ræða viðskiptavinum sem eru að stíga sín fyrstu skref á markaðnum en einnig hefur áhuginn á endurfjármögnun eldri óhagstæðari lána verið að aukast enda hefur Arion banki lagt áherslu á að bjóða hagstæð kjör. Í lok árs steig Alþingi svo það skref að afnema stimpilgjald á lánaskjölum. Þetta skapar tækifæri fyrir bankann til að sækja enn frekar fram á þessum markaði. Að sama skapi eru þetta góðar fréttir fyrir heimilin í landinu, sem nú hafa enn ríkari ástæðu til að kanna möguleikann á að endurfjármagna óhagstæðari lán og geta þannig hugsanlega aukið ráðstöfunartekjur sínar umtalsvert. Á þessu sviði munu viðskiptavinir okkar njóta sérþekkingar fjármálaráðgjafa bankans sem leggja sig fram við að veita góða þjónustu og faglega ráðgjöf.

### STÆKKANDI LÁNASAFN

Í lok árs 2013 komust Arion banki og Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ) að samkomulagi um uppgjör á Drómaskuldabréfinu frá árinu 2009 sem fól meðal annars í sér að Arion banki eignaðist öll einstaklingslán sem áður voru í eigu Dróma, Frjálsa og Hildu. Stærð safnsins sem fluttist til Arion banka er um 50 milljarðar króna og því umtalsverð viðbót við lán til einstaklinga í bankanum. Þetta samkomulag er mjög mikilvægur áfangi í uppbyggingu bankans en lán til einstaklinga nema nú tæplega helmingi af heildarútlánum til viðskiptavina Arion banka.

Ný íbúðalán 2013  
hlutfall verðtryggðra-  
og óverðtryggðra lána





## ► VIÐSKIPTABANKASVIÐ

### FRAMTÍÐARHORFUR

Með yfirfærslu á lánasafninu frá Dróma, Frjálsa og Hildu fylgja ýmsar áskoranir en jafnframt tækifæri fyrir Arion banka til að byggja upp og styrkja viðskiptasambandið við stóran hóp viðskiptavina. Á fyrri árshelmingi 2014 verður settur mikill kraftur í að vinna úr þessum áskorunum og er stefnan sett á að þeirri vinnu verði að mestu lokið um mitt árið. Stígandi hefur verið í veltu á fasteignamarkaði og er útlit fyrir að fasteignaverð kunnir að hækka á árinu. Það mun hafa jákvæð áhrif á starfsumhverfi viðskiptabankans og felur í sér aukin tækifæri til vaxtar.

Í lok nóvember 2013 kynnti ríkisstjórnin fyrirhugaðar aðgerðir varðandi leiðréttingu verðtryggðra húsnæðislána. Gangi áætlunin eftir munu aðgerðirnar koma til framkvæmda um mitt ár 2014. Bæði er um að ræða lækkun á núverandi lánum vegna verðbólgu umfram ákveðið viðmið á tímabilinu 2007 til 2010 en einnig skattleysi séreignalífeyrissparnaðar við innborgun á höfuðstól í þrjú ár. Það má reikna með því að þessar aðgerðir munu hafa töluverð áhrif á starfsemi viðskiptabankans á árinu enda er lánveitendum ætlað að hafa umsjón með framkvæmd leiðréttingarinnar.

Á fyrri hluta ársins 2014 verður sá frágangur viðskipta sem farið hefur fram í útibúum ásamt þjónustuveri sviðsins sameinaður á einn stað í Borgartúni. Með sameiningunni gefast tækifæri til að bæta vinnuferla og auka gæði og áreiðanleika þeirrar þjónustu. Rekstur bíla- og tækjafjármögnunar hefur gengið vel og góður grunnur verið lagður að frekari sókn á þessum markaði. Þá ætlum við okkur að efla enn frekar þau sex svæði sem útibúaneti bankans er skipt upp í, með tilliti til reynslu og þekkingar.

Á árinu munu útibú okkar við Hlemm og Austurstræti sameinast í nýju glæsilegu útibúi í Borgartúni 18. Nýja útibúið mun setja tóninn varðandi þróun útibúa bankans og styðja við þær áherslur sem bankinn leggur upp með varðandi frumkvæði, ráðgjöf og nánari tengsl við viðskiptavini.

Fram undan eru krefjandi en um leið spennandi tímar sem sterkir innviðir sviðsins munu takast á við.



## ARION APPIÐ

---

Arion banki er brautryðjandi þegar kemur að tækninýjungum sem gera viðskiptavinum bankaviðskiptin auðveldari og fljótlegri. Arion appið er í stöðugri þróun og á árinu 2013 bættust við nýir valmöguleikar. Í Arion appinu geta viðskiptavinir okkar nú greitt reikninga og millifært á þekktu viðtakendur og þá sem fá reglulegar greiðslur. Einn smellur er allt sem þarf.

# DÓTTURFÉLÖG

Arion banki á þrjú dótturfélög sem gegna mikilvægu hlutverki í starfsemi og stefnu bankans til framtíðar. Dótturfélögin starfa á sviði sjóðastýringar, líftrygginga og greiðslumiðlunar og eru viðbót við þjónustuframboð bankans. Dótturfélögin sem um ræðir eru Stefnir, OKKAR líftryggingar og Valitor.

## STEFNIR

Stefnir hf. er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 413 milljarða króna í virkri stýringu. Félagið er að fullu í eigu Arion banka samstæðunnar og starfstöðvar félagsins eru í höfuðstöðvum bankans. Eignir í stýringu félagsins eru í eigu fjölbreytts hóps fjárfesta, allt frá einstaklingum upp í stærstu fagfjárfesta landsins. Eignir sjóðfélaga eru ýmist í verðbréfa-, fjárfestingar- eða fagfjárfestastjóðum, auk þess sem Stefnir hefur gert rekstrarsamninga um stýringu á eignum nokkurra samlagshlutafélaga. Í árslok 2013 var 21 starfsmaður hjá Stefni.


Á árinu 2013 jukust eignir í virkri stýringu úr rúmlega 388 milljörðum króna í 413 milljarða króna, eða um 6,5%. Samfara þessari aukningu varð dreifing milli eignaflokka fjölbreyttari og þar með tekjudreifing félagsins betri. Nýir sjóðir litu dagsins ljós og einstakir eignaflokkar, eins og innlend hlutabréf, stækkuðu umtalsvert.

Starfsmenn félagsins og stjórn lögðu mikla áherslu á að styrkja áfram innviði félagsins. Stjórn Stefnis hefur tileinkað sér góða stjórnarhætti og hefur einsett sér að stuðla að og styðja við ábyrga hegðun og fyrirtækjamenningu innan Stefnis til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila félagsins. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands staðfesti í janúar 2012 að Stefnir væri fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum og var Stefnir fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að hljóta nafnbótina. Í júlí 2013 hlaut félagið endurnýjun staðfestingarinnar. Félagið birtir nú árlega á heimasíðu sinni stjórnarháttayfirlýsingu þar sem greint er frá starfsemi félagsins og áherslum til næstu missera. Mikil áhersla er lögð á gagnsæi og speglast það meðal annars í mikilli upplýsingagjöf á heimasíðu félagsins. Sú upplýsingagjöf er umtalsvert víðtækari en lög og reglugerðir mæla fyrir um. Í mars 2013 varð Stefnir aðili að Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF). Með aðild að samtökunum felst þátttaka í almennri hagsmunagæslu í málefnum íslensks fjármálageira ásamt því að vera aðili í Samtökum atvinnulífsins (SA).

Ávöxtun á helstu eignamörkuðum var ýmist góð eða vel viðunandi á árinu. Fjárfestingarumhverfið var áfram markað af þeim takmörkunum sem gjaldeyrishöftin setja erlendri fjárfestingu. Eignir innlendra lífeyrissjóða héldu áfram að vaxa og mikil áhersla hefur verið lögð á að þróa sjóðaaufurðir sem henta lífeyrissjóðum, tryggingafélögum og öðrum fagfjárfestum. Einstaklingar hafa aftur á móti margir hverjir verið að ganga á eigin sparnað og því hefur vöxtur í sölu sjóðaaufurða til þeirra verið lítil.



Eignir í stýringu  
milljarðar króna



## ► DÓTTURFÉLÖG

Ávöxtun hlutabréfasjóða, jafnt innlendra sem erlendra, var góð á árinu. Innflæði nýs fjármagns var einnig töluvert í hlutabréfasjóðina og leiddi það, ásamt ávöxtun, til þess að hlutabréfasjóðir í stýringu Stefnis stækkuðu um rúm 50% yfir árið. Innlendu hlutabréfasjóðirnir Stefnir ÍS-15 og Stefnir ÍS-5 rúmlega tvöfölduðust að stærð á árinu. Erlendir hlutabréfasjóðir í stýringu Stefnis eru metnir af viðurkenndum erlendum matsfyrirtækjum, Morningstar og Lipper. Sjóðirnir hafa jafnan komið mjög vel út úr matsferli þessara fyrirtækja. Um áramótin voru allir fjórir sjóðir Stefnis með þrjár eða fjórar stjórnur hjá Morningstar og einn sjóðanna með hæstu einkunn hjá Lipper. Góð ávöxtun sjóðanna leiddi til þess að innlendir fjárfestar lögðu sjóðunum til nýtt fjármagn á árinu. Vegna gjaldeyrishafta hafa innlendu fjárfestarnir fyrst þurft að innleysa þessa fjármuni úr öðrum erlendum sjóðum eða erlendum eignum. Hlutdeild erlendra sjóða í stýringu Stefnis meðal erlendra eigna lífeyrissjóða heldur því áfram að vaxa.

### Uppbygging hélt áfram á sviði innlendar framtaksfjármögnunar

Í janúar 2013 var tilkynnt formlega um stofnun nýs framtaksfjárfestingarsjóðs SÍA II. Sjóðurinn er sjö og hálfur milljarður að stærð og því meira en tvöfalt stærri en fyrirrennarinn. Sjóðurinn er framhaldssjóður SÍA I, sem stofnaður var árið 2010 og er nú fullfjárfestur. Undir lok árs 2013 var gengið frá kaupum á öllu hlutafé í Skeljungi og færeyska olúfélaginu P/F Magn en kaupin voru leidd af framtakssjóðnum.

Áhugi fjárfesta beindist einnig að fjármögnun traustra fasteigna. Skuldabréfatými Stefnis stofnaði nokkra fagfjárfestasjóði sem gáfu út eignatryggð skuldabréf til fjármögnunar á atvinnuhúsnæði. Framkvæmdin er sú að fagfjárfestasjóðurinn lánar fasteignafélögum fjármuni með veði í húsnæði sem fjármagnað er, auk annarra trygginga sem tryggja stöðu lánveitanda. Samhliða þessu gefa sjóðirnir út skuldabréf sem seld eru til fagfjárfesta. Fagfjárfestasjóðirnir hafa í framhaldi ákveðinn tímaramma til að ganga frá skráningu skuldabréfanna í Kauphöll Íslands. Á fyrri árshefningu 2013 voru skuldabréf fagfjárfestasjóðanna REG1 og REG2 tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands. Í ágúst mánuði 2013 var svo tilkynnt um töku skuldabréfa fagfjárfestasjóðsins KLS til viðskipta. Unnið er að skráningu skuldabréfa fagfjárfestasjóðsins BRIC ELN.

Umfang blandaðra sjóða hjá félaginu jókst um tæp sjö prósent. Ávöxtun sjóðanna var mjög vel viðunandi og til að mynda var árleg nafnávöxtun Stefnis Samvals 21%. Stefnir Samval er elsti blandaði sjóður í rekstri hér á landi og nær saga hans til 1996. Sjóðurinn hefur því verið einstaklega góður valkostur fyrir almenning, sem vill ávaxta sparnað sinn á ólíkum eignamörkuðum en hefur hugsanlega ekki tíma eða sérþekkingu til að færa fjármuni á milli einstakra fjárfestingarkosta eða eignamarkaða. Að baki sjóðnum eru yfir 3.200 hlutdeildarskráteinishafar og sjóðurinn er því sá sjóður í stýringu Stefnis sem er í eigu flestra aðila. Í byrjun árs 2014 voru fjárfestingarsjóðirnir Stefnir Verðbréfavall 1 og Stefnir Verðbréfavall 2 sameinaðir inn í Samval undir nafni þess síðastnefnda. Eftir sameininguna varð sjóðurinn rúmlega fimm milljarðar króna að stærð og með tæplega 4.000 hlutdeildarskráteinishafa innanborðs.

Þrátt fyrir gjaldeyrishöft, smáan en vaxandi hlutabréfamarkað og litla útgáfu fyrirtækjaskuldabréfa hefur félaginu tekist að laga sig að breyttu umhverfi á síðustu misserum og vera í fararbroddi við þróun nýrra afurða sem mæta kröfum fjölbreytts hóps innlendra fjárfesta.

## ► DÓTTURFÉLÖG

### OKKAR LÍFTRYGGINGAR

OKKAR líftryggingar hf. (Okkar líf) er elsta starfandi líftryggingafélag á Íslandi. Meginhlutverk fyrirtækisins er að veita viðskiptavinum sínum nútíma váttryggingaþjónustu og fjárhagslegt öryggi vegna sjúkdóma, örorku og andláts en jafnframt með arðsemi og hag eiganda félagsins að leiðarljósi. Alls störfuðu 14 manns hjá félaginu í árslok 2013.

OKKAR líf er sjálfstætt starfandi tryggingafélag, óháð öðrum váttryggingafélögum og er starfsemi fyrirtækisins skipt í fjögur svið; váttryggingasvið, fjármála-svið, sölu- og markaðssvið og upplýsinga- og tæknisvið. Félagið hefur frá upphafi verið brautryðjandi í þróun persónuþrygginga hér á landi. Sjúkdómatryggingar, barnatryggingar, örorkuþryggingar og margs konar hóþryggingar eru meðal þess sem félagið hefur haft forystu um að kynna Íslendingum.



#### Helstu verkefni 2013

Árið 2013 var félaginu hagstætt. Vöxtur eigin iðgjalda nam 17% milli ára og var félagið í árslok orðið stærst íslensku tryggingafélaganna sé litið til eigin iðgjalda. Tryggingaleg afkoma var einnig góð og betri en væntingar stóðu til um, arðsemi eigin fjár var 19% og samsett hlutfall 87%. Fjárfestingartekjur jukust milli ára um 15% og gjaldþolshlutfall í árslok 2013 reyndist 2,17.

Árið einkenndist af mikilli söluaukningu milli ára. Sala á OKKAR séreign, sem kynnt var um mitt ár 2012 í samvinnu við eignastýringarsvið Arion banka, fór fram úr björtustu vonum. Einnig var sala á öðrum vörum félagsins mjög góð og umtalsverð aukning varð á fjölda skírteina í stofni félagsins á árinu. Samstarf OKKAR lífs við Tekjuvernd ehf. og Arion banka varðandi sölu og dreifingu á vörum félagsins var farsælt á árinu.

Óhætt er að segja að umhverfið hafi breyst á undanförunum árum og verið heldur óvenjulegt. Í dag hefur samkeppni frá breskum og þýskum líftryggingafélögum aukist og tryggir almenningur sig og sparar í auknum mæli í erlendri mynt. Á sama tíma er íslenskum tryggingafélögum meinað að bjóða vöruframboð í erlendri mynt.

## ► DÓTTURFÉLÖG

Áherslur í rekstri Okkar lífs tengjast sem fyrr þörfum viðskiptavina og vöruframboði en einnig rekstrarlegum þáttum eins og kostnaðaraðhaldi. Á árinu var farið í markaðsátak með það að markmiði að festa betur í sessi nafn félagsins meðal almennings. Einnig var sett á markað ný og byltingarkennd sjúkdómatrygging, þar sem hægt er að endurvekja tryggingu án heilsufarsyfirlýsingar eftir bótagreiðslu. Ákvæði í tilskipun Evrópusambandsins um bann við mismunun í tengslum við vörukaup og þjónustu var haft að leiðarljósi við breytingu iðgjalda á árinu. Iðgjöld líf- og sjúkdómatrygginga eru nú óháð kyni. Ákvæði tilskipunarinnar verður innleitt í íslensk lög 2014.

### **Verkefni fram undan**

Mikilvæg verkefni bíða félagsins á nýju ári. Mikil eftirvænting er fyrir innleiðingu á nýju tryggingakerfi sem hefur verið í smíðum síðastliðin misseri og til stendur að taka í notkun á árinu. Arion banki og OKKAR líf vinna nú að útvíkkun þjónustuframboðs fyrir viðskiptavinum Arion banka og munu á næstunni kynna á markað líftryggingu fyrir þá sem eru með íbúðalán hjá bankanum. Unnið er að fleiri nýjungum í vöruframboði félagsins og áfram verður unnið að undirbúningi innleiðingar Solvency II tilskipunarinnar.

### **Framtíðarhorfur**

Horfur fyrir árið 2014 eru góðar. Hófleg söluaukning er áætluð á árinu í flestum vöruflokkum, bæði í fjölda trygginga og greiddra iðgjalda. Eins er gert ráð fyrir að hlutfall trygginga sem er sagt upp muni halda áfram að lækka. Þrátt fyrir nokkra óvissu í ytra umhverfi, m.a. vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar í tengslum við séreignarsparnað landsmanna, ríkir bjartsýni um langtímahorfur OKKAR lífs og þar skiptir sköpum fyrir framtíð félagsins áframhaldandi gott samstarf við Tekjuvernd og Arion banka.



## ► DÓTTURFÉLÖG

### VALITOR

Valitor er framsækið þjónustufyrirtæki á sviði greiðslumiðlunar sem starfar á alþjóðlegum vettvangi og leggur áherslu á frumkvæði, nýsköpun og traust. Hlutverk félagsins er að skapa viðskiptavinum ný tækifæri í krafti framúrskarandi tæknilausna.

Valitor hefur frá öndverðu verið í forystu á íslenska kortamarkaðnum um þjónustu, nýjungar og hagkvæmni. Jafnframt eru alþjóðaviðskipti orðin stór þáttur í starfsemi félagsins. Við árslok 2013 voru starfsmenn Valitor 155 talsins.

#### Helstu verkefni 2013

Á liðnu ári innleiddi Valitor nýtt kortaútgáfukerfi hjá viðskiptabönkum landsins. Kerfið markar þáttaskil í þjónustu við útgefendur og korthafa, býður upp á sérsniðnar lausnir og gefur viðskiptavinum kost á að markaðssetja nýjar vörur með meiri hraða og aðgreiningu en áður. Um er að ræða eitt stærsta hugbúnaðarþróunarverkefni hér á landi en sérfræðingar Valitor hafa þróað kerfið frá grunni undanfarin ár.

Hérlendis var einnig unnið að lokaundirbúningi NFC tilraunaverkefnisins með snertilausar greiðslur. Jafnframt voru samkeppnismál ofarlega á baugi. Á árinu 2013 sektaði Samkeppniseftirlitið Valitor um 500 milljónir króna vegna samkeppnislaga brota. Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins fól í sér það mat að Valitor hefði brotið sátt við eftirlitið sem tók gildi í ársbyrjun 2008. Ákvörðunin varðaði einnig mat á því hvort Valitor hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Valitor er ósammála ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

Valitor fagnaði 30 ára afmæli og var tímamótanna minnst með margvíslegum hætti. Fyrirtækið flutti höfuðstöðvar sínar í nýtt og hentugt húsnæði í Hafnarfirði sem styður vel við framtíðarsýn félagsins. Lögð er áhersla á vistvæn sjónarmið og góðar vinnuaðstæður sem auðvelda samvinnu.

Kraftur var í markaðssókn með eigin lausnir erlendis og fyrirtækið opnaði skrifstofu í Bretlandi.

# VALITOR

## ► DÓTTURFÉLÖG

### **Verkefni og tækifæri framundan**

Á árinu 2014 ætlar félagið að efla markaðsstöðu sína í Evrópu. Áfram verður unnið að útgáfu fyrirframgreiddra korta með áherslu á fjölgun samstarfsaðila á helstu lykilmörkuðum félagsins í Bretlandi og á Norðurlöndum. Einnig mun félagið halda áfram að styrkja stöðu sína í færsluhirðingu í netviðskiptum. Þá mun skrifstofa Valitor í London hefja sókn á breskum færsluhirðingarmarkaði meðal staðbundinna kaupmanna.

Valitor er í fararbroddi í Evrópu um framboð á fyrirframgreiddum kortum sem elur af sér margvísleg tækifæri. Almennt felast framtíðartækifæri félagsins einkum í hugbúnaðarþróun greiðslulausna og útgáfu á fyrirframgreiddum kortum á Íslandi og erlendis.

Valitor ætlar sér forystu í umræðu um framtíðartilögun samkeppnismála, í samstarfi við hagsmuna- og eftirlitsaðila. Miklu skiptir að framtíðarumhverfið verði mótað á faglegum og skynsamlegum forsendum með Íslenska hagsmuni að leiðarljósi.

# EIGNAUMSÝSLU- FÉLÖG

---

Arion banki starfrækir þrjú eignaumsýslufélög sem stýra að mestu þeim eignum sem bankinn hefur þurft að leysa til sín við fjárhagslega endurskipulagningu viðskiptavina sinna. Tilgangur þessara eignaumsýslufélaga er fagleg stýring og nýting þeirra eigna sem bankinn hefur yfirtekið og sala þeirra á réttum tímapunkti, allt í samræmi við armslengdarsjónarmið.

## EIGNABJARG

Eignabjarg ehf. ber ábyrgð á umsýslu og sölu á fyrirtækjum og eignahlutum í fyrirtækjum sem Arion banki hefur leyst til sín og Eignabjarg hefur síðan keypt af bankanum eftir að fyrirtækin hafa gengið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu.

Markmiðið með rekstri Eignabjargs er að tryggja sjálfstæði þeirra fyrirtækja sem félagið hefur eignast og sjá til þess að þau séu seld í opnu sölufarli, þar sem gagnsæis og jafnræðis er gætt.

Flest þau fyrirtæki sem myndað hafa eignasafn Eignabjargs hafa nú verið seld í opnu sölufarli.

Á árinu var lokið sölu á dótturfélögum Fram Foods ehf., en Eignabjarg er enn með eignarhald á eignarhaldsfélaginu Fram Foods ehf. en þar er nú engin starfsemi.

Eignabjarg heldur á 42,7% eignahlut í Reitum fasteignafélagi hf. Unnið er að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins og er stefnt að skráningu Reita í kauphöll á Aðalmarkað NASDAQ OMX á Íslandi á árinu 2014.

## LANDEY

Landey er eignaumsýslufélag um fasteignapróunarverkefni. Slík verkefni eru yfirleitt ekki tekjuberandi nema að hluta og oft er um að ræða flókin og umfangsmikil verkefni. Hlutverk félagsins er að viðhalda og auka verðmæti eignanna með faglegri þróun, hönnun og uppbyggingu þar til viðunandi verð getur fengist fyrir þær.



EIGNABJARG

 LANDEY

## ► EIGNAUMSÝSLUFÉLÖG

### LANDFESTAR

Landfestar ehf. er fasteignafélag sem sérhæfir sig í leigu og rekstri á atvinnuhúsnæði. Markmið félagsins er að þróa öflugt fyrirtæki á fasteignamarkaði. Félagið hefur til umráða um 100 þúsund fermetra af góðu húsnæði. Stærsti hluti þess er skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Meðal helstu leigutaka félagsins eru ríkisstofnanir og nokkur af stærri fyrirtækjum landsins.

Megináhersla ársins 2013 var að verja reksturinn. Þrátt fyrir brothætt efnahagsumhverfi leigjenda náði félagið að fjölga eignum í útleigu lítillega. Eignir í útleigu í árslok voru í kringum 96%. Mikil vinna var lögð í að treysta langtímasamband við leigjendur sem fyrirtækið telur að muni skila sér til framtíðar.

Þann 20. desember síðastliðinn skrifaði Arion banki hf. undir kaupsamning við Eik fasteignafélag hf. um sölu á öllu hlutafé bankans í Landfestum. Samningurinn var gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Með kaupunum verður sameinað félag annað stærsta fasteignafélag landsins með um 271 þúsund leigufermetra og virði eignasafns um 60 milljarða króna. Stefnt er að skráningu Eikar í kauphöll á Aðalmarkað NASDAQ OMX á Íslandi eftir að viðeigandi yfirvöld hafa fjallað um kaupin.

**LANDFESTAR**  
FASTEIGNAFÉLAG



# Startup

Reykjavík

Arion banki  
Innovit  
Klak



Zalibuna



## STARTUP REYKJAVÍK

---

Arion banki stóð annað árið í röð fyrir Startup Reykjavík í samstarfi við Klak Innovit. Um er að ræða mikilvægt verkefni á sviði nýsköpunar í íslensku atvinnulífi. Tíu teymi frumkvöðla voru valin til þátttöku og reyndust hugmyndir þeirra spennandi og fjölbreyttar. Þau fengu öflugan stuðning, aðstöðu og leiðsögn, auk hlutfjár frá Arion banka. Alls hefur Arion banki fjárfest í tuttugu verkefnum í gegnum Startup Reykjavík.



# ÁHÆTTUSTÝRING


Margskonar áhætta er samofin starfsemi Arion banka sem fjármálastofnunar og stafar af daglegum rekstri. Áhættustýring er því grundvallarþáttur í starfi bankans. Stefna bankans er að hafa virka áhættustýringu sem felur í sér að greina og mæla verulega áhættu og grípa til aðgerða ef hún fer út fyrir skilgreind mörk.

Stjórn bankans ber endanlega ábyrgð á áhættustýringarkerfi hans og ber að tryggja að viðunandi áhættustýringarferli og stefna séu ákvörðuð til þess að fylgjast með áhættuþáttum. Stjórn bankans felur áhættustýringu dótturfélaga í hendur viðkomandi dótturfélaga. Fyrir móðurfélagið (bankann) ákvarðar bankastjórnin áhættustefnuna. Áhættustefnan er sett fram sem takmörk á áhættuþáttum og mörkum sem áhættustýringarsvið bankans fylgist með.

Bankastjóri ber ábyrgð á að viðhalda skilvirku áhættustýringarkerfi, áhættustefnu og eftirliti, svo og að viðhalda vitund starfsfólks um áhættu þannig að áhætta sé viðfangsefni allra starfsmanna.

Áhættustýringarsvið bankans starfar undir stjórn framkvæmdastjóra áhættustýringar. Sviðið er sjálfstæð stjórnunareining og ber beina ábyrgð gagnvart bankastjóra. Áhættustýringarsvið skiptist í fimm einingar: Lánagreiningu, sem styður og vaktar lánveitingarferli; Útlánaeftirlit, sem fylgist með útlánaáhættu gagnvart einstökum viðskiptavinum; Eiginfjárgreiningu sem ber ábyrgð á framkvæmd innra mats á eiginfjárbörf (ICAAP) bankans; Eignasafnsáhættu, sem fylgist með áhættu tengdri misvægi eigna og skulda, þ.m.t. lausafjárahættu; og Rekstraráhættu, sem fylgist með áhættu sem tengist daglegum rekstri bankans.

## STJÓRN ARION BANKA



## FRAMKVÆMDASTJÓRN ARION BANKA



## Í STARFSEMI BANKANS



Í bankanum starfa nokkrar nefndir sem stýra áhættu. Endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar bankans ber ábyrgð á eftirliti með áhættustýringarkerfi bankans, áhættustefnu og innramatsferli á eiginfjárbörf. Eigna- og fjárhags-skuldbindinganefnd (ALCO), undir formennsku bankastjóra eða staðgengils hans, ber ábyrgð á umsjón með misvægi eigna og skulda; lausafjárahættu, markaðs-áhættu, vaxtaáhættu og eiginfjárstýringu. Í bankanum starfa fjórar lánanefndir: Lánanefnd stjórnar, sem tekur ákvarðanir um alla meiriháttar útlánaáhættu,



## ▶ ÁHÆTTUSTÝRING

Lánanefnd Arion banka, sem starfar innan heimilda sem skilgreindar eru sem hlutfall af eigin fé bankans og svo fyrirtækjalánanefnd og útibúanefndir, sem hafa þrengri lánaheimildir. Starfræktar eru fimm verðmatsnefndir sem ætlað er að setja viðmið fyrir bankann við mat á tryggingum og yfirfara verðmat á verðbréfum í eigu bankans.

Lánagreining aðstoðar lánanefndir bankans við að meta einstök lánamál og gætir þess að nefndirnar haldi sig innan heimilda. Lánagreining útbýr greinargerð vegna allra mála sem lögð eru fyrir lánanefndir fyrirtækja og lánanefnd stjórnar þar sem farið er yfir áhættu og veikleika málanna. Lánagreining fylgir greinargerðinni eftir með því að sitja fundi lánanefndanna en án atkvæðisréttar. Lánagreining getur vísað umdeildum málum á lánanefnd með víðtækari heimildir.

Helstu áhættuþættir bankans eru útlánaáhætta þ.m.t. samþjöppunaráhætta, lausafjáraáhætta, gjaldeyrisáhætta, vaxtaáhætta, lagaleg áhætta og rekstrar-áhætta. Í áhættuskýrslu bankans fyrir árið 2013 er fjallað ítarlega um áhættuþættina og stýringu þeirra.

### INNRAMAT Á EIGINFJÁRÞÖRF (ICAAP)

Bankinn metur eiginfjárþörf samkvæmt innramatsferli (Internal Capital Adequacy Assessment Process, ICAAP). Innramatsferlið er ferli sem miðar að því að tryggja að bankinn búi yfir fullnægjandi áhættustýringarferlum og kerfum til þess að greina, stýra og mæla heildaráhættu bankans. Matsferlið miðar að því að greina og mæla áhættu samstæðunnar út frá öllum áhættutegundum og tryggja að samstæðan ráði yfir eigin fé í samræmi við undirliggjandi áhættu. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur eftirlit með samstæðunni, tekur við upplýsingum um innra mat samstæðunnar á eiginfjárþörf og ákvarðar eiginfjárkröfur fyrir samstæðuna í heild.

Samstæðan skal uppfylla eiginfjárkröfu sem ákvörðuð er af FME í kjölfar könnunar og matsferils (Supervisory Review and Evaluation Process, SREP). Eiginfjárgrunnur samstæðunnar uppfyllir þessa kröfu FME.


### ÚTLÁNAÁHÆTTA

Útlánaáhætta er hætta á að mótaðili efni ekki skuldbindingar sínar á fyrir fram ákveðnum tíma með afleiðingum fyrir tekjur og efnahag bankans. Lán til viðskiptavina og lánastofnana eru lang stærsta uppspretta útlánaáhættu.

### Sterkt safn íbúðalána með lækkandi vanskilum og batnandi veðhlutföllum


Íbúðalán eru kjarnaafurð í vöruframboði Arion banka. Íbúðalánasafn bankans jafngildir 36% af heildarlánum í árslok og hefur þetta hlutfall aukist úr 12% frá því í árslok 2010. Lykillinn að þessum mikla vexti var yfirtaka bankans árið 2011 á íbúðalánasafni sem áður tilheyrði Kaupþingi og uppgjör á Drómaskuldabréfinu árið 2013, en samhlíða því hafa nýjar lánveitingar Arion banka til íbúðakaupa gengið vel. Bankinn hefur verið í fararbroddi á íbúðalánamarkaði, þar sem hann hefur m.a. boðið upp á óverðtryggð íbúðalán. Í árslok 2013 voru óverðtryggð lán 23% af íbúðalánum bankans en önnur íbúðalán eru verðtryggð. Fyrir uppgjör Drómaskuldabréfsins höfðu gæði íbúðalánasafns bankans aukist jafnt og þétt

Samsetning lánabókar



## ▶ ÁHÆTTUSTÝRING


Þróun íbúðalánasafns eftir myntum og verðtryggingu milljarðar króna



með bættri veðstöðu og mjög hraðri lækkun vanskila. Lán þau sem bankinn fékk í tengslum við uppgjörið eru síðri og því hækkar vanskilahlutfall íbúðalána.

Út frá verðmæti íbúðalána í árslok 2013 voru 61% lánanna með veðhlutfall lægra en 80%. Til samanburðar voru 55% lána svo vel tryggð í árslok 2012. Mikill meirihluti íbúðalána eru til fjármögnunar fasteignakaupa á Stór-Reykjavíkursvæðinu, eða 73% að verðmæti.


Þróun veðhlutfalls íbúðalánasafns milljarðar króna




### Áhættudreift lánasafn

Lán til viðskiptavina eru vel dreifð. Lán til einstaklinga eru 49% af heildarlánnum til viðskiptavina og þar af eru 80% til íbúðakaupa. Fyrirtækjalán eru fyrst og fremst til þriggja atvinnugreina: Fasteignaviðskipta og byggingastarfsemi, fiskveiða og -vinnslu og heilidsölu og smásölu, sem eru 26%, 19% og 17% af fyrirtækjalánnum, í þessari röð. En þó áhættudreifing til einstaklinga og atvinnugreina sé góð er enn nokkur samþjöppun á hóp tengdra viðskiptamanna.

Vanskilaþróun íbúðalánasafns




Skipting íbúðalánasafns eftir landshlutum




## ▶ ÁHÆTTUSTÝRING

Samþjöppun lánabókar




Samþjöppun fyrirtækjalána eftir atvinnugreinum



### Útlánasamþjöppun á hóp tengdra viðskiptamanna

Í árslok 2013 voru þrjár áhættuskuldbindingar til hóps tengdra viðskiptamanna hærrí en 10% af eiginfjárgrunni bankans (svokallaðar stórar áhættuskuldbindingar) en í árslok 2012 höfðu þær verið fjórar. Eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan, lækkaði samtala stórra áhættuskuldbindinga úr 87% af eiginfjárgrunni í árslok 2011, í 60% árið 2012 og í 45% í árslok 2013. Samtala áhættuskuldbindinga hóps tengdra viðskiptamanna sem eru hærrí en 2,5% af eiginfjárgrunni hefur verið stöðugri - var 143% í árslok 2013, samanborið við 135% í árslok 2012. Stærsta áhættuskuldbinding hóps tengdra viðskiptamanna í árslok 2013 var 29 ma.kr. áður en tekið hafði verið tillit til mildunaráhrifa trygginga.

Samþjöppun stórra lántakenda




## ▶ ÁHÆTTUSTÝRING


### Tryggingarþekja lána til viðskiptavina

Til tryggingar á lánum eru fasteignir einstaklinga og viðskiptahúsnaði algengust, ásamt fiskiskipum, auk annarra áþreifanlegra verðmæta s.s. verðbréfa og reiðufjár. Bankinn leggur mikla áherslu á utanumhald trygginga, þ.m.t. verðmat og miðlæga skráningu. Í árslok 2013 voru lán til viðskiptavina (að brúttóverðmæti 665 milljarða króna) tryggð með tryggingum að heildarverðmæti 514.148 milljónum króna og er heildarveðþekja því 77%, en eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd þá er veðþekja ólík milli atvinnugreina. Fasteignir eru algengasta form trygginga, eða 70% af heildartryggingum. Algengast er að lán til fjármálastofnana séu ótryggð, hvort sem um er að ræða innlánsreikninga eða peningamarkaðslán.

Tryggingarþekja í lánum til viðskiptavina niður á atvinnugreinar árið 2013




Sundurliðun trygginga eftir eigendum



### Gæði lánabókar aukast stöðugt


Bankinn skilgreinir *vandræðalán* sem þau lán sem eru í vanskilum í yfir 90 daga og lán sem hafa verið varúðarniðurfærð, óháð fjölda vanskiladaga. Hlutfall vandræðalána hefur lækkað stöðugt frá því að það var hæst árið 2010. Það hefur fyrst og fremst tekist með endurskipulagningu lána og úrlausn ólögglegra gengistryggðra lána. Í árslok 2013 hafði hlutfall vandræðalána lækkað í 4,5% af lánum til viðskiptavina, en hækkaði í 6,3% við uppgjör Drómaskuldabréfsins. Um það bil þriðjungur vandræðalána er í 90% vanskilum en án varúðarniðurfærslu, sökum þess hversu vel þau eru tryggð. Af 6,3% vanskilalánum eru 4,2% tryggð með áþreifanlegum tryggingum.

Þróun vandræðalána




## ▶ ÁHÆTTUSTÝRING

Sundurbrót á vandræðalánum  
31.12.2013



- Lán í vanskilum >90 daga óniðurfærð
- Lán í vanskilum >90 daga niðurfærð
- Óvissa vegna gengislána
- Áður endurskipulögð lán
- Lán í endurskipulagningu
- Óflokkað

Tryggingarþekja vandræðalána  
31.12.2013




- Fasteignir
- Fiskiskip
- Reiðufé og verðbréf
- Aðrar tryggingar
- Ótryggt

### REKSTRARÁHÆTTA

Arion banki skilgreinir rekstraráhættu sem áhættu á beinu eða óbeinu tapi, eða skaða á orðspori bankans, vegna ófullnægjandi innri verkferla, mannlegra mistaka, kerfismistaka eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi, sem áhrif hafa á ímynd og/eða rekstur bankans. Bankinn skilgreinir upplýsingatækniáhættu, lagalega áhættu og orðsporsáhættu sem hluta af rekstraráhættu.


Ábyrgð á stjórnun eigin rekstraráhættu liggur hjá sviðum bankans. Rekstraráhætta bankans þróar og viðheldur aðferðum til að greina, mæla, hafa eftirlit með og stjórna rekstraráhættu hjá bankanum.




## ▶ ÁHÆTTUSTÝRING

Helstu aðferðir bankans til að mæla rekstraráhættu eru skráning tapsatburða (Loss Data skv. Basel-flokkun) og áhættusjálfsmat (Risk and Control Self-Assessment) sem framkvæmt er reglulega innan allra sviða bankans. Tapsatburðum er safnað og þeir nýttir í reglulegar skýrslur til yfirstjórnar til að bæta verklag bankans. Verið er að þróa aðferð innan bankans til að nota tapsatburði við mat á eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu. Fjárhæð tapsatburða árið 2013 var 604 m.kr. og fjöldi atburða 456. Áhættusjálfsmat er framkvæmt á öllum sviðum bankans til að greina rekstraráhættu á hverju sviði fyrir sig. Niðurstöður áhættusjálfsmats eru notaðar til frekari úrbótavinnu miðað við áhættuviðmið bankans.

### Þróun tapsatvika eftir fjölda



### Þróun tapsatvika eftir fjárhæð



Stjórnun upplýsingaöryggis fellur undir rekstraráhættu hjá bankanum og er öryggisstjóri bankans hluti af því teymi. Samskiptagáttum til viðskiptavina hefur fjölgað og hröð þróun tengd tækniumhverfinu veldur því að aukin áhætta er tengd upplýsingaöryggi. Bankinn hefur því lagt aukna áherslu á stjórnun upplýsingaöryggis.

Við útreikning á eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu beitir bankinn grundvallar- aðferð Basel II (Basic Indicator Approach). Eiginfjárbinding vegna rekstraráhættu fyrir árið 2013 var 6.088 m.kr.

## ▶ ÁHÆTTUSTÝRING

### MARKAÐSÁHÆTTA

Markaðsáhætta er hættan á að verð- og vaxtabreytingar á fjármálamörkuðum hafi áhrif á virði og greiðsluflæði fjármálagerna bankans. Helstu áhættuþættir eru vaxta-, hlutfjár- og gjaldeyrisáhætta.

Vaxtaáhætta stafar að mestu leyti af því að fyrir hluta efnahagsreiknings bankans er mismunandi milli gjalddaga vaxtaberandi eigna og skulda og gildistími vaxta er mismunandi. Almennt er virði fastvaxtaeigna bankans meira en virði skulda með samsvarandi gildistíma vaxta, enda er bankinn að nokkru leyti fjármagnaður með innlánnum. Hækkun markaðsvaxta hefði því neikvæð áhrif á afkomu bankans. Bankinn hefur dregið úr þessari áhættu með útgáfu sértryggðra skuldabréfa en á móti hefur áhættan aukist með yfirtöku bankans á lánum Dróma, Frjálsa og Hildu.

Stærsta hlutfjáráhættan stafar af eign bankans í óskráðum hlutabréfum sem féllu í hans hlut í tengslum við endurskipulagningu fyrirtækja í kjölfar efnahags-hrunsins árið 2008. Þar að auki hefur hlutabréfastaða á veltubók aukist jafnt og þétt vegna aukinnar veltu og umsvifa á markaði. Áhættustýring fylgist náið með áhættunni og hefur eftirlit með því að stöður séu innan heimilda.


Gjaldeyrisáhætta bankans felst í hættunni á að sveiflur á gengi íslensku krónunnar hafi óhagstæð áhrif á afkomu bankans. Gjaldyrisójöfnuður samstæðunnar í lok árs 2013 var 31,6 ma.kr. og skýrist hækkun á árinu að mestu af gjaldeyrisstöðu dótturfélaga. Gjaldyrisójöfnuður Arion banka hefur verið jákvæður en stöðugur allt frá fyrri hluta árs 2012. Bankinn notar afleiðusamninga að nokkru leyti til að verja sig gegn gjaldeyrisáhættu.

Hrein staða verðtryggðra eigna og skulda samstæðunnar er 67,9 ma.kr. Verðtryggingarójöfnuðurinn jókst árið 2012 að mestu vegna nýrra lánveitinga til fyrirtækja og aukningin árið 2013 stafar að mestu leyti af yfirtöku bankans á lánum í tengslum við uppgjör Drómaskuldabréfsins. Það er stefna bankans að draga úr þessum ójöfnuði.


### LAUSAFJÁRÁHÆTTA

Lausafjáraáhætta er sú áhætta að samstæðan, þrátt fyrir að vera gjaldfær, lendi í erfiðleikum með að mæta skuldbindingum sínum þegar þær gjaldfalla eða geti aðeins tryggt endurgreiðslu með óhóflegum kostnaði. Nánar er fjallað um lausafjárstöðu og lausafjáraáhættu í næsta kafla.


Vaxtanæmi miðað við 1% samsíða hliðrun vaxta\* milljarðar króna



Hlutabréfaeign bankans milljarðar króna



Verðtryggingar- og gjaldeyrisójöfnuður bankans milljarðar króna





# FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA

Mikilvæg skref hafa verið stigin innan Arion banka til að auka fjölbreytni í fjármögnun bankans. Snemma árs 2013 lauk bankinn fyrstu erlendu skuldabréfaútgáfu sinni frá stofnun. Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Standard & Poor's (S&P) gaf bankanum lánshæfismatið BB+ með stöðugum horfum í janúar 2014. Bankinn hélt áfram að gefa út sértryggð skuldabréf á Íslandi. Arion banki viðheldur sterku lausafjárhlutfalli sínu og uppfyllir öll skilyrði Fjármálaeftirlitsins (FME) og Seðlabanka Íslands (SÍ) varðandi lausafjárhlutföll.

## FJÁRMÖGNUN


Fjölbreytni í fjármögnun Arion banka jókst á árinu 2013. Merkm áfanga var náð í febrúar 2013 þegar Arion banki lauk skuldabréfútbóði í norskum krónum með milligöngu Pareto Öhman. Um er að ræða fyrstu erlendu fjármögnun bankans og fyrstu erlendu skuldabréfaútgáfu íslensks fjármálafyrirtækis frá árinu 2007. Alls voru seld óveðtryggð skuldabréf til um 60 alþjóðlegra fjárfesta fyrir 500 milljónir norskra króna eða um 11,2 milljarða íslenskra króna. Umframeftirspurn var eftir bréfunum. Skuldabréfin voru tekin til viðskipta í Kauphöllinni í Osló þann 2. júlí 2013. Þau bera fljótandi vexti, 5,00% ofan á NIBOR og eru til þriggja ára, með lokagjalddaga árið 2016.

Bankinn réðst í aðdraganda erlendu skuldabréfaútgáfunnar í umfangsmikla kynningarherferð og hefur hann á undanförunum misserum átt fundi með fjárfestum í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi og á Norðurlöndunum. Bankinn mun halda áfram kynningarstarfi fyrir fjárfesta og erlendar fjármálastofnanir á árinu 2014. Ljóst er að skuldabréfaútgáfan hefur ekki bara þýðingu fyrir Arion banka, heldur hefur verið á það bent bæði af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Seðlabanka Íslands að ein helsta forsenda þess að hægt sé að losa gjaldeyrishöftin á Íslandi sé að fjármálastofnanir hafi aðgang að erlendu lánsfé.

Í byrjun árs 2014 gaf alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Standard & Poor's (S&P) Arion banka lánshæfismatið BB+ með stöðugum horfum. Mat S&P byggist á traustri stöðu Arion banka á innlendum markaði. Bankinn hefur aukið markaðshlutdeild sína á íbúðalánamarkaði á undanförunum árum og skiptist lánasafn hans til viðskiptavina nú jafnt milli einstaklings- og fyrirtækjalána. Hins vegar er bankinn lítil í alþjóðlegu samhengi. Bankinn telur einkunn S&P vera góða þegar tekið er mið af lánshæfismati íslenska ríkisins sem er BBB- frá S&P. Lánshæfiseinkunn frá alþjóðlegu matsfyrirtæki mun bæta aðgengi bankans að erlendum fjármálamörkuðum, sem er mikilvægt.


Arion banki hélt áfram útgáfu sinni á sértryggðum skuldabréfum á árinu. Í júlí var gefinn út nýr flokkur sértryggðra skuldabréfa, flokkurinn er verðtryggður og á lokagjalddaga 2019. Bankinn gaf samtals út sértryggð skuldabréf fyrir 6,3 milljarða króna á árinu. Áætlanir bankans gera ráð fyrir að útgáfa sértryggðra skuldabréfa verði um 10 milljarðar króna á ári næstu árin til að fjármagna húsnæðislán sem bankinn veitir viðskiptavinum sínum.

Samsetning fjármögnunar



## ► FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA

Endurgreiðsluferill langtímafjármögnunar  
milljarðar króna



Útgáfa sértryggðra skuldabréfa er notuð til að fjármagna húsnæðislán sem Arion banki veitir viðskiptavinum sínum. Bankinn hefur verið í forystu á íslenskum húsnæðislánamarkaði með hagstæðum kjörum á íbúðalánunum og hafa óverðtryggð íbúðalán notið mikilla vinsælda frá því að þau voru fyrst kynnt til sögunnar í september 2011.


Bankinn stefnir að því að auka enn frekar fjölbreytni í fjármögnun sinni með áframhaldandi útgáfu sértryggðra skuldabréfa auk annarrar fjármögnunar hér á landi og erlendis.

### LAUSAFJÁRSTAÐA OG LAUSAFJÁRÁHÆTTA


Bankinn fjármagnar sig að hluta til með innlánum frá einstaklingum, fyrirtækjum og lífeyrissjóðum. Þann 1. desember 2013 tóku gildi nýjar reglur Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutfall sem byggja á sömu forsendum og þær lausafjárkröfur sem verða gerðar víðast hvar frá og með árinu 2015 samkvæmt Basel III staðlinum. Reglurnar kveða á um að frá og með 1. janúar 2014 skuli lausafjárhlutfall (e. liquidity coverage ratio) íslenskra fjármálfyrirtækja vera að lágmarki 70% og sama hlutfall í erlendum gjaldmiðlum vera 100%. Fyrra viðmiðið hækkar um tíu prósentustig á ári þar til 100% mörkum verður náð árið 2017.

Framangreindar kröfur um lausafjárhlutfall endurspeglar þá staðreynd að stór hluti af skuldbindingum banka eru alla jafna skammtímainnlán eða óbundin innlán, á sama tíma og eignir eru til langs tíma. Íslenskir bankar standa frammi fyrir sérstökum óvissuþáttum vegna mögulegs útlæðis í tengslum við losun fjármagnshafna. Eitt af meginmarkmiðum Arion banka er að viðhalda sterku lausafjárhlutfalli, en í árslok var lausafjárhlutfall bankans 123% og fyrir erlenda gjaldmiðla var hlutfallið 274%. Áhættustýring greinir lausafjárstöðu og kvikleika innlánagrunns bankans og gefur eigna- og fjárhagsskuldbindinganeftnd bankans ALCO skýrslur um niðurstöður sínar.

Innlán frá viðskiptavinum  
eftir LCR flokkun  
heildarinnlán



Skammtímafjármögnun  
heildarinnlán









# FJÁRHAGS- NIÐURSTÖÐUR

Hagnaður Arion banka á árinu 2013 nam 12,7 milljörðum króna eftir skatta samanborið við 17,1 milljarð króna árið 2012. Arðsemi eigin fjár var 9,2% samanborið við 13,8% árið 2012. Heildareignir námu 938,9 milljörðum króna samanborið við 900,7 milljarða króna í árslok 2012. Ný útlán jukust um 60% milli ára og námu tæplega 120 milljörðum króna á árinu. Eiginfjárhlutfall bankans í árslok var 23,6% en var 24,3% í árslok 2012.

## AFKOMA

Hagnaður samstæðu Arion banka nam 12.657 m.kr. árið 2013 samanborið við 17.056 m.kr. árið 2012. Minni hagnaður skýrist einkum af lægri hreinum vaxtatekjum, minni öðrum rekstrartekjum og auknum sköttum.

Hagnaður af kjarnastarfsemi nam 11.534 m.kr. Kjarnastarfsemi er skilgreind sem starfsemi samstæðunnar að frádregnum tekjum og gjöldum sem tengjast félögum sem tekin voru yfir vegna skuldauppgjörs og til stendur að selja aftur og öðrum óreglulegum liðum. Afkoma af kjarnastarfsemi hefur verið fremur stöðug á undanförunum fjórum árum.




## REKSTRARTEKJUR

Rekstrartekjur lækkuðu um 5.154 m.kr. milli ára og námu 44.348 m.kr. árið 2013. Lækkunin er fyrst og fremst tilkomin vegna lægri vaxtamunar og lægri annarra rekstrartekna.

*Hreinar vaxtatekjur* árið 2013 námu 23.800 m.kr., samanborið við 27.142 m.kr. árið 2012. Lækkunin milli ára er 3.342 m.kr. og skýrist einkum af hærri vaxtagjöldum af fjármögnun, bæði af bundnum innlánunum og nýrri lántöku sem og af lægri verðbólgu. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 2,9% á árinu en var 3,4% árið 2012. Þróun vaxtamunar hjá samstæðunni hefur verið nokkuð í takt við verðbólgu en einnig hefur samsetning vaxtaberandi eigna og skulda áhrif til lækkunar. Horft fram á veginn telur bankinn að vaxtamunur vaxtaberandi eigna og skulda muni verða í kringum 3% við eðlilegar aðstæður.

*Hreinar þóknatekjur* námu 11.223 m.kr. árið 2013 samanborið við 10.748 m.kr. árið 2012. Veruleg aukning þóknatekna hefur orðið í eignastýringu og fjárfestingabankastarfsemi en tekjur af kortum og lánveitingum lækka nokkuð milli ára.

*Hreinar fjármunatekjur* námu 3.441 m.kr. árið 2013 samanborið við 583 m.kr. árið 2012. Tekjurnar eru að mestu tilkomnar vegna hlutabréfaeignar samstæðunnar en skuldabréfaeign skilar einnig nokkrum tekjum. Hagstæðar markaðs- aðstæður á íslenskum verðbréfamarkaði á árinu skýra þessar miklu breytingar milli ára.



## ► FJÁRHAGSNIÐURSTÖÐUR

*Hreint gengistap* nam 1.766 m.kr. árið 2013 samanborið við 1.434 m.kr. gengishagnað árið 2012. Nettó gjaldeyrisjöfnuður samstæðunnar í árslok nam 31,6 mö.kr. og felur slíkur jöfnuður í sér að gengissveiflur hafa veruleg áhrif á rekstrartekjur. Gjalddeyrisjöfnuður móðurfélagsins er nokkuð innan þeirra 15% marka sem Seðlabankinn setur. Það er stefna bankans að vera með góða lausafjástöðu í gjaldeyri en þróun gengis íslensku krónunnar á liðnum misserum gerir það að verkum að sú stefna leiðir til gengistaps á árinu.

*Aðrar rekstrartekjur* námu 7.650 m.kr. árið 2013 samanborið við 9.595 m.kr. árið 2012. Helstu tekjur sem falla undir aðrar rekstrartekjur eru leigutekjur, virðisbreytingar og söluhagnaður af atvinnuhúsnæði í eigu Landfesta og Landeyjar, virðisbreyting hlutdeildarfélaganna í eigu Eignabjarg og tekjur af iðgjöldum hjá OKKAR líftryggingum, en félögin eru dótturfélög bankans. Virðisbreytingar og söluhagnaður fjárfestingareigna og hlutdeildarfélaganna eru lægri árið 2013 en 2012 sem skýrir að mestu lækkingun milli ára í öðrum rekstrartekjum.


### REKSTRARKOSTNAÐUR

Rekstrarkostnaður á árinu 2013 nam 25.395 m.kr. og hækkaði um 727 m.kr. frá árinu 2012 eða um 2,9%. Meðal rekstrarkostnaðar er 500 m.kr. sekt sem Samkeppniseftirlitið lagði á Valitor og staðfest hefur verið af áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Meðal rekstrarkostnaðar ársins er einnig 600 m.kr. niðurfærsla fasteigna og hugbúnaðar sem er í notkun hjá bankanum. Á móti kemur um 500 m.kr. lækkingun á rekstrarkostnaði ársins vegna bakfærslu á áður færðri varúðar-niðurfærslu vegna málaferla gegn dótturfélaginu Stefni. Kostnaðarhlutfall hækkar í 57,3% á árinu en var 49,8% árið 2012. Kostnaður sem hlutfall af eignum á árinu 2013 nam 2,8% sem er sama hlutfall og á árinu 2012. Kostnaðarhlutfallið er mjög lítað af lækkuðum rekstrartekjum, m.a. vegna lægri hreinna vaxtatekna á árinu og gjaldfærslu fyrrnefnds húsnæðis og hugbúnaðar.


*Laun og launatengd gjöld* námu 13.537 m.kr. árið 2013 samanborið við 12.459 m.kr. árið 2012. Stöðugildi voru að meðaltali 1.159 árið 2013 samanborið við 1.166 árið áður. Reiknuð meðallaun út frá gjaldfærðum launakostnaði hafa hækkað um 8,2% sem er 2,5% yfir þróun launavísitölu milli ára, sem hefur hækkað um 5,7%. Sú umframhækkun er að hluta til kominn vegna 1,3% hækkunar á fjársýsluskatti sem lagður er á laun starfsmanna fjármálafyrirtækja. Einnig var á árinu komið á kaupaukakerfi, sem er í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins og getur kaupaukinn að hámarki numið 25% af heildarlaunum starfsmanns. Koma 40% kaupaukans ekki til útborgunar fyrr en að þremur árum liðnum. Ríflega hundrað starfsmenn eru hluti af kerfinu og var áætlaður heildarkostnaður, laun og tengd gjöld, 494 m.kr. gjaldfærður á árinu 2013.

*Annar rekstrarkostnaður* nam 11.858 m.kr. á árinu 2013 samanborið við 12.209 m.kr. árið 2012. Lækkunin nemur 351 m.kr. og skýrist að stórum hluta af kostnaðaraðhaldi og hagræðingu innan bankans. Annar rekstrarkostnaður er í takt við væntingar.


Gjalddeyrisjöfnuður  
milljarðar króna



Aðrar tekjur  
milljarðar króna



Rekstrarkostnaður  
milljarðar króna



## ► FJÁRHAGSNIÐURSTÖÐUR

### VIRÐISBREYTINGAR

Hrein virðisbreyting var neikvæð sem nemur 680 m.kr. á árinu 2013 samanborið við 4.690 m.kr. neikvæða virðisbreytingu árið 2012. Lækkunin milli ára skýrist mest af minni virðisrýrnun vegna lána sem dæmd hafa verið með ólöglega tengingu við gjaldmiðla. Virðisbreytingin árið 2013 skiptist í stórum dráttum í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða virðishækkun á lánum upp á 9.099 m.kr., sem einkum er vegna lána til stærri fyrirtækja. Í öðru lagi er virðisrýrnun vegna útlána 8.940 m.kr. á árinu 2013. Sú virðisrýrnun er einkum vegna lána sem dæmd hafa verið ólögleg og annarra lána til einstaklinga og minni fyrirtækja. Í þriðja lagi var færð virðisrýrnun vegna óefnislegra eigna sem tengist eignarhlut bankans í dótturfyrirtækinu Valitor að fjárhæð 839 m.kr.

### SKATTAR

Tekjuskattur ársins 2013 nam 3.143 m.kr. samanborið við 3.633 m.kr. árið 2012. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í ársreikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er nokkru lægra en árið 2012, er 17,2% árið 2013 en var 18,0% árið 2012.


Bankaskattur nam 2.872 m.kr. samanborið við 1.062 m.kr. árið 2012. Hækkunin milli ára skýrist af hækkun á skatthlutfalli úr 0,1285% árið 2012 í 0,376% en það skatthlutfall var samþykkt á Alþingi undir lok árs 2013 og verður hluti innheimts skatts nýttur til skuldaleiðréttingar. Skattstofninn er heildarskuldir fjármálafyrirtækja að frádregnu 50 ma.kr. skattleysismarki.

Skattumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja hefur verið mjög óstöðugt á síðustu árum og skattbyrði verið aukin mikið eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Nýir skattar, sem eingöngu hafa verið lagðir á fjármálafyrirtæki, vega sífellt meira í rekstri fyrirtækjanna og samanburður við aðrar atvinnugreinar er vegna þessa óraunhæfur. Til viðbótar upptöldum sköttum greiddi samstæðan 502 m.kr. í gjöld til Fjármálaeftirlitsins og Umboðsmanns skuldara.


### AFLÖGÐ STARFSEMI

Hreinar tekjur af aflagðri starfsemi námu 399 m.kr. samanborið við 1.607 m.kr. árið 2012. Á árinu 2013 hafði sala eigna óveruleg áhrif og varð hagnaður af annarri aflagðri starfsemi og rekstri fullnustueigna í eigu bankans óverulegur ólíkt árinu 2012 þegar umtalsverður söluhagnaður varð af sölu á eignarhlut í Högum sem og af sölu á eignarhlut bankans í N1.

Skattar  
milljarðar króna



Útlán






## ► FJÁRHAGSNIDURSTÖÐUR

### EFNAHAGUR

Heildareignir samstæðu Arion banka námu 938.850 m.kr. í lok árslok 2013 samanborið við 900.675 m.kr. í árslok 2012, sem er nálægt hækkun á verðlagi ársins. Breytingar á einstökum eignaflokkum á árinu eru einkum vegna uppgjors á Drómaskuldabréfinu þar sem bankinn fékk lán til einstaklinga í stað þess skuldabréfs sem bankinn fékk árið 2009 er innlán SPRON fluttust til Arion banka. Þá hefur lausafjárstaða bankans lagast á árinu 2013 sem birtist í auknum innstæðum hjá Seðlabanka og aukinni skuldabréfaeign, að teknu tilliti til uppgjors Drómaskuldabréfsins.


### LÁN OG KRÖFUR TIL VIÐSKIPTAVINA

Lán og kröfur til viðskiptavina námu 635.774 m.kr. í árslok 2013 samanborið við 566.610 m.kr. í lok árs 2012. Lán til einstaklinga upp á tæplega 50 ma.kr. bættust við undir lok ársins þegar gengið var frá uppgjöri á Drómaskuldabréfinu. Nýjar lánveitingar á árinu 2013 voru um 60% meiri en á árinu 2012 en einnig uppgreiðslur lána, sem verður til þess að lánabók bankans stækkar nær eingöngu um hin nýju útlán í tengslum við uppgjör á Drómaskuldabréfinu milli Arion banka og ESÍ. Á meðfylgjandi mynd má sjá skiptingu lánabókarinnar eftir atvinnugreinum í prósentum.




### VERÐBRÉFAEIGN

Verðbréfaeign nam 86.541 m.kr. í árslok 2013 samanborið við 137.800 m.kr. í lok árs 2012. Nokkrar breytingar voru í þessum eignaflokki á árinu, einkum vegna uppgjors Drómaskuldabréfsins sem nam um 70 mö.kr. Á móti hefur bankinn aukið lausafjáreignir sínar í formi skráðra skuldabréfa, bæði innlendra og erlendra. Þá hefur vægi afleiðusamninga og verðbréfa sem keypt hafa verið til áhættuvarna vegna þeirra aukist nokkuð milli ára.



### SKULDIR

Heildarskuldir námu 793.903 m.kr. í árslok 2013 samanborið við 769.797 m.kr. í lok árs 2012. Ástæðu hækkunar má einkum rekja til skuldabréfaútgáfu, hérlendis og erlendis, á árinu 2013 en einnig hafa innlán aukist nokkuð.



## ► FJÁRHAGSNIÐURSTÖÐUR

### INNLÁN

Heildarinnlán námu 499.866 m.kr. í lok árs 2013 samanborið við 481.673 m.kr. í árslok 2012. Allt frá stofnun Arion banka í október 2008 hafa innlán verið kjölfestan í fjármögnun bankans. Nokkrar sveiflur hafa verið í þróun innlána eftir þeim fjárfestingakostum sem í boði hafa verið á hverjum tíma en í gjaldeyrishöftum og óvissu efnahagsumhverfi hafa fagfjárfestar leitað í afurðir sem þeir höfðu ekki litið til áður nema í litlum mæli, meðal annars innlána. Innlán hafa síðustu árin verið í sögulegu hámarki í bankakerfinu. Markvisst hefur verið unnið að bindingu innlána hjá bankanum til að tryggja betur fjármögnun hans og í árslok 2013 nam hlutfall bundinna innlána af heildarinnlánum 47% en var 42% í árslok 2012 og 23% í árslok 2011.

### LÁNTAKA

Lántaka samtæðu Arion banka nam 204.568 m.kr. í lok árs 2013 samanborið við 195.085 m.kr. í árslok 2012. Hækkunin skýrist að mestu af því að á árinu gaf bankinn út 6,3 ma.kr. í verðtryggðum og óverðtryggðum sértryggðum skuldabréfum sem eru skráð á NASDAQ OMX Íslandi og 500 m. norskra króna (um 11 ma.kr.) í skuldabréfum sem voru seld erlendum fjárfestum og hafa verið skráð í kauphöllina í Osló. Lækkun hefur komið á móti vegna styrkingar Íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum og afborgunum af langtímaskuldum. Í byrjun árs 2014 fékk bankinn láns hæfiseinkunn frá alþjóðlega láns hæfisfyrirtækinu Standard & Poor's, fyrstur Íslenskra banka í ríflega fimm ár. Einkunnin er BB+ og mun þetta láns hæfismat auka möguleika bankans á lánsfjármörkuðum á næstu misserum, bæði innanlands og utan.


### VÍKJANDI LÁNTAKA

Víkjandi lántaka nam 31.918 m.kr. í árslok 2013 samanborið við 34.220 m.kr. í árslok 2012. Breytingin er eingöngu tengd hreyfingum á gengi erlendra mynta sem lánin tengjast.

### EIGIÐ FÉ

Eigið fé samstæðunnar nam 144.947 m.kr. í lok ársins 2013 samanborið við 130.878 m.kr. í árslok 2012. Breytingin er nánast öll vegna afkomu ársins 2013. Eiginfjárhlutfall bankans, reiknað samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins, nam 23,6% í lok ársins 2013 en lögbundið lágmark er 8%. Eiginfjárhlutfall í árslok 2012 nam 24,3% en lækkunin tengist að mestu uppgjöri á Drómaskuldabréfinu sem var tryggt með skaðleysisfirlýsingu fjármála- og efnahagsráðuneytis en í stað þeirrar eignar komu lán til einstaklinga sem eru með hærri áhættuvog.

Niðurbrot innlána eftir binditíma



## ▶ FJÁRHAGSNIDURSTÖÐUR

Rekstrarreikningur	2013	2012	2011	2010	2009
Hreinar vaxtatekjur	23.800	27.142	23.388	19.785	12.188
Hreinar bóknatekjur	11.223	10.748	10.685	6.866	5.862
Hreinar fjármunatekjur	1.675	2.017	2.347	1.361	10.353
Aðrar rektstrartekjur	7.650	9.595	5.505	5.733	3.758
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>44.348</b>	<b>49.502</b>	<b>41.925</b>	<b>33.745</b>	<b>32.161</b>
Rekstrarkostnaður	-25.395	-24.668	-22.016	-18.292	-15.346
Hrein virðisbreyting	-680	-4.690	-8.649	1.878	-296
<b>Hagnaður af áframhaldandi starfsemi fyrir skatta</b>	<b>18.273</b>	<b>20.144</b>	<b>11.260</b>	<b>17.331</b>	<b>16.519</b>
Tekjuskattur	-3.143	-3.633	-1.912	-3.481	-2.568
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	-2.872	-1.062	-1.046	-290	0
Afkoma af aflagðri starfsemi	399	1.607	2.792	-1.003	-1.080
<b>Hagnaður</b>	<b>12.657</b>	<b>17.056</b>	<b>11.094</b>	<b>12.557</b>	<b>12.871</b>

Efnahagsreikningur	2013	2012	2011	2010	2009
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Ísl.	37.999	29.746	29.200	30.628	41.906
Lán til lánastofnana	102.307	101.011	69.103	67.846	38.470
Lán til viðskiptavina	635.774	566.610	561.550	451.219	357.734
Fjármálagæringar	86.541	137.800	157.659	134.767	182.802
Uppgjörssamningur við Kaupþing hf.	0	0	0	24.188	34.371
Fjárfestingareignir	28.523	28.919	27.100	27.642	22.947
Aðrar eignir	47.706	36.589	47.509	76.325	79.114
<b>Eignir samtals</b>	<b>938.850</b>	<b>900.675</b>	<b>892.121</b>	<b>812.615</b>	<b>757.344</b>

Innlán	499.866	481.673	506.155	553.527	609.112
Aðrar skuldir	57.551	58.819	52.100	58.017	47.156
Lántaka	204.568	195.085	187.203	65.278	11.042
Vikjandi lán	31.918	34.220	32.105	26.257	0
Eigið fé	144.947	130.878	114.558	109.536	90.034
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>938.850</b>	<b>900.675</b>	<b>892.121</b>	<b>812.615</b>	<b>757.344</b>

Kennitölur	2013	2012	2011	2010	2009
Arðsemi eigin fjár	9,2%	13,8%	10,5%	13,4%	16,7%
Arðsemi eigin fjár af kjarnastarfsemi	10,5%	11,4%	11,5%	11,4%	8,4%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,9%	3,4%	3,4%	2,7%	1,9%
Kostnaðarhlutfall	57,3%	49,8%	52,5%	54,2%	47,7%
CAD hlutfall (eiginfjárlutfall FME)	23,6%	24,3%	21,2%	19,0%	13,7%
Tier 1 hlutfall	19,2%	19,1%	16,4%	15,2%	13,7%
Eigið fé/Heildareignir	15,4%	14,5%	12,8%	13,5%	11,9%
Lán í vanskilum/Útlán til viðskiptavina	4,5%	6,1%	10,6%	24,7%	22,8%
Áhættuvegnar eignir/Heildareignir	76,8%	73,0%	74,5%	84,7%	83,9%
Útlán/Innlán	135,0%	126,3%	114,6%	98,5%	72,2%
Fjöldi stöðugilda í árslok	1.145	1.190	1.158	1.241	1.124



# ÁRSREIKNINGUR 2013

---

- 108 SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG BANKASTJÓRA
- 111 ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA
- 112 YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU SAMSTÆÐUNNAR Á ÁRINU 2013
- 113 EFNAHAGSREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR 31. DESEMBER 2013
- 114 YFIRLIT UM BREYTINGAR Á EIGIN FÉ Á ÁRINU 2013
- 115 YFIRLIT YFIR SJÓÐSTREYMI SAMSTÆÐUNNAR ÁRIÐ 2013
- 116 SKÝRINGAR VIÐ SJÓÐSTREYMISYFIRLIT SAMSTÆÐUNNAR ÁRIÐ 2013
- 117 SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

# SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG BANKASTJÓRA

Ársreikningur samstæðu Arion banka fyrir árið 2013 samanstendur af ársreikningi Arion banka hf. („bankans“) og dótturfélaga hans, en saman er vísað til þeirra sem „samstæðunnar“.

## Starfsemi á árinu

Hagnaður ársins nam 12.657 milljónum króna. Eigð fé samstæðunnar nam 144.947 milljónum króna í lok árs. Eiginfjárlutfall samstæðunnar reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 23,6% sem er vel umfram kröfur sem Fjármálaeftirlitið gerir og ákvæði í lögum. Lausafjárstaða bankans var einnig sterk í lok ársins og vel yfir lögbundnum lágmarkum. Stjórn bankans leggur til að 60% af hagnaði ársins verði greidd út sem arður á árinu 2014 vegna ársins 2013.

Rekstur samstæðunnar gekk vel á árinu og einkenndist starfsemin af auknum stöðugleika. Styrking íslensku krónunnar hefur áhrif til lækkunar á vaxtatekjur og virði lánasafnsins. Aðrir liðir í rekstri sem breytast markvert frá 2012 eru að virðisrýrnun á útlánum lækkar, sem endurspeglar þann árangur sem náðst hefur í úrvinnslu lánasafnsins á undanförunum árum. Hins vegar er umtalsverð hækkun á bankaskattinum svokallaða sem fer nærri því að þrefaldast frá fyrra ári og er hækkunin níuföld í samanburði við skattinn eins og hann var fyrst kynntur fyrir árið.

Undir lok árs 2013 var gengið frá samningi milli Arion banka hf. og Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. um uppgjör á Dróma skuldabréfinu frá 2009. Skuldabréfið er greitt m.a. með þremur lánasöfnum sem áttu sér uppruna hjá SPRON og Frjálsa fjárfestingarbankanum. Með flutningi lánasafnanna til bankans er þúsundum fyrrum viðskiptavina þessara fjármálafyrirtækja gert kleift að sameina viðskipti sín á einum stað hjá Arion banka hf., en áður höfðu innlán viðskiptavina SPRON verið flutt til bankans. Áhrif samningsins á efnahag og rekstur bankans má sjá í flutningi eigna frá verðbréfaeign yfir í útlán til viðskiptavina. Lánin sem bankinn fær eru eingöngu til einstaklinga og með því hækkar hlutfall einstaklingslána í útlánasafni bankans og nemur 48,8% í lok ársins. Samrýmist það stefnu bankans um að auka hlutfalli lána til einstaklinga. Að sama skapi hækkar vanskilahlutfall nokkuð við innkomu þessara lána, en ástand þessara lánasafna er nokkuð lakara en sambærilegra lána sem bankinn átti fyrir. Áhrif þessa samnings á rekstur bankans á árinu eru fyrst og fremst vegna virðisrýrnunarfærslu sem gerð er til að mæta mati bankans á lánunum og nemur um 1,6 milljarði króna. Nánar er fjallað um samninginn og áhrif hans í skýringu nr. 21.

Unnið hefur verið markvisst að því að styrkja fjölbreytni í fjármögnun bankans til skemmri og lengri tíma. Í þeim tilgangi hefur bankinn gefið út skuldabréfaflokka sem hafa verið seldir og skráðir hér á landi og erlendis. Bankanum hefur einnig tekist að auka bindingu innlána. Mikilvægur áfangi í fjármögnun bankans varð svo í janúar 2014 þegar Standard & Poor's gaf Arion banka lánshæfismatið BB+ með stöðugum horfum, sem er einu þrepi undir lánshæfi íslenska ríkisins.

Mikið hefur áunnist á undanförunum árum við að selja félög sem bankinn leysti til sín í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu viðskiptavina sinna og á árinu lauk sölu á eignum tengdum Fram Foods samstæðunni. Hins vegar eignaðist bankinn 38% hlut í fjarskiptafélaginu Skiptum hf. við fjárhagslega endurskipulagningu félagsins og jukust við það eignir samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Í innra starfi hefur verið lögð mikil rækt við hornsteina bankans. Þeir eru „Við gerum gagn“, „Við komum hreint fram“ og „Við látum verkin tala“. Mikill kraftur hefur verið í innleiðingu straumlínustjórnunar. Verkefnið hefur fengið nafnið A plús og er ætlað að tryggja hagkvæmni í allri starfsemi bankans með það að markmiði að bæta þjónustu og tengsl viðskiptavini hans.

Tímaritið Banker útnefndi í nóvember Arion banka hf. sem banka ársins 2013 á Íslandi. Arion banki varð fyrir valinu vegna aukinnar fjölbreytni í fjármögnun bankans, lækkaðs vanskilahlutfalls, mikillar áherslu á vöruþróun og aðgengileg rafræn viðskipti með netbanka og Arion banka snjallsímaforritinu. Arion banki er mjög stoltur af þessari alþjóðlegu viðurkenningu á þeirri vinnu sem starfsfólk bankans hefur innt af hendi á undanförunum árum og er litið á hana sem hvatningu til að gera enn betur.

Starfsmenn samstæðunnar voru í 1.145 stöðugildum í lok árs samanborið við 1.190 í lok árs 2012. Þar af voru 911 stöðugildi hjá móðurfélaginu Arion banka hf. en þau voru 949 í árslok 2012.

## ► SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG BANKASTJÓRA

### Horfur í rekstri

Arion banki er leiðandi fyrirtæki á íslenskum fjármálamarkaði með sterka stöðu á öllum tekjusiðum. Á undanförunum árum hefur áhættan í útlánasafni bankans verið minnkuð með auknu hlutfalli veðlána til einstaklinga. Útlánin eru nú til jafns til einstaklinga og fyrirtækja. Þá hefur tekist að bæta verulega fjármögnun bankans. Bankinn er fjárhagslega mjög sterkur í alþjóðlegum samanburði og býr við afar góða lausafjárstöðu.

<i>Verðbréf notuð til áhættuvarna</i>				
Skuldabréf og skuldagerningar .....	-	1.460	-	1.460
Hlutabréf og eiginfjárgerningar .....	-	978	-	978
<b>Verðbréf notuð til áhættuvarna .....</b>	<b>-</b>	<b>2.438</b>	<b>-</b>	<b>2.438</b>
Aðrar fjáreignir .....	5.030	-	-	5.030
<b>Fjáreignir .....</b>	<b>702.397</b>	<b>12.907</b>	<b>124.893</b>	<b>840.197</b>
<i>Skuldir á afskrifuðu kostnaðarverði</i>				
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka Íslands .....	32.990	-	-	32.990
Innlán frá viðskiptavinum .....	448.683	-	-	448.683
Lántaka .....	195.085	-	-	195.085
Víkjandi lán .....	34.220	-	-	34.220
<b>Skuldir á afskrifuðu kostnaðarverði .....</b>	<b>710.978</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>710.978</b>
<i>Fjárskuldir á gangvirði</i>				
Skortstöður í skuldabréfum .....	-	12.490	-	12.490
Afleiðusamningar .....	-	975	-	975
<b>Fjárskuldir á gangvirði .....</b>	<b>-</b>	<b>13.465</b>	<b>-</b>	<b>13.465</b>
Aðrar fjárskuldir .....	35.141	-	-	35.141
<b>Fjárskuldir .....</b>	<b>746.119</b>	<b>13.465</b>	<b>-</b>	<b>759.584</b>

Meðal óskráðra skuldabréfa og skuldagerninga sem færðir eru á gangvirði gegnum rekstur er skuldabréf á Dróma hf., sem samstæðan eignaðist í tengslum við yfirtöku á innlánum frá SPRON hf. í mars 2009 og var gert upp með samningi í lok árs 2013.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 21. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.

Skuldabréf og skuldagerningar á gangvirði gegnum rekstur sundurliðað eftir útgefendum	2013	2012
Fjármála- og váttryggingastarfsemi .....	1,363	70,142
Opinberir aðilar .....	55,007	40,679
Fyrirtæki .....	1,044	1,262
<b>Skuldabréf og skuldagerningar á gangvirði gegnum rekstur .....</b>	<b>57,414</b>	<b>112,083</b>

Heildarfjárhæð veðsettra skuldabréfa í árslok var 18,4 ma.kr. (2012: 35,7 ma.kr.). Veðsett skuldabréf í árslok samanstanda af skuldabréfum útgefnum af íslenska ríkinu sem voru veðsett á móti lántöku sem er hluti af skuldum við lánastofnanir og Seðlabanka Íslands í efnahagsreikningi og jafnframt á móti skortstöðum, sem falla undir fjárskuldir á gangvirði.

#### Uppgjör Dróma skuldabréfs

Í árslok 2013 náðist samkomulag við Eignasafn Seðlabanka Íslands hf. (ESÍ) um uppgjör á skuldabréfi útgefnu af Dróma hf. árið 2009 í tengslum við flutning innlána SPRON til Arion banka hf. Skuldabréfið var með veð í öllum eignum Dróma, en einnig gaf fjármálaráðuneytið út skaðleysisyfirlýsingu til handa Arion banka hf. Gjaldþagi skuldabréfsins var á miðju ári 2014, sem var þó framlengjanlegt fram til ársins 2015. Niðurstaða samkomulagsins varð sú að bankinn fengi einstaklingslán sem áður voru í eigu Dróma hf., Frjálsa hf., dótturfélags Dróma, og Hildu hf., sem er félag í eigu ESÍ, en þau lán voru áður í eigu SPRON en veðsett Seðlabanka Íslands.

Skuldabréfið, sem var að bókfærðu virði tæplega 70 milljarðar króna, verður gert upp að fullu með þessum samningum sem og uppgjör á hugsanlegu virði viðskiptatengsla sem tengdust yfirfærslu innlánanna frá SPRON á árinu 2009. Vegna þess og þeirra fyrrum viðskiptavina SPRON og Frjálsa fjárfestingarbankans sem verða viðskiptavinir Arion banka við flutning lánanna, voru eignfærð viðskiptatengsl að fjárhæð 1 milljarður króna. Fjárhagsleg áhrif þessara viðskipta voru neðangreind:

	2013
Lán til viðskiptavina .....	49,977
Fjármálagerningar, skuldabréf .....	(69,020)
Óefnislegar eignir .....	1,000
Aðrar eignir .....	1,675
<b>Áhrif á eignir .....</b>	<b>(16,368)</b>
Innlán frá viðskiptavinum .....	(15,374)
Skattskuld .....	(234)
Aðrar skuldir .....	178
<b>Áhrif á skuldir .....</b>	<b>(15,430)</b>
Vaxtatekjur af Dróma skuldabréfi .....	444
Hrein virðisbreyting lána .....	(1,616)
Tekjuskattur .....	234
<b>Áhrif á afkomu .....</b>	<b>(938)</b>

Eftirstöðvar kröfunnar að fjárhæð 1,7 m. kr. verða gerðar upp fyrir lok mars 2014 ásamt hugsanlegri leiðréttingu á flutningsvirði

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 22. Þrepaskipting gangvirðis

Samstæðan notar eftirfarandi þrepaskiptingu til að ákvarða og greina frá gangvirði eigna og skulda eftir matsaðferð:

1. þrep: skráð verð á virkum markaði á sambærilegum eignum eða skuldum,
2. þrep: virðismatsaðferð beitt þar sem allar mikilvægar breytur byggja á markaðsupplýsingum, ýmist beint eða óbeint og
3. þrep: virðismatsaðferð beitt sem felur í sér mikilvægar breytur sem byggja ekki á markaðsupplýsingum.

Samstæðan metur í lok hvers árs hvort eignir og skuldir sem reglulega eru metnar til gangvirðis hafi færst milli þrepa, með því að yfirfara flokkunina og er þá byggt á uppruna þeirra breyta sem hafa mikil áhrif á gangvirðismat eignanna.

*Eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði flokkaðar eftir þrepum*

2013	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
<i>Eignir á gangvirði</i>				
Skuldabréf og skuldagerningar .....	21.411	39.531	1.229	62.171
Hlutabréf og eiginfjárgerningar með breytilegum tekjum .....	3.570	13.441	438	17.449
Afleiðusamningar .....	-	1.070	-	1.070
Verðbréf notuð til áhættuvarna .....	4.495	1.355	-	5.850
Fjárfestingareignir .....	-	-	28.523	28.523
<b>Eignir á gangvirði .....</b>	<b>29.476</b>	<b>55.397</b>	<b>30.190</b>	<b>115.063</b>
<i>Skuldir á gangvirði</i>				
Skortstöður í skuldabréfum .....	8.199	-	-	8.199
Afleiðusamningar .....	-	761	-	761
<b>Skuldir á gangvirði .....</b>	<b>8.199</b>	<b>761</b>	<b>-</b>	<b>8.960</b>
2012				
<i>Eignir á gangvirði</i>				
Skuldabréf og skuldagerningar .....	4.397	111.914	1.420	117.731
Hlutabréf og eiginfjárgerningar með breytilegum tekjum .....	1.799	14.530	515	16.844
Afleiðusamningar .....	-	788	-	788
Verðbréf notuð til áhættuvarna .....	1.733	706	-	2.438
Fjárfestingareignir .....	-	-	28.919	28.919
<b>Eignir á gangvirði .....</b>	<b>7.929</b>	<b>127.937</b>	<b>30.854</b>	<b>166.720</b>
<i>Skuldir á gangvirði</i>				
Skortstöður í skuldabréfum .....	12.490	-	-	12.490
Afleiðusamningar .....	-	975	-	975
<b>Skuldir á gangvirði .....</b>	<b>12.490</b>	<b>975</b>	<b>-</b>	<b>13.465</b>

Engar eignir hafa færst milli 1. og 2. þreps á árunum 2013 og 2012.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 22. Prepaskipting gangvirðis, frh.

Gangvirði eignar og skuldar er sú fjárhæð sem hægt væri að skipta á fyrir eign eða gera upp skuld í frjálsum viðskiptum milli aðila, þ.e. ekki með nauðungarsölu eða slitum. Birt verð á virkum markaði er besta vísbendingin um gangvirði og þegar það liggur fyrir er það notað af samstæðunni til að meta eignir og skuldir á gangvirði. Ef birt verð endurspeglar ekki raunveruleg og reglubundin viðskipti á virkum markaði, eða ef birt verð er ekki aðgengilegt yfir höfuð, er gangvirði ákvarðað með því að nota viðeigandi matsaðferð.

*Aðferðir til þess að ákvarða gangvirði*

#### 1. þrep: Gangvirði ákvarðað út frá markaðsverði

Besta vísbending um gangvirði eignar eða skuldar við upphaflega skráningu er viðskiptaverðið, nema gangvirðið megi ákvarða með samanburði við önnur markaðsviðskipti eða grundvalla á matsaðferð þar sem notaðar eru breytur sem byggja á markaðsupplýsingum.

Í sumum tilvikum er bókfært virði eigna og skulda í skýringu 21 notað sem námundun á gangvirði. Þetta er einfalt þegar um er að ræða handbært fé en er einnig notað varðandi skammtímafjárfestingar og lán til mjög lánshæfra gagnaðila, svo sem lánastofnana, með samningum þar sem vextir eru svipaðir eða jafngildir markaðsvöxtum og útlánaáhætta samstæðunnar er lítil eða engin.

Í tilviki skráðra og auðseljanlegra hlutabréfa og skuldabréfa, tiltekinna afleiðusamninga og annarra markaðsverðbréfa er gangvirði reiknað beint út frá markaðsverði. Þessir gerningar eru færðir undir fjármálagerninga og fjárskuldir á gangvirði í efnahagsreikningi.

#### 2. þrep: Gangvirði ákvarðað með matsaðferðum á grundvelli markaðsupplýsinga

Í tilviki eigna og skulda þar sem ekki er fyrir hendi virkur markaður beitir samstæðan tilteknum verklagsreglum og verðmatsaðferðum til þess að fá fram gangvirði á grundvelli eins mikilla markaðsupplýsinga og tiltækar eru. Meðal verðmatsaðferða er notkun nýlegra markaðsviðskipta milli óskyldra, upplýstra og viljugra aðila, ef þau eru tiltæk, vísun í gildandi gangverð sams konar eignar eða skuldar, núvirðisgreiningu sjóðstreymis, verðmatslíkön valréttarsamninga eða aðrar viðteknar verðmatsaðferðir sem markaðsaðilar beita við verðlagningu eignarinnar eða skuldarinnar.

Varðandi eignir og skuldir þar sem ekki er fyrir hendi verð á virkum markaði er gangvirði ákvarðað með ýmsum verðmatsaðferðum. Þetta á einkum við um afleiðusamninga á tilboðsmarkaði, svo sem valréttarsamninga, skiptasamninga, framvirka samninga og óskráð hlutabréf, en einnig ýmsar aðrar eignir og skuldir.

Í flestum tilvikum er verðmatið byggt á fræðilegum fjármálalíkönunum á borð við Black Scholes líkanið eða afbrigðum þess. Í þeim verðmatsaðferðum felst einnig framvirk verðlagning og skiptalíkön þar sem beitt er núvirtu greiðslufæði.

Gangvirði innlána með föstum binditíma er reiknað með því að núvirða áætlað greiðslufæði á grundvelli gildandi markaðsvaxta sambærilegs binditíma. Að því er varðar innlán sem laus eru til úttekta án fyrirvara er gangvirðið fjárhæðin sem til greiðslu kemur við úttekt og svarar það til bókfærðs virðis í efnahagsreikningi.

#### 3. þrep: Gangvirði ákvarðað með matsaðferðum sem byggja að miklu leyti á upplýsingum sem ekki er hægt að staðfesta á markaði

Í mörgum tilvikum liggja litlar eða engar upplýsingar fyrir til útreiknings á gangvirði. Algengasta verðmatsaðferðin er núvirðing. Slíkir útreikningar byggja á áætluðu framtíðar sjóðstreymi og viðeigandi ávöxtunarkröfu. Ávöxtunarkrafan ætti að taka mið bæði af gildandi markaðsbreytum og óvissu varðandi vænt sjóðstreymi. Í slíkum tilvikum eru notuð innri líkön og aðferðir til þess að reikna gangvirði. Slík líkön kunna að vera tölfræðilegs eðlis, byggja á ytri eða innri sögu eigna og skulda með svipaða eiginleika og/eða byggja á þekkingu og reynslu samstæðunnar. Til að mynda er vaxtaálag á flest lán til viðskiptavina, sem bætt er við gildandi og eðlilega vexti til þess að ná fram viðeigandi ávöxtunarkröfu, áætlað með því að nota lánshæfismat og vænt tap vegna vanskila, sem fengið er úr líkönun sem samstæðan notar.

Hlutfjárgerningar sem eru ekki með skráð markaðsverð eru metnir með aðferðum og leiðbeiningum sem koma frá alþjóðastofnunum. Í flestum tilvikum er innra virði grundvöllur verðmatsins, en aðrir þættir á borð við sjóðstreymisgreiningu geta einnig haft áhrif á niðurstöður.

Við mat á gangvirði fjárfestingareigna í útleigu er núvirt vænt sjóðstreymi reiknað út. Við ákvörðun á væntu sjóðstreymi er stuðst við almennt viðurkenndar matsaðferðir, svo sem alþjóðlega verðmats staðallinn IVS nr. 1, Market Value Basis of Valuation. Mikill meirihluti fjárfestingareigna samstæðunnar er metinn með áður nefndum matsaðferðum, en þegar aðstæður leyfa þær ekki er byggt á mati stjórnenda.

Við mat á gangvirði fjárfestingareigna í byggingu er stuðst við mat stjórnenda en það byggir á nýlegum viðskiptum og tilboðum í sambærilegar eignir.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 22. Þrepaskipting gangvirðis, frh.

Ákvörðun um þrepaskiptingu eigna er gerð í lok hvers árs.

Hreyfingar á eignum í 3. þrepi	Fjárfestingareignir		Fjáreignir		Samtals	
	2013	2012	2013	2012	2013	2012
Staða í ársbyrjun .....	28.919	27.100	1.935	2.021	30.854	29.121
Matsbreytingar .....	1.219	1.584	231	191	1.450	1.775
Viðbætur .....	1.804	3.729	-	105	1.804	3.834
Sala .....	(3.419)	(3.494)	(407)	(391)	(3.826)	(3.885)
Flutt í 3. þrep .....	-	-	-	9	-	9
Flutt úr 3. þrepi .....	-	-	(92)	-	(92)	-
<b>Staða í árslok .....</b>	<b>28.523</b>	<b>28.919</b>	<b>1.667</b>	<b>1.935</b>	<b>30.190</b>	<b>30.854</b>

Áhrif á heildarafkomu vegna breytinga á gangvirði í 3. þrepi koma fram í eftirfarandi liðum

	2013	2012
Hreinar vaxtatekjur .....	82	151
Hreinar fjármunatekjur .....	149	40
Aðrar rekstrartekjur .....	1.219	1.584
<b>Hagnaður (tap) fært í yfirlit um heildarafkomu .....</b>	<b>1.450</b>	<b>1.775</b>

Mikilvægar óstaðfestanlegar forsendur við verðmat

	Mats- aðferð	Mikilvægar óstaðfestanlegar breytur	Bil (vegið meðaltal)	Næmni breyta fyrir gangvirði
Fjárfestingareignir í útleigu .....	Núvirt sjóðstreymi	Ávöxtunarkrafa	4,4-6,3%	+ / - 0,5% breyting ávöxtunarkröfu myndi valda hækkun / lækkun gangvirðis um 2.072 / 1.735 m.kr.
Fjárfestingareignir í byggingu .....	Stjórnenda- mat	Ár í núvirðisútreikningum	1/2-4 ár	+ / - 1 árs breyting myndi valda hækkun / lækkun gangvirðis um 436 / 493 m. kr.

#### Mikilvægt reikningshaldslegt mat og áætlanir

Þar sem mat á gangvirði eigna í 3. þrepi er byggt á matsaðferðum sem fela í sér mikilvægar óstaðfestanlegar breytur er óvissa um raunverulegt gangvirði þeirra.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 22. Þrepaskipting gangvirðis, frh.

Bókfært virði og gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem ekki eru færðar á gangvirði í samstæðureikningnum. Taflan inniheldur ekki gangvirði ófjárhagslegra eigna og skulda.

	Bókfært verð	Gangvirði	Óinnleystur hagnaður (tap)
<b>2013</b>			
Fjáreignir sem ekki eru færðar á gangvirði			
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .....	37.999	37.999	-
Lán til lánastofnana .....	102.307	102.307	-
Lán til viðskiptavina .....	635.774	626.825	(8.949)
Aðrar fjáreignir .....	5.746	5.746	-
<b>Fjáreignir sem ekki eru færðar á gangvirði .....</b>	<b>781.826</b>	<b>772.877</b>	<b>(8.949)</b>
Fjárskuldir sem ekki eru færðar á gangvirði			
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka Íslands .....	28.000	28.000	-
Innlán frá viðskiptavinum .....	471.866	472.063	(197)
Lántaka .....	204.568	196.981	7.587
Víkjandi lán .....	31.918	31.918	-
Aðrar fjárskuldir .....	36.747	36.747	-
<b>Fjárskuldir sem ekki eru færðar á gangvirði .....</b>	<b>773.099</b>	<b>765.709</b>	<b>7.390</b>
<b>Óinnleystur hagnaður (tap) sem ekki er færður í yfirlit um heildarafkomu .....</b>			<b>(1.559)</b>
<b>2012</b>			
Fjáreignir sem ekki eru færðar á gangvirði			
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .....	29.746	29.746	-
Lán til lánastofnana .....	101.011	101.011	-
Lán til viðskiptavina .....	566.610	555.468	(11.142)
Aðrar fjáreignir .....	5.030	5.030	-
<b>Fjáreignir sem ekki eru færðar á gangvirði .....</b>	<b>702.397</b>	<b>691.255</b>	<b>(11.142)</b>
Fjárskuldir sem ekki eru færðar á gangvirði			
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka Íslands .....	32.990	32.990	-
Innlán frá viðskiptavinum .....	448.683	449.047	(364)
Lántaka .....	195.085	195.562	(478)
Víkjandi skuldir .....	34.220	34.220	-
Aðrar fjárskuldir .....	35.141	35.141	-
<b>Fjárskuldir sem ekki eru færðar á gangvirði .....</b>	<b>746.119</b>	<b>746.960</b>	<b>(842)</b>
<b>Óinnleystur hagnaður (tap) sem ekki er færður í yfirlit um heildarafkomu .....</b>			<b>(11.984)</b>

Fjáreignir og fjárskuldir bera í flestum tilvikum breytilega vexti. Eignir sem ekki bera breytilega vexti eru metnar til gangvirðis með 2. þreps aðferðum þar sem byggt er á markaðsupplýsingum um vexti.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 22. Þrepaskipting gangvirðis, frh.

Afleiðusamningar	Gangvirði	
	Eignir	Skuldir
2013		
Framvirkir gjaldmiðlasamningar, óskráðir .....	68	20
Vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningar, óskráðir .....	518	42
Skiptasamningar með skuldabréf, óskráðir .....	4	54
Skiptasamningar með hlutabréf, óskráðir .....	33	632
Valréttarsamningar, óskráðir .....	447	13
<b>Afleiðusamningar .....</b>	<b>1.070</b>	<b>761</b>
2012		
Framvirkir gjaldmiðlasamningar, óskráðir .....	250	92
Vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningar, óskráðir .....	71	792
Skiptasamningar með skuldabréf, óskráðir .....	17	42
Skiptasamningar með hlutabréf, óskráðir .....	16	49
Valréttarsamningar, óskráðir .....	434	-
<b>Afleiðusamningar .....</b>	<b>788</b>	<b>975</b>



## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 23. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignir sem falla undir jöfnunarsamninga eða sambærilega samninga sem beita má án skilyrða

	Eignir sem falla undir jöfnunarsamninga			Jöfnunarmöguleikar sem ekki eru færðir í efnahagsreikningi			Eignir eftir að tekið er tillit til jöfnunarmöguleika	Eignir sem ekki falla undir jöfnunarsamninga	Heildar eignir í efnahagsreikningi
	Eignir fyrir jöfnun í efnahagsreikningi	Skuldir jafnaðar á móti eignum í efnahag	Hreinar eignir í efnahagsreikningi	Fjárskuldir	Móttækna veðtryggingar				
2013									
Öfug endurhverf viðskipti .....	10.381	-	10.381	(8.199)	-	2.182	-	10.381	
Jákvætt virði skiptasamninga .....	389	-	389	(22)	-	367	681	1.070	
Aðrar eignir nettaðar móti innlánnum	17.049	(15.374)	1.675	-	-	1.675	-	1.675	
<b>Eignir samtals</b>	<b>27.819</b>	<b>(15.374)</b>	<b>12.445</b>	<b>(8.221)</b>	<b>-</b>	<b>4.224</b>	<b>681</b>	<b>13.126</b>	
2012									
Öfug endurhverf viðskipti .....	13.095	-	13.095	(12.350)	-	745	-	13.095	
Jákvætt virði skiptasamninga .....	170	-	170	(8)	-	162	618	788	
<b>Eignir samtals</b>	<b>13.265</b>	<b>-</b>	<b>13.265</b>	<b>(12.358)</b>	<b>-</b>	<b>907</b>	<b>618</b>	<b>13.883</b>	

Fjárskuldir sem falla undir nettunarsamninga eða sambærilega samninga sem beita má án skilyrða

	Skuldir sem falla undir jöfnunarsamninga			Jöfnunarmöguleikar sem ekki eru færðir í efnahagsreikningi			Skuldir eftir að tekið er tillit til jöfnunarmöguleika	Skuldir sem ekki falla undir jöfnunarsamninga	Heildar skuldir í efnahagsreikningi
	Skuldir fyrir jöfnun í efnahagsreikningi	Eignir jafnaðar á móti skuldum í efnahag	Hreinar skuldir í efnahagsreikningi	Fjáreignir	Afhentar veðtryggingar				
2013									
Endurhverf viðskipti .....	8.199	-	8.199	(8.199)	-	-	-	8.199	
Neikvætt virði skiptasamninga .....	39	-	39	(22)	-	17	722	761	
Aðrar eignir nettaðar móti innlánnum	15.374	(15.374)	-	-	-	-	-	-	
<b>Skuldir samtals</b>	<b>23.612</b>	<b>(15.374)</b>	<b>8.238</b>	<b>(8.221)</b>	<b>-</b>	<b>17</b>	<b>722</b>	<b>8.960</b>	
2012									
Endurhverf viðskipti .....	12.350	-	12.350	(12.350)	-	-	-	12.350	
Neikvætt virði skiptasamninga .....	806	-	806	(8)	-	798	169	975	
<b>Skuldir samtals</b>	<b>13.156</b>	<b>-</b>	<b>13.156</b>	<b>(12.358)</b>	<b>-</b>	<b>798</b>	<b>-</b>	<b>13.325</b>	

Nánar er greint frá reikningsskilaaðferðum vegna jöfnunar fjáreigna og fjárskulda í skýringu 53.

## SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 24. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum

	2013	2012
<i>Hlutdeild samstæðunnar í helstu hlutdeildarfélögum</i>		
Auðkenni hf., Borgartúni 31, 105 Reykjavík .....	20,0%	20,0%
Bakkavör Group Ltd., West Marsh Road, Spalding, Lincolnshire, Bretlandi .....	45,8%	30,1%
Farice ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogi .....	39,3%	43,5%
GO fjárfesting ehf., Undirheimum, 845 Flúðum .....	30,0%	30,0%
Klakki ehf., Ármúla 3, 108 Reykjavík .....	31,8%	36,3%
Reiknistofa bankanna hf., Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík .....	21,7%	23,3%
Reitir fasteignafélag hf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík .....	42,7%	42,7%
Sementsverksmiðjan ehf., Mánabraut 20, 300 Akranesi .....	23,6%	23,6%
Skipti hf., Ármúla 25, 108 Reykjavík .....	38,3%	-
SMI ehf., Smáratorgi 3, 210 Kópavogi .....	-	39,1%
<i>Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum</i>		
Staða í ársbyrjun .....	7.050	2.987
Viðbætur á árinu .....	8.903	1.658
Selt á árinu .....	(10)	-
Hlutdeild í afkomu og hækkun á virði .....	1.986	2.405
<b>Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum .....</b>	<b>17.929</b>	<b>7.050</b>

Kröfuhafar Skipta hf. náðu þann 30. apríl 2013 samkomulagi um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins. Arion banki hf. sem var stærsti kröfuhafinn breytti kröfum í hlut og fer eftir viðskiptin með 38,3% hlut í Skiptum hf.

<i>Samandregnar fjárhagsupplýsingar hlutdeildarféлага samstæðunnar*</i>	2013	2012
Eignir samtals .....	457.202	560.268
Skuldir samtals .....	(316.762)	(446.287)
<b>Hrein eign .....</b>	<b>140.441</b>	<b>113.981</b>
Tekjur hlutdeildarféлага .....	263.365	396.201
Afkoma hlutdeildarféлага .....	9.595	(11.200)

Ofangreindar fjárhæðir byggja á bókfærðu virði hreinnar eignar í bókum hvers og eins hlutdeildarfélags og endurspeglar ekki mat bankans á virði eignarinnar.

\*Ofangreindar upplýsingar voru ekki endurskoðaðar eða kannaðar af endurskoðendum bankans.

### 25. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir skiptast í þrjá flokka: innviði, viðskiptatengsl og tengda samninga og hugbúnað. Innviðir, viðskiptatengsl og tengdir samningar myndast í formi yfirverðs í tengslum við kaup á starfsemi dótturfélaga, en hugbúnaður á sér uppruna í kaupum á hugbúnaðarleyfum og við upptöku hugbúnaðarins í rekstri samstæðunnar.

Innviðir, sem eignfærðir eru sem óefnisleg eign, tengjast tveimur starfsþáttum bankans, þ.e. eignastýringu í bankanum sjálfum og dótturfélagi hans Stefni hf. og kreditkortastarfsemi í Valitor holding hf., sem er dótturfélag bankans. Í báðum tilvikum byggir starfsemin á áralangri uppbyggingu þekkingar og kerfa þar sem lagður hefur verið verðmætur grunnur að framtíðarvexti. Virðisrýrnunarpróf er framkvæmt árlega eins og lýst er hér að neðan.

Viðskiptatengsl og tengdir samningar tengjast dótturfélögum sem bankinn keypti á árunum 2008-2009. Eignin byggir á þeim forsendum að viðskiptatengsl og samningar leiði af sér reglulegar greiðslur og tekjur hjá viðkomandi rekstrareiningum. Viðskiptin sem um ræðir tilheyra Okkar líftryggingum hf., Ekortum ehf. og Tekjuvernd ehf. Á hverju ári eru gildandi samningar yfirfarnir og bornir saman við samninga sem giltu á kauptímanum. Virðisrýrnun á sér stað ef samningum er lokað og nam gjaldfærð virðisrýrnun á árinu 0,5 m.kr. (2012: ekkert).

## SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 25. Óefnislegar eignir, frh.

Í árslok 2013 var gengið frá uppgjöri á skuldabréfi útgefnu af Dróma í tengslum við yfirtöku Arion banka á innlánnum SPRON á árinu 2009. Jafnframt uppgjöri á skuldabréfinu var gerð upp óefnisleg eign sem aðilar voru sammála um að væri tengd þeim viðskiptavinum sem komu inn í bankann með flutningi innlánanna 2009 og þeim lánum sem Arion banki tók sem greiðslu fyrir skuldabréfið. Bankinn mat þessi viðskiptensgl á 1 ma.kr. og mun afskrifa þá eign á 5-7 árum.

Hugbúnaður samanstendur af keyptum hugbúnaðarleyfum og eru þau eignfærð á kostnaðarverði ásamt kostnaði við að taka þau í notkun. Hugbúnaðarleyfi sem eignfærð eru sem óefnislegar eignir eru afskrifuð á nýtingartíma sínum, sem áætlaður er 3-5 ár.

2013	Viðskipta- tensgl og tengdir		Hug- búnaður	Samtals
	Innviðir	Samningar		
Staða í ársbyrjun .....	3.914	144	883	4.941
Viðbætur á árinu .....	-	1.000	841	1.841
Niðurfærsla .....	(839)	-	-	(839)
Afskrift .....	-	-	(560)	(560)
<b>Óefnislegar eignir .....</b>	<b>3.075</b>	<b>1.144</b>	<b>1.164</b>	<b>5.383</b>
2012				
Staða í ársbyrjun .....	3.886	144	735	4.765
Viðbætur á árinu .....	28	-	685	713
Afskrift .....	-	-	(537)	(537)
<b>Óefnislegar eignir .....</b>	<b>3.914</b>	<b>144</b>	<b>883</b>	<b>4.941</b>

#### Virðisrýrnunarpróf

Aðferðafræðin við virðisrýrnunarpróf á innviðum byggir á notkun núvirðingarlíkans þar sem tekið er mið af áhrifaþáttum sem leiða af rekstrinum og umhverfi hans.

Líkanið sem notað er til þess að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð er viðkvæmast fyrir breytingum á spám um hagnað sem verður til ráðstöfunar fyrir hluthafa á hverju fimm ára tímabili, ávöxtunarkröfu og breytingar á vaxtarstigi. Slík greining leiddi til virðisrýrnunar að fjárhæð 839 m. kr. að því er varðar greiðslukortastarfsemi á árinu 2013 (2012: ekkert).

Ávöxtunarkrafa og vaxtarstig	2013		2012	
	Ávöxtunar krafa	Vaxtar stig	Ávöxtunar krafa	Vaxtar stig
Eignastýring .....	13,1%	2,5%	12,4%	2,5%
Kreditkortastarfsemi .....	15,1%	4-10%	13,9%	4,3%

### 26. Skatteign og skattskuldir

	2013		2012	
	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
Skattur ársins .....	-	3.698	17	1.899
Frestaður skattur .....	818	1.226	446	1.338
<b>Skatteign og skattskuldir .....</b>	<b>818</b>	<b>4.924</b>	<b>463</b>	<b>3.237</b>

#### Uppruni frestaðrar skatteignar og skattskuldbindingar

Eignir og skuldir tilgreindar í erlendri mynt .....	25	(212)	-	(694)
Fjárfestingareignir og varanlegir rekstrarfjármunir .....	144	(1.770)	-	(215)
Fjáreignir .....	580	-	11	(1.343)
Aðrar eignir og skuldir .....	514	(90)	550	(47)
Frestun innlausnar á myntgengismuni .....	79	-	168	(81)
Yfirfærnanlegt skattalegt tap .....	322	-	759	-
	1.664	(2.072)	1.488	(2.380)
Innbýðis jöfnun frestaðra skatteigna við frestaðar skattskuldir sömu skattaðila .....	(846)	846	(1.042)	1.042
<b>Frestuð skatteign og -skuldbinding .....</b>	<b>818</b>	<b>(1.226)</b>	<b>446</b>	<b>(1.338)</b>

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 26. Skatteign og skattskuldir, frh.

Félag í samstæðunni eiga yfirfæranlegt skattalegt tap sem jafngildir skatteign að fjárhæð 728 m.kr. (31.12.2012: 1.371 m.kr.), sem ekki er færð til eignar í samstæðureikningnum vegna óvissu um mögulega nýtingu tapsins.

	Ársbyrjun	Fært gegnum rekstur	Árslok
<i>Breytingar á frestaðri skatteign og skattskuldbindingu</i>			
2013			
Eignir og skuldir tilgreindar í erlendri mynt .....	(248)	61	(187)
Fjárfestingareignir og varanlegir rekstrarfjármunir .....	(1.275)	(351)	(1.626)
Fjáreignir .....	565	15	580
Aðrar eignir og skuldir .....	11	413	424
Frestaður myntgengismunur .....	(696)	775	79
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	751	(429)	322
<b>Breyting á frestaðri skatteign og skattskuldbindingu .....</b>	<b>(892)</b>	<b>484</b>	<b>(408)</b>
2012			
Eignir og skuldir tilgreindar í erlendri mynt .....	(222)	(26)	(248)
Fjárfestingareignir og varanlegir rekstrarfjármunir .....	(529)	(746)	(1.275)
Fjáreignir .....	611	(46)	565
Aðrar eignir og skuldir .....	(42)	53	11
Frestaður myntgengismunur .....	(897)	201	(696)
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	660	91	751
<b>Breyting á frestaðri skatteign og skattskuldbindingu .....</b>	<b>(419)</b>	<b>(473)</b>	<b>(892)</b>

### 27. Aðrar eignir

	2013	2012
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi .....	10.046	11.923
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	6.943	6.311
Viðskiptakröfur .....	4.610	4.084
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	690	687
Áfallnar tekjur .....	619	456
Óuppgerð verðbréfavíðskipti .....	255	125
Ýmsar eignir .....	413	549
<b>Aðrar eignir .....</b>	<b>23.576</b>	<b>24.135</b>

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 27. Aðrar eignir, frh.

<i>Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi</i>	2013	2012
Dótturfélög .....	300	1.733
Hlutdeildarfélag .....	5.457	6.384
Fasteignir .....	4.150	3.275
Aðrar eignir .....	139	531
<b>Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi .....</b>	<b>10.046</b>	<b>11.923</b>

Dótturfélög eru félag sem voru yfirtekin með það að markmiði að selja aftur og eru þau flokkuð sem fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi í samræmi við IFRS 5.

Helsta eignir meðal hlutdeildarféлага sem flokkuð eru sem aflögð starfsemi er HB Grandi hf. (31% hlutur).

Fasteignir og aðrar eignir sem flokkast sem fastafjármunir til sölu eru yfirleitt til komnar vegna þess að gengið var að veði hjá félögum og einstaklingum.

	2013	2012
Skuldir tengdar dótturfélögum til sölu .....	567	1.769

#### *Mikilvægt reikningshaldslegt mat og áætlanir*

Hlutdeildarfélag sem eingöngu eru yfirtekin til endursölu eru metin á kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði hvort sem lægra reynist. Að jafnaði var gangvirði á flokkunardegi þessara lögaðila reiknað með því að nota matslíkön byggð á núvirtu framtíðar sjóðstreymi þar sem tekið var mið af mikilvægum breytum og forsendum sem ekki var unnt að ákvarða á grundvelli fyrirbyggjandi markaðsupplýsinga. Notkun annarra raunhæfra gagna eða forsendna í stað þessara líkana, einkum breytingar á þeirri ávöxtunarkröfu sem notuð var (sem samsvarar ávöxtunarkröfu á eigið fé), kynni að hafa áhrif á gangvirði þessara eigna.

Fasteignir sem eingöngu eru yfirteknar til endursölu eru metnar á kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvoru sem lægra reynist. Gangvirði við flokkun er byggt á mati óháðra fasteignamatsmanna eða mati stjórnenda. Þar sem gangvirðismat á fasteignum er byggt á verðmatsaðferðum er óvissa um raunvirði eignanna.

	Fasteignir	Tæki og búnaður	Samtals 2013	Samtals 2012
<i>Varanlegir rekstrarfjármunir</i>				
Upphaflegt kostnaðarverð í ársbyrjun .....	5.104	4.013	9.117	8.197
Viðbætur á árinu .....	1.104	1.077	2.181	961
Selt á árinu .....	(189)	(39)	(228)	(41)
Flutt meðal fjárfestingareigna .....	(166)	-	(166)	-
Upphaflegt kostnaðarverð í árslok .....	5.853	5.051	10.904	9.117
Uppsafnaðar afskriftir í ársbyrjun .....	(654)	(2.152)	(2.806)	(1.926)
Afskrifað á árinu .....	(389)	(839)	(1.228)	(899)
Selt á árinu .....	24	28	52	19
Flutt meðal fjárfestingareigna .....	21	-	21	-
Uppsafnaðar afskriftir í árslok .....	(998)	(2.963)	(3.961)	(2.806)
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir .....</b>	<b>4.855</b>	<b>2.088</b>	<b>6.943</b>	<b>6.311</b>

Fasteignamat nam 5,025 m.kr. í árslok (2012: 4.954 m.kr.). Vátryggingarmat fasteigna nam 9,466 m.kr. í árslok (2012: 9.633 m.kr.).

## SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

28. Aðrar skuldir	2013	2012
Viðskiptaskuldir .....	19.264	19.318
Skuldbinding vegna uppgerðra gengislána .....	4.524	4.625
Óuppgerð verðbréfavíðskipti .....	144	842
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta .....	2.886	2.919
Tryggingarkrafa .....	2.266	2.138
Fjármagnstekjuskattur .....	1.552	1.926
Skuldir tengdar aflagðri starfsemi .....	567	1.769
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki .....	2.835	357
Ýmsar skuldir .....	9.629	8.223
<b>Aðrar skuldir</b> .....	<b>43.667</b>	<b>42.117</b>

29. Lántaka	2013	2012					
	Útgefið	Loka- gjaldhagi	Greiðslu- skilmálar	Mynt	Vaxtakjör	2013	2012
Sértryggð skuldabréf .....	2013	2019	Á lokadegi	ISK	Verðtryggt, fastir 2,50%	4.453	-
Sértryggð skuldabréf .....	2012	2015	Á lokadegi	ISK	Fastir 6,50%	4.378	2.540
Sértryggð skuldabréf .....	2012	2034	Afborganir	ISK	Verðtryggt, fastir 3,60%	2.603	2.592
Sértryggð skuldabréf .....	2008	2045	Afborganir	ISK	Verðtryggt, fastir 4,00%	21.361	20.922
Sértryggð skuldabréf .....	2008	2031	Afborganir	ISK	Verðtryggt, fastir 4,00%	4.934	4.948
Sértryggð skuldabréf .....	2006	2048	Afborganir	ISK	Verðtryggt, fastir 3,75%	77.894	76.169
Sértryggð skuldabréf .....	2005	2033	Afborganir	ISK	Verðtryggt, fastir 3,75%	17.873	17.819
<b>Sértryggð skuldabréf</b> .....						<b>133.497</b>	<b>124.991</b>
Óveðtryggð skuldabréf .....	2013	2016	Á lokadegi	NOK	Breytil. NIBOR +5,00%	9.356	-
Óveðtryggð skuldabréf .....	2010	2018	Afborganir	ISK	Breytil. REIBOR +1,00%	2.662	3.192
Óveðtryggð skuldabréf .....	2009	2018	Afborganir	EUR	Breytil. EURIBOR +1,00%	2.202	2.815
Veðtryggð skuldabréf, Landfestar .....	2010	2044	Afborganir	ISK	Verðtryggt, fastir 4,70%	2.932	2.902
<b>Útgefin skuldabréf</b> .....						<b>17.152</b>	<b>8.909</b>
Seðlabanki Íslands, veðtryggt .....	2010	2022	Á lokadegi	Fjölmynt	Breytil. LIBOR + 3,00%	52.998	60.056
Önnur lántaka .....						922	1.129
<b>Önnur lán</b> .....						<b>53.920</b>	<b>61.185</b>
<b>Lántaka</b> .....						<b>204.568</b>	<b>195.085</b>

Bókfært virði skráðra skuldabréfa var 23.770 m.kr. í árslok (31.12.2012: 8.034 m.kr.) og markaðsvirði þeirra var 24.472 m.kr. (31.12.2012: 8.512 m.kr.).

Samstæðan keypti engar eigin skuldir á árinu 2013 (2012: ekkert).

30. Víkjandi lán	Útgefið	Loka- gjaldhagi	Greiðslu- skilmálar	Mynt	Vaxtakjör	2013	2012
Eiginfjárbáttur B .....	2010	2020	Á lokadegi	Fjölmynt	Breytil., LIBOR + 4.00%*	31.918	34.220
<b>Víkjandi lán</b> .....						<b>31.918</b>	<b>34.220</b>

\*Árið 2015 breytast vextir í 3ja mánaða EURIBOR/LIBOR +500 bps.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 31. Veðsettar eignir

<i>Veðsettar eignir vegna lántöku</i>	2013	2012
Eignir sem hafa verið settar að veði vegna lántöku .....	258.762	248.864
Eignir sem hafa verið settar að veði vegna lána frá lánastofnunum og skortstöðu .....	18.440	35.701
<b>Eignir veðsettar vegna lántöku .....</b>	<b>277.202</b>	<b>284.565</b>

Samstæðan hefur sett eignir að veði vegna lántöku, bæði vegna sértryggðrar skuldabréfaútgáfu og annarrar skuldabréfaútgáfu auk lánasamninga. Samanlagt virði veðsettra eigna var 259 ma.kr. í lok árs (2012: 249 ma.kr.). Stærstur hluti þessara eigna var safn verðtryggðra lána til einstaklinga, lán til sveitarfélaga og lán til opinberra aðila. Bókfært virði lántökunnar var 189 ma.kr. í lok ársins (2012: 188 ma.kr.)

Eignir eru fyrst og fremst veðsettar á móti lánum sem tekin voru í tengslum við kaup á viðkomandi eignum. Þar skera tveir atburðir sig úr. Lánasafn var keypt af Seðlabanka Íslands í tengslum við endurfjármögnun Arion banka hf. 8. janúar 2010 og íbúðalánasafn var keypt af Kaupþingi hf. sem er veðsett á móti sértryggðum skuldabréfum sem Kaupþing hf. gaf út en Arion banki hf. yfirtók í árslok 2011.

Samstæðan hefur veðsett skuldabréf vegna skammtímalána frá Seðlabanka Íslands og vegna skortstöðu tengdri skiptasamningum, til að verjast markaðsáhættu vegna viðkomandi eigna.

### 32. Eigið fé

#### *Hlutafé og yfirverðsreikningur hlutafjár*

Samkvæmt samþykktum Arion banka hf. er heildarhlutafé bankans 2.000 m.kr. að nafnvirði þar sem hver hlutur nemur 1 krónu. Handhafar almennra hlutabréfa eiga rétt á arði samkvæmt ákvörðun aðalfundar hverju sinni og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut á hluthafafundum.

	Nafnverð	2013	Nafnverð	2012
Útgefið hlutafé .....	2.000	75.861	2.000	75.861
	2.000	75.861	2.000	75.861

Yfirverðsreikningur hlutafjár samanstendur af greiðslum hluthafa umfram nafnverð fyrir hlutabréf sem gefin eru út af Arion banka hf.

<i>Varasjóðir</i>	2013	2012
Lögbundinn varasjóður .....	1.637	1.637
Þýðingarmunur vegna reikningsskila dótturfélaga í erlendri mynt .....	-	2
<b>Varasjóðir .....</b>	<b>1.637</b>	<b>1.639</b>



## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### LIÐIR UTAN EFNAHAGS

#### 33. Skuldbindingar 2013 2012

*Ábyrgðir, ónýttar yfirdráttarheimildir og lánsloforð sem samstæðan hefur veitt viðskiptavinum sínum*

Ábyrgðir .....	9.922	9.185
Ónýttar yfirdráttarheimildir .....	37.371	34.545
Lánsloforð .....	48.585	36.001

*Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta*

Á Alþingi hefur verið til umræðu frumvarp um nýjan tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Vegna óvissu um lagasetningu í framtíðinni er skuldbinding vegna fyrri ára óbreytt og nemur 2.669 m.kr. í árslok. Samstæðan hefur veitt sjóðnum ábyrgð vegna skuldbindinga að fjárhæð 3.210 m.kr.

#### 34. Skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga

*Samstæðan sem leigutaki*

Samstæðan hefur gert leigusamninga um nokkrar fasteignir sem hún notar í rekstri sínum. Leigusamningar þessir eru til allt að 22ja ára. Í flestum samningum eru framlengingarákvæði.

	2013	2012
Innan 1 árs .....	272	339
Eftir 1 til 5 ár .....	960	1.173
Eftir meira en 5 ár .....	800	1.115
<b>Lágmarksleigugreiðslur samkvæmt óuppsegjanlegum leigusamningum .....</b>	<b>2.032</b>	<b>2.627</b>

*Samstæðan sem leigusali*

Samstæðan hefur gert leigusamninga um fjárfestingareignir sínar og fasteignir. Leigusamningarnir eru til allt að 17 ára og eru flestir óuppsegjanlegir.

	2013	2012
Innan 1 árs .....	2.353	2.084
Eftir 1 til 5 ár .....	5.086	5.898
Eftir meira en 5 ár .....	1.480	1.968
<b>Lágmarksleigugreiðslur samkvæmt óuppsegjanlegum leigusamningum .....</b>	<b>8.919</b>	<b>9.950</b>

#### 35. Eignir í stýringu og vörslu

Eignir í stýringu .....	895.457	819.684
Eignir í vörslu .....	1.490.888	1.378.454

#### 36. Lögfræðileg málefni

Samstæðan hefur markað sér stefnu og komið upp ferlum til þess að halda utan um lögfræðileg ágreiningsefni. Þegar faglegrar ráðgjafar hefur verið leitað og fjárhæð hugsanlegs taps hefur verið áætluð með raunhæfum hætti gerir samstæðan ráðstafanir til þess að taka mið af hugsanlegum neikvæðum áhrifum ágreiningsmálunum á fjárhagsstöðu hennar. Í árslok voru nokkur ágreiningsmál sem samstæðan á aðild að óleyst.

i) Óvissar skuldbindingar

*Rannsóknir og málaferli vegna meintra brota á samkeppnislögum*

Samkeppniseftirlitið (SE) hefur hafið formlega rannsókn á aðgerðum milli allra greiðslukortauðgefanda á Íslandi, þar á meðal bankinn, og tveggja færsluhirða, þar á meðal Valitor. Rannsóknin hófst í kjölfar kvörtunar Kortþjónustunnar, greiðsluhirðingarfyrtæki, frá árinu 2009. Málið varðar meintar samstilltar aðgerðir á samræmdum milligjöldum og meintar samkeppnishamlandi aðgerðir gegn samkeppnisaðilum

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 36. Lögfræðileg málefni, frh.

SE hefur einnig hafið formlega rannsókn á meintri misnotkun á meintri sameiginlegri markaðsráðandi stöðu þriggja stærstu bankanna, þar með talið Arion banka hf. Rannsóknin hófst vegna kvartana árið 2010 frá BYR hf. og MP banka hf. Kvartanirnar frá BYR hf. og MP banka hf. varða skilmála íbúðalána bankans, sem samkvæmt kvörtuninum, hindra einstaklinga í því að færa viðskipti sín til annarra banka og hamlu þannig samkeppni.

SE fékk kvörtun frá Tryggingamiðstöðinni hf. árið 2010. Kvörtunin er vegna meintrar samvinnunar bankans á þjónustu og tryggingum.

Umfang rannsókna og útkoma málanna eru enn óviss, sem og hver áhrifin á samstæðuna verða. Komi til þess að niðurstaða SE verði á þann veg að samstæðan hafi brotið samkeppnislög gæti það haft í för með sér sekt.

SE sektaði Valitor í apríl 2013 um 500 m.kr. fyrir að misnota markaðsráðandi stöðu á kortamarkaðnum og fyrir að brjóta skilyrði sem SE hafði áður sett félaginu með ákvörðun. Valitor áfrýjaði ákvörðuninni til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Í október 2013 staðfesti áfrýjunarnefndin ákvörðun SE. Valitor hefur möguleika til að höfða mál til áfrýjunar á úrskurðinum fyrir dómstólum.

Kortapjónustan hf. stefndi Valitor árið 2009 og krafðist skaðabóta fyrir meint tjón Kortapjónustunnar hf. vegna meintra brota á samkeppnislögum byggt á sátt við SE sem birt var með ákvörðun SE nr. 4/2008. Málið er enn í ágreiningi fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Í júlí 2013 var bankanum og Valitor einnig birt stefna Kortapjónustunnar hf. þar sem krafist er skaðabóta fyrir meint tjón Kortapjónustunnar hf. vegna meintra brota á samkeppnislögum byggt á fyrrgreindri sátt við SE frá árinu 2009. Málið er í ágreiningi fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### *Málaferli vegna breytilegra vaxta bankans*

Tveir lántakendur hafa stefnt bankanum og krafist að ákvæði í gengistryggðu íbúðaláni þeirra, þar sem segir að krafan skuli bera breytilega vexti (þ.e. erlenda kjörvexti), sem bankanum er heimilt að breyta, sé ólöglegt og óskuldbindandi. Lántakendurnir gera t.d. kröfu um að það verði viðurkennt fyrir dómi að fyrrgreint ákvæði um vexti sé ólöglegt. Bankinn tók til varna í málinu og með dómi þann 20. desember 2013 var bankinn sýknaður. Málinu hefur enn ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar en ef lántakendur áfrýja og Hæstiréttur fellst á málatilbúnað lántakenda gæti það haft neikvæð áhrif á lánasafn bankans sem bera erlenda kjörvexti (þ.e. gengistryggð lán í ÍSK) og einnig íslenska kjörvexti.

#### ii) Önnur lögfræðileg álitafni

##### *Málaferli vegna verðtryggðra lána*

Að undanförunu hefur verið umræða í fjölmiðlum þar sem haldið er fram að tenging höfuðstóls húsnæðislána til neytenda við vísitölu neysluverðs sé mögulega óheimil og því skuli vísitöluhækkun höfuðstóls lánanna verða leiðrétt. Staðfest er að tvö dómsmál vegna umræddrar tengingar eru komin inn í dómskerfið en samstæðan er ekki aðili að þeim málum. Þá hefur Hæstiréttur nýlega fallist á að leitað verði ráðgefandi álits frá EFTA-dómstólnum í tveimur aðskildum málum um túlkun á tilteknum ákvæðum Evróputilskipunar, í málum þar sem deilt er um hvort það standist ákveðnar reglur íslensks samningaréttar að verðtryggja lán til neytenda. Ef dómur falla sækjendum í vil er mögulegt að lántakendur eigi rétt á endurgreiðslu á hluta eða allri vísitöluhækkuninni. Samstæðan telur þá niðurstöðu ólíklega og hefur hvorki fært varúðarfærslu vegna þessa í bækur sínar né tekið tillit til þess í eiginfjártreikingum.

#### iii) Lögfræðileg álitafni sem er lokið

##### *Málaferli gagnvart Stefni hf.*

Í október 2011 stefndi sliatjörn Landsbanka Íslands hf. Stefni hf. og krafðist riftunar og endurgreiðslu á útgreiðslum Landsbanka Íslands hf. á peningamarkaðsinnlánum sem voru á gjalddaga snemma í október 2008 til tveggja sjóða í stýringu Stefni hf. Um er að ræða fjárhæð sem nemur 450 m. kr. auk vaxta. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur var Stefni hf., fyrir hönd sjóðanna tveggja, dæmdur til að endurgreiða fjárhæðina. Stefni hf. færði varúðarniðurfærslu vegna þessa máls árið 2012. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar þar sem Stefni hf. var sýknaður af öllum kröfum þann 16. janúar 2014 og var varúðarniðurfærslan bakfærð 2013.

## ▶ SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 36. Lögfræðileg málefni, frh.

#### *Málaferli vegna lána í erlendum myntum*

Með stefnu sem birt var bankanum þann 14. nóvember 2012 krafðist Hagar hf., skráð félag, 1.152 m.kr. auk vaxta frá 19. október 2009 til greiðsludags, að fráðreginni innborgun að fjárhæð 515 m.kr. sem greidd var 19. desember 2011. Stefnan kom í kjölfar tilkynningar Haga hf. til Kauphallar Íslands frá 21. mars 2012 þar sem Hagar hf. tilkynntu að félagið hefði ákveðið að höfða dómsmál gegn bankanum vegna gengistryggðra lána félagsins sem það hafði endurgreitt bankanum að fullu í október 2009. Gengistryggðu lán Haga hf. hafa verið endurútreiknuð af bankanum í samræmi við tilkynningu bankans frá 15. júní 2011. Niðurstaða endurútreikningsins sýndi að bankinn skuldaði Högum hf. 515 m.kr., sem hann greiddi Högum hf. í kjölfarið. Eftir dóm Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 (mál nr. 600/2011), tilkynntu Hagar hf. bankanum að Hagar hf. teldu að félagið ætti frekari kröfu á bankann vegna fyrrgreindra gengistryggðra lána. Með dómi héraðsdóms þann 28. maí 2013 var bankinn sýknaður af kröfum Haga. Hagar áfrýjuðu málin til Hæstaréttar og með dómi þann 12. desember 2013 staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms og bankinn var sýknaður. Tekið hefur verið tillit til áhrifa dómsins í útreikningi samstæðunnar á niðurfærslu gengistryggðra lána.

### 37. Óvissa varðandi bókfært virði gjaldeyrislána

Á undanförnum árum hefur ríkt talsverð óvissa um lögmæti erlendra lána til einstaklinga og fyrirtækja og endurútreikning þeirra lána sem fyrir liggur að séu gengistryggð lán í íslenskum krónum. Óvissa hefur ríkt annars vegar um það hvaða lán teljast lögmæt erlend lán og hvaða lán teljast gengistryggð lán í íslenskum krónum og hins vegar hvernig eigi að endurreikna lán sem falla í síðarnefnda flokkinn. Bankinn hefur þurft að endurreikna fjölmörg lán sem teljast gengistryggð lán í íslenskum krónum, á grundvelli laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og eftir skoðun á þeim dómum Hæstaréttar sem hafa fallið og teljast hafa fordæmisgildi fyrir lán bankans.

Áframhaldandi óvissa um lögmæti gjaldeyrislána var á árinu 2013 og samstæðan fylgist með dómum sem varða bæði samstæðuna og aðra til þess að endurbæta niðurfærslur vegna erlendra lána. Eftir að hafa tekið tillit til slíkra dóma hefur samstæðan samtals niðurfært um ÍSK 1,5 milljarða, þar af hafa ÍSK 19,6 milljarðar verið afskrifaðir.

Þó lagalegt gildi gengistryggðra lána hafi skýrst stendur samstæðan enn frammi fyrir nokkurri óvissu varðandi gengistryggð lán að þrennu leyti:

Í fyrsta lagi er óvissan um áætlunina á grundvelli túlkunar samstæðunnar á áhrifum allnokkurra Hæstaréttardóma varðandi aðferðarfræði endurreiknings gengistryggðra. Óvissan er milduð nokkuð með því að stuðst er við aðferðarfræði sem FME mælti fyrir um. Ef túlkun samstæðunnar á dómum myndi breytast gæti tapið orðið meira eða minna en þeir 5,4 ma.kr. sem áætlanir gera nú ráð fyrir.

Í öðru lagi hafa verið gerðar kröfur um að gengistryggð lán til neytenda ættu, frá þeim degi sem þau voru endurreiknuð og þar til lánin eru endurgreidd, að bera samningsvexti en ekki óverðtryggða vexti útlána í íslenskum krónum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, eins og kveðið er á um í lögum nr. 151/2010. Þetta mun líklega ákvarðast af framtíðardómum, sem á þessum tíma er ekki hægt að spá fyrir um.

Í þriðja lagi ríkir lagaleg óvissa um niðurstöður framtíðarákvarðana og -löggjafar stjórnvalda sem getur krafist endurreiknings á öðrum flokkum erlendra lána sem samstæðan hefur ekki áður talið í hættu. Þetta verður ákveðið af framtíðardómum og aðgerðum stjórnvalda, sem á þessum tíma er ekki hægt að spá fyrir um. Nokkur óvissa ríkir enn um áhrif af framangreindum málum á bókfært virði lánasafns samstæðunnar í árslok að því er varðar gengistryggð lán.

Þrátt fyrir þetta telur samstæðan að varúðarfærsla vegna lána í erlendri mynt mæti að fullu líklegustu niðurstöðu.

### 38. Atburðir eftir lok reikningskiladags

Í janúar 2014 samþykktu hluthafar Eikar fasteignafélags hf. tillögu um kaup á öllu útgefnu hlutafé í Landfestum hf. sem var samþykkt í desember 2013 milli Eikar fasteignafélags hf. og Arion banka hf. Eftir kaupin verður Arion banki hf. stærsti hluthafi Eikar fasteignafélags hf. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um áreiðanleikakönnun og samþykki Samkeppniseftirlitsins.

## SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### TENGDIR AÐILAR

#### 39. Tengdir aðilar

Samstæðan og Kaupskil ehf. eru tengdir aðilar, þar sem Kaupskil ehf. fer með ráðandi hlut í Arion banka sem eigandi 87% hlutafjár. Einnig teljast stjórn Kaupskila ehf. og Kaupþing hf., móðurfélag Kaupskila ehf., tengdir aðilar.

Bankasýsla ríkisins, sem er sjálfstæð ríkisstofnun og heyrir undir fjármálaráðuneytið, fer með 13% hlut í Arion banka hf. Bankasýsla ríkisins og aðilar tengdir henni teljast til tengdra aðila.

Stjórn Arion banka hf., lykilstjórnendur bankans og hlutdeildarfélag samstæðunnar eru skilgreind sem tengdir aðilar auk náinna fjölskyldumeðlima framangreindra og lögaðila undir yfirlitum þeirra.

Engin óvenjuleg viðskipti áttu sér stað við tengda aðila á árinu. Viðskipti við tengda aðila hafa átt sér stað á grundvelli viðskipta milli óskyldra aðila. Engar frekari ábyrgðir hafa verið veittar tengdum aðilum vegna viðskiptaskulda eða viðskiptakrafna.

2013

<i>Staða gagnvart tengdum aðilum</i>	Eignir	Skuldir	Staða
Hluthafar sem fara með yfirlit yfir samstæðunni .....	554	(63.949)	(63.395)
Hluthafar sem hafa áhrif á samstæðuna .....	19	(2.003)	(1.984)
Stjórn og lykilstjórnendur .....	228	(68)	160
Hlutdeildarfélag og aðrir tengdir aðilar .....	36.546	(19.015)	17.531
<b>Staða gagnvart tengdum aðilum .....</b>	<b>37.347</b>	<b>(85.035)</b>	<b>(47.688)</b>

<i>Viðskipti við tengda aðila</i>	Vaxta- tekjur	Vaxta- gjöld	Aðrar tekjur	Önnur gjöld
Hluthafar sem fara með yfirlit yfir samstæðunni .....	-	(1.206)	76	-
Hluthafar sem hafa áhrif á samstæðuna .....	33	-	2	(11)
Stjórn og lykilstjórnendur .....	7	(3)	27	-
Hlutdeildarfélag og aðrir tengdir aðilar .....	4.237	(704)	1.233	(196)
<b>Viðskipti við tengda aðila .....</b>	<b>4.277</b>	<b>(1.912)</b>	<b>1.337</b>	<b>(207)</b>

2012

<i>Staða gagnvart tengdum aðilum</i>	Eignir	Skuldir	Staða
Hluthafar sem fara með yfirlit yfir samstæðunni .....	704	(61.095)	(60.391)
Hluthafar sem hafa áhrif á samstæðuna .....	-	(1.960)	(1.960)
Stjórn og lykilstjórnendur .....	129	(128)	1
Hlutdeildarfélag og aðrir tengdir aðilar .....	53.737	(16.379)	37.358
<b>Staða gagnvart tengdum aðilum .....</b>	<b>54.570</b>	<b>(79.562)</b>	<b>(24.992)</b>

<i>Viðskipti við tengda aðila</i>	Vaxta- tekjur	Vaxta- gjöld	Aðrar tekjur	Önnur gjöld
Hluthafar sem fara með yfirlit yfir samstæðunni .....	-	(1.207)	57	-
Hluthafar sem hafa áhrif á samstæðuna .....	-	(18)	-	-
Stjórn og lykilstjórnendur .....	10	(3)	-	-
Hlutdeildarfélag og aðrir tengdir aðilar .....	4.118	(279)	771	(173)
<b>Viðskipti við tengda aðila .....</b>	<b>4.128</b>	<b>(1.507)</b>	<b>828</b>	<b>(173)</b>

## ▶ SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### ÁHÆTTUSTÝRING

Samstæðan stendur frammi fyrir ýmis konar áhættum sem tengjast daglegum rekstri hennar. Áhættustýring er því grundvallarþáttur í starfi samstæðunnar. Grunnstoðir virkrar áhættustýringar felast í greiningu verulegrar áhættu, mælingu á áhættunni, aðgerðum til þess að takmarka áhættu og stöðugri vöktun áhættuþátta. Áhættustýringarferlið og geta samstæðunnar til þess að stýra og verðleggja áhættuþætti er ómissandi þáttur í að tryggja áframhaldandi arðsemi samstæðunnar, svo og til þess að tryggja að áhættu hennar sé haldið innan viðunandi marka.

Stjórn bankans ber endanlega ábyrgð á áhættustýringarkerfi samstæðunnar og ber að tryggja að viðunandi áhættustýringarferli og stefna séu ákvörðuð til þess að fylgjast með áhættuþáttum samstæðunnar. Stjórn bankans felur áhættustýringu dótturfélaga í hendur viðkomandi dótturfélaga. Fyrir móðurfélagið (bankann) ákvarðar bankastjórnin áhættustefnuna. Áhættustefnan kemur fram í takmörkunum á áhættuþáttum og mörkum sem áhættustýringarsvið bankans fylgist með.

Bankastjórnin ber ábyrgð á að viðhalda skilvirku áhættustýringarkerfi, áhættustefnu og eftirliti, svo og að viðhalda vitund starfsfólks um áhættu þannig að áhætta sé viðfangsefni allra starfsmanna.

Í bankanum starfa nokkrar nefndir sem stýra áhættu. Endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar bankans ber ábyrgð á eftirliti með áhættustýringarkerfi bankans, áhættustefnu og innramatsferli á eiginfjárbörf. Eigna- og fjárhagsskuldbindinganefnd (ALCO), undir formennsku bankastjóra eða staðgengils hans, ber ábyrgð á umsjón með misvægi eigna og skulda, lausafjáraáhættu, markaðsáhættu, vaxtaáhættu og eiginfjárstýringu. Í bankanum starfa fjórar lánanefndir: Lánanefnd stjórnar, sem tekur ákvarðanir um alla meiriháttar útlánaáhættu, lánanefnd Arion banka, sem starfar innan heimilda sem skilgreindar eru sem hlutfall af eigin fé bankans og svo fyrirtækjalánanefnd og útibúanefndir, sem hafa þrengri lánahæmildir.

Innri endurskoðun bankans annast sjálfstæðar úttektir á starfsemi bankans og nokkurra dótturfélaga, áhættustýringarkerfi, ferlum, stefnu og mælingum. Innri endurskoðun ræðir niðurstöður sínar við stjórnendur og gefur skýrslu og tilmæli til endurskoðunar- og áhættunefndar stjórnar.

Áhættustýringarsvið bankans starfar undir stjórn framkvæmdastjóra áhættustýringar. Sviðið er sjálfstæð stjórnunareining og ber beina ábyrgð gagnvart bankastjóra. Áhættustýringarsvið skiptist í fimm einingar: Lánagreiningu, sem styður og vaktar lánveitingarferli; Útlánaeftirlit, sem fylgist með útlánaáhættu gagnvart einstökum viðskiptavinum; Eiginfjárgreiningu sem ber ábyrgð á framkvæmd innra mats á eiginfjárbörf (ICAAP) bankans; Eignasafnsáhættu, sem fylgist með lausafjáraáhættu og áhættu tengda eigna- og skuldasöfnum bankans; og Rekstraráhættu, sem fylgist með áhættu sem tengist daglegum rekstri bankans.

Helstu áhættuþættir samstæðunnar eru útlánaáhætta þ.m.t. samþjöppunaráhætta, lausafjáraáhætta, gjaldeyrisáhætta, vaxtaáhætta og lagaleg áhætta. Þessir áhættuþættir eru að mestu leyti innan móðurfélagsins. Dótturfélög bera áhættu af fasteignamarkaði og framtaksfjárfestingum, svo og af eignastýringar- og tryggingarstarfsemi.

Samstæðan ber að nokkru leyti áhættu vegna forsendna við mat á virði og afkomu eigna í útlánabók sinni. Samstæðan hefur í einhverjum tilvikum fært niður lánasafn sitt til að mæta hugsanlegri virðisrýrnun. Samþjöppun lána í útlánabók samstæðunnar er tiltölulega mikil; samtala stórra áhættuskuldbindinga, að frádregnum þeim tryggingum sem heimilt er að taka tillit til, var 45% af eiginfjárgrunni í árslok 2013, en var 60% í árslok 2012.

Samstæðan ber gjaldeyrisáhættu. Frá árinu 2012 uppfyllir bankinn lögboðnar takmarkanir um gjaldeyrisójöfnuð.

Starfsemi samstæðunnar ber vaxtaáhættu vegna misræmis milli vaxtaberandi eigna og skulda.

Lausafjáraáhætta er stór áhættuþáttur í rekstri samstæðunnar vegna misræmis í binditíma eigna og skulda. Binditími útlána er lengri en binditími innlána, en u.þ.b. helmingur innlána er óbundinn.

Samstæðan stendur frammi fyrir lagalegri áhættu sem tengist undanegnum dómum um gengistryggð lán, sbr. skýringu 37.

Nánari upplýsingar um áhættu- og eiginfjárstýringu er að finna í skýringum við samstæðureikninginn 2013 og áhættuskýrslu bankans fyrir árið 2013. Áhættuskýrslan verður gefin út í mars 2014 og verður aðgengileg á heimasíðu bankans, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is). Áhættuskýrslan er óendurskoðuð.

## ▶ SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 40. Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er sú áhætta að samstæðan verði fyrir tjóni ef viðskiptavinir hennar eða gagnaðilar standa ekki við samningsskuldbindingar sínar.

Útlánaáhætta verður til í hvert skipti sem samstæðan ráðstafar fjármunum sínum með þeim hætti að eigið fé hennar eða tekjur velta á efndum gagnaðila, útgefenda eða lántakenda. Lán til viðskiptavina og lánastofnana er helsti uppruni útlánaáhættu. Aðrar tegundir eigna, líkt og skuldabréf og afleiðusamningar og eignir utan efnahagsreiknings fela í sér útlánaáhættu.

Helsta eign samstæðunnar er lánasafn hennar. Því er stjórnun og greining lánasafnsins afar mikilvæg. Mikil áhersla er lögð á gæði lánasafnsins með öguðu lánveitingarferli, gagnrýninni skoðun á lánsúmsóknum, vöktun á gæðum lánasafnsins og greiningu og viðbrögðum við hugsanlegum vanskilum á fyrstu sigum sem og virkri stjórnun á endurskipulagningu virðisýrnaðra lána.

Lánveitingar eru byggðar á upplýstum lánaákvörðunum og leitast samstæðan við að eiga viðskipti við fjárhagslega sterka aðila með trygg veð og góða endurgreiðslugetu. Verðlagning láns á að endurspeglar þá áhættu sem tekin er.

Samstæðan stýrir útlánaáhættu með því að setja hámarksheimildir fyrir þá áhættu sem hún sættir sig við vegna einstakra gagnaðila og tengdra viðskiptavina og með því að fylgjast með áhættuskuldbindingum í samhengi við þessar heimildir. Samstæðan leitast við að takmarka heildarútlánaáhættu sína með því að ná fram dreifingu í lánasafninu yfir atvinnugreinar og með því að takmarka stórar áhættuskuldbindingar gagnvart hópum tengdra viðskiptavina.

# SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

## 40. Útlánaáæhættu, frh.

### Hámarksútlánaáæhættu og samþjöppun útlána eftir atvinnugreinum

Í eftirfarandi töflu er sýnd hámarksútlánaáæhættu tengd liðum efnahagsreikningsins eftir atvinnugreinaflokkum í lok ársins áður en tekið hefur verið tillit til áættumildunar í formi veða eða annarra trygginga. Samstæðan bettur innri atvinnugreinaflokkun sem byggir á ISAT 08 staðlinum. ISAT 08 er byggður á 2. útgáfu NACE flokkunarstaðalsins.

2013

### Hámarksútlánaáæhættu vegna innan efnahagsreiknings

	Einstaklingar	Fasteigna- viðskipti og		Upplýsinga- tækni og fjarskipti	Heildsala og smásala	Fjármála- og trygginga- starfsemi	Fjármála- vinnsla og framleiðsla	Iðnaður, orku- vinnsla og framleiðsla	Samgöngur	Þjónusta	Opinberir aðilar	Landbúnaður og skógrækt	Samtals
		bygginga- starfsemi	bygginga- starfsemi										
Handbært fé og innstæður hjá	-	-	-	-	-	37.999	-	-	-	-	-	-	37.999
Sedlabanka Íslands	-	-	-	-	-	102.307	-	-	-	-	-	-	102.307
Lán til lánastofnana	-	-	-	-	-	27.535	19.793	8.682	18.966	19.793	8.682	4.652	635.774
Lán til viðskiptavina	310.491	83.002	60.906	24.025	55.061	2.960	1.336	1.336	6	514	58.836	-	63.731
Fjármálagæmingar	3	26	1	7	42	3.636	23	23	1	506	45	-	5.746
Aðrar eignir með útlánaáæhættu	295	312	78	15	835	1	1	1	1	1	1	-	5.746
<b>Hámarksútlánaáæhættu vegna</b>													
<b>eigna innan efnahagsreiknings</b>	310.789	83.340	60.985	24.047	55.938	174.437	24.020	18.973	20.813	20.813	67.563	4.652	845.557

### Hámarksútlánaáæhættu vegna eigna utan efnahagsreiknings

Ábyrgðir	387	1.781	534	769	1.328	1.183	2.539	500	833	833	60	8	9.922
Önyttar yfirdráttarheimildir	22.282	1.433	395	591	4.095	1.951	1.653	298	2.005	2.005	2.298	371	37.371
Lánsloforð	205	6.651	2.895	2.617	12.517	5.536	16.529	837	778	778	20	-	48.585
<b>Hámarksútlánaáæhættu vegna</b>													
<b>eigna utan efnahags</b>	22.874	9.865	3.824	3.977	17.940	8.670	20.721	1.635	3.616	3.616	2.378	379	95.878
<b>Hámarksútlánaáæhættu</b>	333.663	93.205	64.809	28.024	73.878	183.107	44.741	20.608	24.429	24.429	69.941	5.031	941.435

# SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

## 40. Útlánaáæhættu, frh.

2012

Hámarksútlánaáæhættu vegna eigna innan efnahagsreiknings

	Einstaklingar	Fasteigna- viðskipti og bygginga- starfsemi	Fiskeveiðar og -vinnsla	Upplýsinga- tækni og fjárfestingar	Heildsala og smásala	Fjárfæringa- starfsemi	Fjárfæringa- starfsemi	Íðnaður, orku- iðnaður og framleiðsla	Samgöngur	Þjónusta	Opinberir aðilar	Landbúnaður og skógrækt	Samtals
Handbætt fé og innstæður hjá	-	-	-	-	-	29.746	-	-	-	-	-	-	29.746
Seðlabanka Íslands	-	-	-	-	-	101.011	-	-	-	-	-	-	101.011
Lán til lánastofnana	-	-	-	-	-	24.693	22.794	21.692	18.745	9.952	4.998	4.998	566.610
Lán til viðskiptavina	242.775	68.834	67.752	28.754	55.621	74.630	1.210	7	1.233	42.845	-	119.978	
Fjárfélagningar	-	25	-	28	-	2.388	47	1	501	19	11	5.030	
Aðrar eignir með útlánaáæhættu	316	1.569	15	83	80	-	-	-	-	-	-	-	
<b>Hámarksútlánaáæhættu vegna</b>													
eigna innan efnahagsreiknings	243.091	70.428	67.767	28.865	55.701	232.468	24.051	21.700	20.479	52.816	5.009	822.375	
Hámarksútlánaáæhættu vegna eigna utan efnahagsreiknings													
Abyrgðir	388	919	348	592	1.879	1.510	2.294	466	677	95	17	9.185	
Ónyttar yfirdráttarheimildir	21.499	1.143	295	463	3.548	1.666	1.555	305	1.606	2.209	256	34.545	
Lánsloforð	118	2.214	5.298	215	10.300	5.634	11.375	837	-	-	10	36.001	
<b>Hámarksútlánaáæhættu vegna</b>													
eigna utan efnahags	22.005	4.276	5.941	1.270	15.727	8.810	15.224	1.608	2.283	2.304	283	79.731	
<b>Hámarksútlánaáæhættu</b>	265.096	74.704	73.708	30.135	71.428	241.278	39.275	23.308	22.762	55.120	5.292	902.106	



## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 40. Útlánaáhætta, frh.

<i>Lán til viðskiptavina sundurliðuð eftir atvinnugreinum</i>	2013	2012
Einstaklingar .....	48,8%	42,8%
Fasteignaviðskipti og byggingastarfsemi .....	13,1%	12,1%
Fiskveiðar og -vinnsla .....	9,6%	12,0%
Upplýsingatækni og fjarskipti .....	3,8%	5,1%
Heildsala og smásala .....	8,7%	9,8%
Fjármála- og tryggingastarfsemi .....	4,3%	4,4%
Iðnaður, orkuviðnaður og framleiðsla .....	3,5%	4,0%
Samgöngur .....	3,0%	3,8%
Þjónusta .....	3,1%	3,3%
Opinberir aðilar .....	1,4%	1,8%
Landbúnaður og skógrækt .....	0,7%	0,9%
	100,0%	100,0%

#### *Tryggingar og aðrar útlánavarnir*

Fjárhæð og tegund trygginga sem krafist er byggir á mati á útlánaáhættu tengdri gagnaðilanum og tegund áhættuskuldbindingar. Helstu tegundir trygginga eru eftirfarandi:

- Einstaklingar: Veð í íbúðarhúsnæði vegna húsnæðislána;
- Fyrirtæki: Veð í fasteignum, fiskiskipum og öðrum rekstrarfjármunum, birgðum og viðskiptakröfum og reiðufé og verðbréfum; og
- Afleiður: Reiðufé, ríkisskuldabréf og ríkisvixlar, eignatengd verðbréf, skráð hlutabréf og sjóðir sem samanstanda af framangreindum verðbréfum.

Fylgst er með virði trygginganna og kallað eftir viðbótartryggingum í samræmi við undirliggjandi samninga. Virði trygginga er endurmetið í tengslum við skoðun á þörf fyrir færslu virðisrýrnunar.

#### *Tryggingar sem bankinn hefur hald í eftir tegundum*

2013	Reiðufé og			Aðrar tryggingar	Samtals virði trygginga
	verðbréf	Fasteignir	Fiskiskip		
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .....	-	-	-	-	-
Lán til lánastofnana .....	-	-	-	-	-
<b>Lán til viðskiptavina</b>					
Einstaklingar .....	659	269.700	49	362	270.770
Fasteignaviðskipti og byggingastarfsemi .....	3.887	55.427	12	1.053	60.379
Fiskveiðar og -vinnsla .....	89	3.039	52.878	2.361	58.367
Upplýsingatækni og fjarskipti .....	26	1.842	-	20.452	22.320
Heildsala og smásala .....	6.664	10.095	5	28.447	45.211
Fjármála- og tryggingastarfsemi .....	12.416	441	-	9.116	21.973
Iðnaður, orkuvinnsla og framleiðsla .....	180	8.645	46	10.719	19.590
Samgöngur .....	69	563	51	2.310	2.993
Þjónusta .....	285	3.314	98	2.994	6.691
Opinberir aðilar .....	22	3.190	-	170	3.382
Landbúnaður og skógrækt .....	5	2.331	-	136	2.472
Fjármálagæringar .....	2.867	-	-	-	2.867
<b>Tryggingar sem bankinn hefur hald í .....</b>	<b>27.169</b>	<b>358.587</b>	<b>53.139</b>	<b>78.120</b>	<b>517.015</b>

## SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 40. Útlánaáætta, frh.

2012	Reiðufé og			Aðrar tryggingar	Samtals virði trygginga
	verðbréf	Fasteignir	Fiskiskip		
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .....	-	-	-	-	-
Lán til lánastofnana .....	-	-	-	-	-
Lán til viðskiptavina					
Einstaklingar .....	560	208.967	39	84	209.650
Fasteignaviðskipti og byggingastarfsemi .....	677	46.229	5	267	47.178
Fiskveiðar og -vinnsla .....	642	2.311	50.528	6.020	59.502
Upplýsingatækni og fjarskipti .....	78	625	-	17.981	18.684
Heildsala og smásala .....	1.900	13.793	-	17.489	33.181
Fjármála- og tryggingastarfsemi .....	11.141	526	-	884	12.551
Iðnaður, orkuvinnsla og framleiðsla .....	222	7.014	50	1.058	8.344
Samgöngur .....	65	493	76	688	1.322
Þjónusta .....	249	2.911	57	1.215	4.432
Opinberir aðilar .....	28	3.263	-	91	3.382
Landbúnaður og skógrækt .....	10	1.858	-	9	1.876
Fjármálagerningar .....	1.219			68.628	69.847
<b>Tryggingar sem bankinn hefur hald í .....</b>	<b>16.792</b>	<b>287.991</b>	<b>50.754</b>	<b>114.414</b>	<b>469.950</b>

Taflan sýnir eingöngu upplýsingar fyrir Arion banka hf.

Í ofangreindum töflum er tryggingum úthlutað á lán á grundvelli kröfuvirðis lánsins, en í ársreikningi 2012 var tryggingum úthlutað á grundvelli bókfærðs virðis. Samanburðartölum 2012 hefur verið breytt til samræmis við nýju aðferðina.

Útlánagæði fjáreigna	Hvorki í		Sértæk niður-færsla*	Samtals
	vanskilum né niðurfært	í vanskilum en ekki niðurfært		
2013				
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .....	37.999	-	-	37.999
Lán til lánastofnana .....	102.307	-	-	102.307
Lán til viðskiptavina				
Lán til fyrirtækja .....	304.880	9.789	10.614	325.283
Lán til einstaklinga .....	268.485	34.607	7.399	310.491
Fjármálagerningar .....	63.731	-	-	63.731
Aðrar eignir með útlánaáættu .....	5.746	-	-	5.746
<b>Útlánagæði lána .....</b>	<b>783.148</b>	<b>44.396</b>	<b>18.013</b>	<b>845.557</b>
2012				
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .....	29.746	-	-	29.746
Lán til lánastofnana .....	101.011	-	-	101.011
Lán til viðskiptavina				
Lán til fyrirtækja .....	275.837	17.851	30.149	323.837
Lán til einstaklinga .....	200.080	22.845	19.848	242.773
Fjármálagerningar .....	119.978	-	-	119.978
Aðrar eignir með útlánaáættu .....	5.030	-	-	5.030
<b>Útlánagæði lána .....</b>	<b>731.682</b>	<b>40.696</b>	<b>49.997</b>	<b>822.375</b>

\*Sértæk niðurfærsla sýnir niðurfærslu vegna lagaóvissu gengistryggðra lána sem og niðurfærslu vegna rýrnunar á lánshæfi lántaka.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 40. Útlánaáhætta, frh.

Lán sem eru hvorki í vanskilum né niðurfærð

Bankinn hefur þróað þrjú lánshæfismatslíkón sem notuð eru til þess að fylgjast með þróun útlánaáhættu og til þess að meta líkur á vanskilum (PD). Stærri fyrirtæki eru lánshæfismetin á grundvelli fjárhagsupplýsinga úr ársreikningi, auk huglægra stærða. Einstaklingar og smærri fyrirtæki eru lánshæfismetin á grundvelli sögulegra fjárhagsupplýsinga.

Taflan hér fyrir neðan sýnir lán sem hvorki eru í vanskilum né niðurfærð, skipt eftir útlánagæðum samkvæmt innri skiptingu bankans, þar sem 5 er verst.

2013	Áhættuflokkun					Óflokkað	Samtals
	1	2	3	4	5		
Einstaklingar .....	12.201	68.291	120.751	53.841	9.978	3.422	268.484
Fasteignaviðskipti og byggingastarfsemi .....	1.889	4.924	37.703	6.848	708	27.612	79.684
Fiskveiðar og -vinnsla .....	26.962	6.070	7.193	10.865	3.162	3.707	57.959
Upplýsingatækni og fjarskipti .....	19.242	2.802	1.065	294	2	1.011	24.416
Heildsala og smásala .....	12.130	9.550	18.057	3.384	1.644	6.395	51.160
Fjármála- og tryggingastarfsemi .....	102	9.178	1.429	211	-	12.721	23.641
Iðnaður, orkuvinnsla og framleiðsla .....	4.610	12.193	2.979	580	550	758	21.670
Samgöngur .....	197	17.404	573	458	87	244	18.963
Þjónusta .....	117	10.198	3.288	914	110	442	15.069
Opinberir aðilar .....	85	3.335	917	178	38	4.052	8.605
Landbúnaður og skógrækt .....	162	480	1.636	769	11	656	3.714
<b>Lán hvorki í vanskilum né niðurfærð .....</b>	<b>77.697</b>	<b>144.425</b>	<b>195.591</b>	<b>78.342</b>	<b>16.290</b>	<b>61.020</b>	<b>573.365</b>
2012							
Einstaklingar .....	10.411	56.716	85.813	37.534	8.110	6.949	205.533
Fasteignaviðskipti og byggingastarfsemi .....	27	1.341	25.099	17.636	9.635	3.185	56.923
Fiskveiðar og -vinnsla .....	2.580	18.566	8.080	9.306	3.210	14.474	56.217
Upplýsingatækni og fjarskipti .....	139	2.920	514	276	20.146	1.414	25.409
Heildsala og smásala .....	12.535	7.001	15.840	2.710	1.706	7.248	47.040
Fjármála- og tryggingastarfsemi .....	546	223	1.342	225	6.508	7.430	16.274
Iðnaður, orkuvinnsla og framleiðsla .....	1.316	3.069	2.370	821	3.201	10.713	21.490
Samgöngur .....	144	20.062	214	535	1	482	21.439
Þjónusta .....	758	2.000	9.741	471	82	1.113	14.166
Opinberir aðilar .....	264	3.006	620	103	112	4.471	8.577
Landbúnaður og skógrækt .....	2	311	1.357	345	48	788	2.851
<b>Lán hvorki í vanskilum né niðurfærð .....</b>	<b>28.724</b>	<b>115.215</b>	<b>150.992</b>	<b>69.962</b>	<b>52.759</b>	<b>58.266</b>	<b>475.918</b>

Lán í dálkinum „óflokkað“ tengjast fyrst og fremst nýstofnuðum fyrirtækjum eða mótaðilum þar sem lánshæfismatslíkón bankans eru ekki talið veita fullnægjandi niðurstöðu, t.d. sum sveitarfélög og sum eignarhaldsfélög.

Lán í vanskilum en ekki niðurfærð

2013	Allt				Samtals
	að 30 dagar	31 til 60 dagar	61 til 90 dagar	Meira en 90 dagar	
Lán til fyrirtækja .....	6.100	923	111	2.655	9.789
Lán til einstaklinga .....	11.224	3.751	543	19.089	34.607
<b>Lán í vanskilum en ekki niðurfærð .....</b>	<b>17.325</b>	<b>4.673</b>	<b>655</b>	<b>21.744</b>	<b>44.396</b>
2012					
Lán til fyrirtækja .....	6.285	951	322	10.293	17.851
Lán til einstaklinga .....	8.719	3.558	287	10.281	22.845
<b>Lán í vanskilum en ekki niðurfærð .....</b>	<b>15.004</b>	<b>4.509</b>	<b>609</b>	<b>20.574</b>	<b>40.696</b>

## SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 40. Útlánaáhætta, frh.

Meirihluti lána sem eru í vanskilum en hafa ekki verið niðurfærð voru yfirtekin með afslætti. Þessi lán teljast ekki hafa rýrnað í virði nema hin sértæka niðurfærsla sé hærri en afslátturinn.

*Veð sem gengið hefur verið að*

Á árinu yfirtók samstæðan fasteignir til fullnustu lána að bókfærðu virði 1.692 m.kr. og aðrar eignir að virði 5 m.kr. sem nú eru í söluferli, sjá skýringu 27.

*Virðisrýrð lán til viðskiptavina eftir atvinnugreinum*

	Virðisrýrnun vegna útlánaáhattu		Virðisrýrnun vegna óvissu um gengistryggð lán		Samtals	
	Fjárhæð virðisrýrnunar	Kröfuvirði lána	Fjárhæð virðisrýrnunar	Kröfuvirði lána	fjárhæð virðisrýrnunar	Samtals kröfuvirði lána
2013						
Einstaklingar .....	11.538	18.496	173	614	11.711	19.110
Fasteignaviðskipti og byggingastarfsemi .....	1.726	3.755	37	113	1.763	3.868
Fiskveiðar og -vinnsla .....	617	1.899	612	1.870	1.229	3.769
Upplýsingatækni og fjarskipti .....	164	190	-	-	164	190
Heildsala og smásala .....	4.020	5.941	14	44	4.034	5.985
Fjármála- og tryggingastarfsemi .....	4.513	6.080	-	-	4.513	6.080
Iðnaður, orkuiðnaður og framleiðsla .....	446	996	17	33	463	1.029
Samgöngur .....	65	356	6	9	71	365
Þjónusta .....	775	1.865	43	53	818	1.918
Opinberir aðilar .....	8	35	-	-	8	35
Landbúnaður og skógrækt .....	352	790	-	-	352	790
	24.224	40.403	902	2.736	25.126	43.139
2012						
Einstaklingar .....	13.143	19.397	5.032	18.626	18.175	38.023
Fasteignaviðskipti og byggingastarfsemi .....	4.684	10.091	1.586	4.139	6.270	14.230
Fiskveiðar og -vinnsla .....	2.361	4.343	2.648	6.913	5.009	11.256
Upplýsingatækni og fjarskipti .....	7.561	11.192	187	307	7.748	11.499
Heildsala og smásala .....	5.295	8.399	2.639	5.638	7.934	14.037
Fjármála- og tryggingastarfsemi .....	6.405	8.363	1.142	1.492	7.547	9.855
Iðnaður, orkuiðnaður og framleiðsla .....	604	1.152	483	999	1.087	2.151
Samgöngur .....	35	40	36	120	71	160
Þjónusta .....	744	1.168	505	1.328	1.249	2.496
Opinberir aðilar .....	30	38	262	406	292	444
Landbúnaður og skógrækt .....	636	895	422	1.391	1.058	2.286
	41.498	65.078	14.942	41.359	56.440	106.437

Skýringin aðgreinir virðisrýrnun ólöglegra gengistryggðra lána frá virðisrýrnun vegna útlánaáhattu. Í árslok 2012 höfðu 14.942 m.kr. verið færðar niður til þess að mæta tapi vegna gengislánadóma, auk þess sem 4.625 m.kr. höfðu verið settar til hliðar vegna uppgreiddra lána og færðar undir liðinn aðrar skuldir í efnahagsreikningi samstæðunnar. Lækkun niðurfærslu í 902 m.kr. í árslok 2013 sýnir árangur í endurútreikningi gengistryggðra lána, en á árinu var 1.952 m.kr. viðbótarniðurfærsla og 15.992 m.kr. í afskrift vegna málaflokksins. Niðurfærslur vegna útlánaáhattu hafa dregist saman á milli ára, sem stafar öðru fremur af árangri í endurskipulagningu fyrirtækjalána á tímabilinu.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 40. Útlánaáhætta, frh.

Á árinu 2013 ávannst mikið í frágangi á stórum fyrirtækjalánnum, þannig að endanleg afskrift var framkvæmd og þar með lækkaði virðisrýrnun vegna útlánaáhattu í efnahagsreikningi. Þá var á árinu gengið frá stórum hluta þeirra endurreiknuðu gjaldeyrislána sem færður hafði verið niður á fyrri árum í kjölfar dóma um ólögmati þeirra. Af þeim sökum lækkar virðisrýrnun vegna gengislánadóma verulega á milli ára.

#### Stórar áhættuskuldbindingar

Stór áhættuskuldbinding er skilgreind sem áhættuskuldbinding sem nemur 10% eða meira af eiginfjárgrunni samstæðunnar að frádregnum viðurkenndum tryggingum samkvæmt reglum FME nr. 625/2013.

Lögbundið hámark á áhættu vegna eins viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina er 25% af eiginfjárgrunni og samtala fyrir stórar áhættuskuldbindingar má ekki fara yfir 400% af eiginfjárgrunni.

Stærsta áhættuskuldbinding gagnvart hópi tengdra viðskiptavina í árslok var 29 ma.kr. (2012: 29 ma.kr.) áður en tekið er tillit til viðurkenndra trygginga. Hjá samstæðunni voru þrjár stórar áhættuskuldbindingar í árslok (2012: fjórar skuldbindingar) að frádregnum viðurkenndum tryggingum.

nr.	2013		2012	
	Brúttó	Nettó	Brúttó	Nettó
Drómi*	-	-	43%	-
1. ....	17%	17%	18%	18%
2. ....	16%	16%	18%	17%
3. ....	12%	12%	14%	14%
4. ....	10%	<10%	11%	11%
5. ....	10%	<10%	<10%	<10%
<b>Skuldbindingar brúttó og nettó &gt; 10% .....</b>	<b>65%</b>	<b>45%</b>	<b>104%</b>	<b>60%</b>

\*Upplýsingar um uppgjör Dróma skuldabréfsins er að finna í skýringu 21.

Engin áhættuskuldbinding er umfram hið lögbundna mark, sem er 25% af eiginfjárgrunni samstæðunnar, í árslok.

Samtala áhættuskuldbindinga sem eru 10% eða meira af eiginfjárgrunni samstæðunnar er 65% áður en tekið er tillit til trygginga eða 45% að frádregnum tryggingum, sem er vel fyrir neðan 400% lögbundið hámark.

### 41. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á að verð- og vaxtabreytingar á fjármálamörkuðum hafi áhrif á virði og sjóðstreymi fjármálagerna. Markaðsáhætta er tilkomin vegna misvægis í efnahagsreikningi samstæðunnar, svo og stöðutöku í skuldabréfum, hlutabréfum, myntum, afleiðusamningum og öðrum skuldbindingum sem eru metnar á markaðsvirði.

Samstæðan fylgist grannt með markaðsáhattu og skilur á milli markaðsáhattu í veltubók og fjárfestingabók. Markaðsáhætta í veltubók er tilkomin vegna eigin viðskipta. Markaðsáhætta í fjárfestingabók myndast vegna ýmiss konar misvægis í eignum og skuldum, t.d. í myntum, gjalddögum og vöxtum. Markaðsáhattu í veltubók og fjárfestingabók er stýrt með mismundandi hætti af Fjárfstýringu.

Takmörkun á markaðsáhattu er ákvörðuð af stjórn bankans og sett fram í áhættustefnu hans. Bankastjóri ákvarðar heimildarmörk á opnar stöður í veltubók og niður á eignasöfn. Eigna- og fjárhagsskuldbindinganevnd ber ábyrgð á stýringu heildarmarkaðsáhattu bankans. Áhættustýring ber ábyrgð á mælingu og eftirliti með markaðsáhattu, sem og að veita upplýsingar um áhættuskuldbindingar, heimildanotkun og brot á heimildum.

Stefna samstæðunnar er að takmarka markaðsáhattu vegna misvægis í efnahagsreikningi samstæðunnar en að leyfa áhættu í veltubók innan skilgreindra marka.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 41. Markaðsáhætta, frh.

#### Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta stafar af möguleikanum á því að vaxtabreytingar hafi áhrif á framtíðargreiðsluflæði eða gangvirði fjármálagerna. Vaxtaáhætta er til staðar í rekstri samstæðunnar vegna misvægis á milli vaxtaberandi eigna og skulda. Þetta misvægi helgast af miklum mun á vaxtaendurskoðunartímabili eigna og skulda, þar sem stór hluti skulda er óbundin innlán á meðan vextir eigna eru alla jafna fastir til langs tíma, sem leiðir til vaxtaferilsáhættu fyrir samstæðuna. Samstæðan stendur einnig frammi fyrir vaxtagrunnsáhættu á milli eigna og skulda vegna ólíks grunns fljótandi vaxta fyrir ólíkar myntir, þar sem sú stærsta er EUR.

Stefna samstæðunnar við stýringu á vaxtaáhættu er að leitast við að ná jafnvægi með tilliti til vaxta á milli eigna og skulda með því að laða að innlán og með markmiðum í útlánastarfsemi.

#### Vaxtaáhætta í fjárfestingabók

Eftirfarandi tafla sýnir næmni núvirðis vaxtaberandi eigna og skulda hjá samstæðunni fyrir vaxtabreytingum, eftir gjaldmiðli og vaxtaendurskoðunartímabili, í milljónum króna. Áhættan er mæld sem hrein virðisbreyting vaxtaberandi eigna og skulda, þegar gert er ráð fyrir samtímis samhliða hliðrun allra vaxtaferla upp á við um 100 punkta. Vaxtanæmnin tekur ekki til breytinga á árlegum hreinum vaxtatekjum.

2013	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	10-20 ár	>20 ár
ISK, verðtryggt .....	(44)	(823)	32	(557)	(1.129)
ISK, óverðtryggt .....	(103)	(480)	(28)	(29)	(17)
EUR .....	63	(1)	-	-	-
Annað .....	(36)	-	-	-	-
<b>2012</b>					
ISK, verðtryggt .....	(35)	(603)	(282)	(1.980)	811
ISK, óverðtryggt .....	(102)	(433)	57	-	(10)
EUR .....	71	(3)	-	-	-
Annað .....	(35)	(6)	(50)	-	-

#### Vaxtaáhætta í veltubók

Greining vaxtaáhættu í veltubók byggist á sömu forsendum og í fjárfestingabók.

2013	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	10-20 ár	>20 ár
ISK, verðtryggt .....	(11)	2	(0)	(34)	(92)
ISK, óverðtryggt .....	(1)	(8)	(61)	(92)	-
EUR .....	1	-	-	-	-
Annað .....	1	-	-	-	-
<b>2012</b>					
ISK, verðtryggt .....	-	(19)	(80)	(5)	(270)
ISK, óverðtryggt .....	(50)	(17)	(8)	(36)	-
EUR .....	(5)	-	-	-	-
Annað .....	(2)	-	-	-	-

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 41. Markaðsáhætta, frh.

Eignir og skuldir samstæðunnar á bókfærðu virði eftir gjalddaga.

2013	Bókfært virði	Á gjalddaga	Allt að 3 mán.	3-12 mán.	1-5 ár	Meira en 5 ár	Án gjaldaga
Handbært fé og innstæður hjá Sí .....	37.999	28.666	-	9.333	-	-	-
Lán til lánastofnana .....	102.307	47.197	55.110	-	-	-	-
Lán til viðskiptavina .....	635.774	2.151	56.696	85.340	221.979	269.608	-
Fjármálagerningar .....	86.541	6.889	1.240	13.349	38.569	3.684	22.810
<i>Afleiðusamningar - eignaleggur</i> .....	23.567	447	8.008	4.094	11.018	-	-
<i>Afleiðusamningar - skuldaleggur</i> .....	(22.497)	-	(7.918)	(3.893)	(10.686)	-	-
Fjárfestingareignir .....	28.523	-	-	-	-	-	28.523
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum .....	17.929	-	-	-	-	-	17.929
Óefnislegar eignir .....	5.383	-	-	-	-	-	5.383
Skatteignir .....	818	-	-	-	-	818	-
Aðrar eignir .....	23.576	53	4.014	693	973	13	17.830
<b>Eignir 31.12.2013</b> .....	<b>938.850</b>	<b>84.956</b>	<b>117.060</b>	<b>108.715</b>	<b>261.521</b>	<b>274.123</b>	<b>92.475</b>
<b>Skuldir</b>							
Skuldir við lánastofnanir og Sí .....	28.000	17.692	3.622	6.636	50	-	-
Innlán frá viðskiptavinum .....	471.866	246.160	126.784	74.426	21.693	2.803	-
Fjárskuldir á gangvirði .....	8.960	-	8.757	161	42	-	-
<i>Eignaleggur</i> .....	(18.830)	-	(16.322)	(911)	(1.597)	-	-
<i>Skuldaleggur</i> .....	19.592	-	16.881	1.072	1.639	-	-
<i>Skortstöðuskuldabréf</i> .....	2.837	-	2.837	-	-	-	-
<i>Skortstöðuskuldabréf sem áhættuvörn</i> .....	5.362	-	5.362	-	-	-	-
Skattskuldir .....	4.924	-	924	2.774	1.226	-	-
Aðrar skuldir .....	43.667	371	28.344	5.098	2.671	263	6.919
Lántaka .....	204.568	-	1.868	2.319	27.779	172.602	-
Víkjandi lán .....	31.918	-	-	-	-	31.918	-
<b>Skuldir 31.12.2013</b> .....	<b>793.903</b>	<b>264.223</b>	<b>170.299</b>	<b>91.414</b>	<b>53.461</b>	<b>207.586</b>	<b>6.919</b>
<b>Liðir utan efnahagsreiknings</b>							
Ábyrgðir .....	9.922	2.216	2.698	2.650	1.106	1.252	-
Ónýttar yfirdráttarheimildir .....	37.371	949	8.909	16.108	11.345	60	-
Lánsloforð .....	48.585	3.301	25.011	14.198	6.075	-	-
<b>Liðir utan efnahagsreiknings</b> .....	<b>95.878</b>	<b>6.466</b>	<b>36.618</b>	<b>32.956</b>	<b>18.526</b>	<b>1.312</b>	<b>-</b>
<b>Hreint vaxtanæmisbil</b> .....	<b>49.069</b>	<b>(185.733)</b>	<b>(89.857)</b>	<b>(15.655)</b>	<b>189.534</b>	<b>65.225</b>	<b>85.556</b>

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 41. Markaðsáhætta, frh.

2012	Bókfært virði	Á gjalddaga	Allt að 3 mán.	3-12 mán.	1-5 ár	Meira en 5 ár	Án gjaldaga
Handbært fé og innstæður hjá Sí .....	29.746	21.121	-	8.625	-	-	-
Lán til lánastofnana .....	101.011	84.033	16.721	-	257	-	-
Lán til viðskiptavina .....	566.610	3.000	47.511	92.258	208.232	215.609	-
Fjármálagerningar .....	137.800	8.494	693	48	69.159	41.584	17.822
<i>Afleiðusamningar - eignaleggur</i> .....	18.737	-	16.739	444	1.554	-	-
<i>Afleiðusamningar - skuldaleggur</i> .....	(17.949)	-	(16.046)	(421)	(1.482)	-	-
Fjárfestingareignir .....	28.919	-	-	-	-	-	28.919
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum .....	7.050	-	-	-	-	-	7.050
Óefnislegar eignir .....	4.941	-	-	-	-	-	4.941
Skatteignir .....	463	-	-	17	446	-	-
Aðrar eignir .....	24.135	64	2.500	2.047	401	18	19.105
<b>Eignir 31.12.2012</b> .....	<b>900.675</b>	<b>116.712</b>	<b>67.425</b>	<b>102.995</b>	<b>278.495</b>	<b>257.211</b>	<b>77.837</b>
<b>Skuldir</b>							
Skuldir við lánastofnanir og Sí .....	32.990	12.742	12.360	7.659	229	-	-
Innlán frá viðskiptavinum .....	448.683	268.016	118.584	34.890	24.947	2.246	-
Fjárskuldir á gangvirði .....	13.465	-	12.575	98	480	312	-
<i>Eignaleggur</i> .....	(25.677)	-	(6.037)	(4.533)	(9.646)	(5.461)	-
<i>Skuldaleggur</i> .....	26.653	-	6.122	4.631	10.126	5.773	-
<i>Skortstöðuskuldabréf</i> .....	5.162	-	5.162	-	-	-	-
<i>Skortstöðuskuldabréf sem áhættuvörn</i> .....	7.327	-	7.327	-	-	-	-
Skattskuldir .....	3.237	-	474	1.425	1.338	-	-
Aðrar skuldir .....	42.117	492	25.952	5.180	3.207	308	6.978
Lántaka .....	195.085	601	1.865	2.858	31.686	158.075	-
Víkjandi lán .....	34.220	-	-	-	-	34.220	-
<b>Skuldir 31.12.2012</b> .....	<b>769.797</b>	<b>281.851</b>	<b>171.810</b>	<b>52.110</b>	<b>61.887</b>	<b>195.161</b>	<b>6.978</b>
<b>Liðir utan efnahagsreiknings</b>							
Ábyrgðir .....	9.185	1.806	3.639	1.462	939	1.339	-
Ónýttar yfirdráttarheimildir .....	34.545	691	8.971	11.768	13.035	80	-
Lánsloforð .....	36.001	1.051	19.201	5.816	9.932	1	-
<b>Liðir utan efnahagsreiknings</b> .....	<b>79.731</b>	<b>3.548</b>	<b>31.811</b>	<b>19.046</b>	<b>23.906</b>	<b>1.420</b>	<b>-</b>
<b>Hreint vaxtanæmisbil</b> .....	<b>51.147</b>	<b>(168.687)</b>	<b>(136.196)</b>	<b>31.839</b>	<b>192.702</b>	<b>60.630</b>	<b>70.859</b>



## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 41. Markaðsáhætta, frh.

#### Verðbólguáhætta

Samstæðan verður fyrir verðbólguáhattu þegar misvægi er milli verðtryggðra eigna og skulda. Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 291,6 ma.kr. (2012: 262,0 ma.kr.) og heildarfjárhæð verðtryggðra skulda nam 223,7 ma.kr. (2012: 216,8 ma.kr.)

Taflan hér að neðan sýnir niðurbrot á greiðsluflæði verðtryggðra eigna og skuldbindinga. Í fyrri ársskýrslum byggði niðurbrotið á lokagjaldþega samninga og fjármálagerninga. Staðan í lok árs 2012 hefur verið uppfærð miðað við greiðsluflæði til að sýna réttan samanburð. Gert er ráð fyrir að fjármálagerningar sem tilheyra eigin stöðutöku bankans eða eru hluti af lausafjáreign bankans séu til reiðu.

2013	Að 1 ári	1-5 ár	Meira en 5 ár	Samtals
<b>Eignir, verðtryggðar</b>				
Lán til viðskiptavina .....	13.894	78.509	192.001	284.404
Fjármálagerningar .....	2.305	-	-	2.305
Staða utan efnahagsreiknings .....	2.478	2.394	-	4.872
<b>Eignir, verðtryggðar .....</b>	<b>18.677</b>	<b>80.903</b>	<b>192.001</b>	<b>291.581</b>
<b>Skuldir, verðtryggðar</b>				
Innlán .....	67.044	21.585	2.707	91.336
Lántaka .....	2.830	12.625	116.914	132.369
<b>Skuldir, verðtryggðar .....</b>	<b>69.874</b>	<b>34.210</b>	<b>119.621</b>	<b>223.705</b>
Hrein staða efnahagsreiknings .....	(53.675)	44.299	72.380	63.004
Hrein staða utan efnahagsreiknings .....	2.478	2.394	-	4.872
<b>Verðtryggt 31.12.2013 .....</b>	<b>(51.197)</b>	<b>46.693</b>	<b>72.380</b>	<b>67.876</b>
Verðtryggt 31.12.2012 .....	(40.402)	40.989	44.553	45.140

#### Gjaldeyrísáhætta

Gjaldeyrísáhætta er hætta á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Gjaldeyrísáhætta samstæðunnar stafar fyrst og fremst af misvægi milli eigna og skulda í mismunandi myntum. Skuldir samstæðunnar eru aðallega innlán í íslenskum krónum en eignir hennar eru að verulegu leyti lán til viðskiptavina í erlendum gjaldmiðlum. Nettó stöður í hverri mynt eru vaktar miðlægt í bankanum.

Sundurliðun eigna og skulda eftir mynt í árslok

2013

Eignir	ISK	EUR	USD	CHF	GBP	JPY	Annað	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Sí .....	30.745	4.971	731	693	376	254	229	37.999
Lán til lánastofnana .....	25.156	17.490	10.064	5.856	15.071	4.475	24.195	102.307
Lán til viðskiptavina .....	514.206	50.739	27.080	12.296	7.241	6.382	17.830	635.774
Fjármálagerningar .....	65.025	13.754	4.860	7	73	2	2.820	86.541
Fjárfestingareignir .....	28.523	-	-	-	-	-	-	28.523
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum .....	12.253	-	-	-	5.676	-	-	17.929
Óefnislegar eignir .....	5.383	-	-	-	-	-	-	5.383
Skatteignir .....	818	-	-	-	-	-	-	818
Aðrar eignir. ....	22.903	486	104	-	46	-	37	23.576
<b>Eignir 31.12.2013 .....</b>	<b>705.012</b>	<b>87.440</b>	<b>42.839</b>	<b>18.852</b>	<b>28.483</b>	<b>11.113</b>	<b>45.111</b>	<b>938.850</b>

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 41. Markaðsáhætta, frh.

Skuldir	ISK	EUR	USD	CHF	GBP	JPY	Annað	Samtals
Skuldir við lánastofnanir og Sí .....	23.189	1.832	622	839	4	1.514	-	28.000
Innlán frá viðskiptavinum .....	390.397	27.457	13.751	222	10.940	926	28.173	471.866
Fjárskuldir á gangvirði .....	8.921	32	2	-	-	-	5	8.960
Skattskuldir .....	4.924	-	-	-	-	-	-	4.924
Aðrar skuldir .....	38.508	1.120	2.114	75	59	410	1.381	43.667
Lántaka .....	140.012	2.202	18.669	20.043	6.728	7.557	9.357	204.568
Víkjandi lán .....	-	25.818	2.303	-	3.797	-	-	31.918
Eigið fé .....	144.947	-	-	-	-	-	-	144.947
<b>Skuldir 31.12.2013 .....</b>	<b>750.898</b>	<b>58.461</b>	<b>37.461</b>	<b>21.179</b>	<b>21.528</b>	<b>10.407</b>	<b>38.916</b>	<b>938.850</b>
Hrein staða innan efnahagsreiknings	(45.886)	28.979	5.378	(2.327)	6.955	706	6.195	
Hrein staða utan efnahagsreiknings ..	14.256	(17.076)	924	3.569	1.069	792	(3.534)	
Hrein staða 31.12.2013 .....	<u>(31.630)</u>	<u>11.903</u>	<u>6.302</u>	<u>1.242</u>	<u>8.024</u>	<u>1.498</u>	<u>2.661</u>	
2012								
Eignir								
Handbært fé og innstæður hjá Sí .....	24.874	3.353	729	155	403	4	228	29.746
Lán til lánastofnana .....	26.176	21.098	17.521	2.538	15.462	1.794	16.422	101.011
Lán til viðskiptavina .....	427.037	50.966	20.396	21.121	6.670	14.835	25.585	566.610
Fjármálagerningar .....	132.298	3.278	1.675	7	244	4	294	137.800
Fjárfestingareignir .....	28.919	-	-	-	-	-	-	28.919
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum .....	7.050	-	-	-	-	-	-	7.050
Óefnislegar eignir .....	4.941	-	-	-	-	-	-	4.941
Skatteignir .....	463	-	-	-	-	-	-	463
Aðrar eignir .....	22.254	1.592	245	-	4	-	40	24.135
<b>Eignir 31.12.2012 .....</b>	<b>674.012</b>	<b>80.287</b>	<b>40.566</b>	<b>23.821</b>	<b>22.783</b>	<b>16.637</b>	<b>42.569</b>	<b>900.675</b>
Skuldir								
Skuldir við lánastofnanir og Sí .....	31.060	1.486	201	-	24	218	1	32.990
Innlán frá viðskiptavinum .....	362.384	28.663	13.893	1.831	10.185	1.374	30.353	448.683
Fjárskuldir á gangvirði .....	12.665	791	-	-	-	-	9	13.465
Skattskuldir .....	3.237	-	-	-	-	-	-	3.237
Aðrar skuldir .....	34.084	2.786	1.866	298	808	1.430	845	42.117
Lántaka .....	132.214	2.815	20.785	21.698	7.346	10.227	-	195.085
Víkjandi lán .....	-	27.511	2.563	-	4.146	-	-	34.220
Eigið fé .....	130.878	-	-	-	-	-	-	130.878
<b>Skuldir 31.12.2012 .....</b>	<b>706.522</b>	<b>64.052</b>	<b>39.308</b>	<b>23.827</b>	<b>22.509</b>	<b>13.249</b>	<b>31.208</b>	<b>900.675</b>
Hrein staða innan efnahagsreiknings	(32.510)	16.235	1.258	(6)	274	3.388	11.361	
Hrein staða utan efnahagsreiknings ..	14.347	(8.624)	3.667	(1.239)	3.321	(3.672)	(7.800)	
Hrein staða 31.12.2012 .....	<u>(18.163)</u>	<u>7.611</u>	<u>4.925</u>	<u>(1.245)</u>	<u>3.595</u>	<u>(284)</u>	<u>3.561</u>	

## SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 41. Markaðsáhætta, frh.

#### Næmni gagnvart gjaldeyrisáhættu

Taflan hér að neðan sýnir helstu myntir sem samstæðan var með opnar stöður í 31. desember 2013. Reiknuð eru út áhrif veikingar eða styrkingar íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum, að því gefnu að aðrar breytur séu fastar, á rekstrartekjur samstæðunnar (sem stafa af gangvirðisbreytingum á eignum og skuldum utan veltubókar sem eru háðar gengi gjaldmiðla). Neikvæð fjárhæð í töflunni gefur til kynna mögulegt tap í rekstri eða eign fé vegna slíkra hreyfinga, en jákvæð fjárhæð gefur til kynna mögulegan hagnað. Samsvarandi lækkun í hverri mynt hér að neðan gagnvart krónu myndi leiða til samsvarandi en öfugra áhrifa (+10% merkir gengislækkun íslensku krónunnar).

	2013		2012	
	-10%	+10%	-10%	+10%
Mynt				
EUR .....	(1.190)	1.190	(761)	761
USD .....	(630)	630	(493)	493
CHF .....	(124)	124	125	(125)
GBP .....	(802)	802	(360)	360
JPY .....	(150)	150	28	(28)
Annað .....	(266)	266	(356)	356

#### Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er sú áhætta að gangvirði hlutabréfa lækki vegna breytinga á vísitölum hlutabréfaverðs og einstökum hlutabréfum. Hlutabréfaáhætta í fjárfestingabók stafar aðallega af endurskipulagningu á eignum samstæðunnar þ.e. endurskipulagningu félaga í fjárhagsvandræðum sem samstæðan hefur yfirtekið. Upplýsingar um eignir sem gengið hefur verið að og eru í söluferli má finna í skýringu 27 og hlutabréfastöður má finna í skýringu 21.

#### Næmni gagnvart hlutabréfaáhættu

Taflan hér að neðan sýnir reiknuð áhrif verðbreytinga á hlutabréfum á rekstrartekjur samstæðunnar. Neikvæð fjárhæð í töflunni gefur til kynna mögulegt tap í rekstri eða eign fé vegna slíkra hreyfinga, en jákvæð fjárhæð gefur til kynna mögulegan hagnað.

	2013		2012	
	-10%	+10%	-10%	+10%
Hlutabréf				
Veltubók - skráð .....	(120)	120	(37)	37
Fjárfestingabók - skráð .....	(307)	307	(245)	245
Fjárfestingabók - óskráð .....	(1.094)	1.094	(972)	972

#### Afleiðusamningar

Viðskiptavinum stendur til boða að gera afleiðusamninga við bankann. Þær afleiður sem um ræðir eru gjaldeyris- og vaxtaskiptasamningar, framvirkir gjaldeyrissamningar, og valréttir og framvirkir samningar um viðskipti með skráð hlutabréf, ríkisskuldabréf og íbúðabréf. Heimildarmörk vegna stöðu og trygginga eru ákvörðuð í samræmi við áhættustefnu samstæðunnar. Afleiður eru einnig notaðar til að draga úr markaðsáhættu á efnahagsreikningi samstæðunnar. Afleiðustöður jukust á árinu 2013 en tengd áhætta er álitin óveruleg.

#### Uppgreiðsluáhætta

Uppgreiðsluáhætta er sú áhætta að samstæðan verði fyrir fjárhagslegu tapi vegna þess að viðskiptavinir hans og gagnaðilar endurgreiða eða fara fram á endurgreiðslu fyrir eða síðar en gert var ráð fyrir, svo sem vegna veðlana á föstum vöxtum þegar vextir lækka. Endurgreiðsluáhætta samstæðunnar í árslok 2013 var óveruleg.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 42. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er skilgreind sem sú áhætta að samstæðan, þrátt fyrir að vera gjaldfær, lendi í erfiðleikum með að mæta skuldbindingum sínum þegar þær gjaldfalla, eða geti aðeins tryggt endurgreiðslu með óhóflegum kostnaði. Lausafjánhætta leiðir af vangetu til þess að stýra óráðgerðum lækkunum eða breytingum á fjármögnun.

Meginfjármögnunarleið samstæðunnar felst í innlánum einstaklinga, fyrirtækja og fjármálastofnana. Lausafjánhætta samstæðunnar stafar af því að binditími útlána er lengri en binditími innlána, en u.þ.b. helmingur innlána er óbundinn.

Lausafjánhætta er einn af helstu áhættuþáttum samstæðunnar og er mikil áhersla lögð á stýringu hennar. Eigna- og fjárhagsskuldbindinganefnd ber ábyrgð á stýringu lausafjánhættu innan áhættustefnu bankans sem ákvörðuð er af stjórninni. Fjárstýring stýrir daglegri lausafjárstöðu bankans. Áhættustýring mælir, vaktar og greinir frá lausafjánhættu bankans.

Gjaldeyrishöft voru innleidd á Íslandi í lok ársins 2008. Stefna samstæðunnar er að viðhalda alltaf nægu lausafé, með háu hlutfalli lausafjäreigna og tiltækrar fjármögnunar til að mæta skammtímaskuldbindingum og mögulegum útgreiðslum. Óvíst er hvenær gjaldeyrishöftin verða felld úr gildi.

#### *Lausafjánhlutfall*

Nýjar lausafjárreglur útgefnar af Seðlabanka Íslands tóku gildi 1. desember 2013. Um leið féllu úr gildi eldri reglur um lausafjár- og reiðufjánhlutföll sem samstæðan hefur reiknað út og veitt upplýsingar um undanfarin ár. Nýju reglurnar byggja á stöðlum fyrir lausafjástýringu og eru hluti af Basel III reglunum. Innleiðing á stöðlunum hefst árið 2015 á alþjóðavísu. Staðlarnir skilgreina lausafjánhlutfall (Liquidity Coverage Ratio, LCR) sem er hlutfallið á milli lausafjäreigna og vænts útlæðis næstu 30 daga við álagsaðstæður.

Lausar eignir sem mæta eiga óvæntu útlæði þurfa að uppfylla strangari skilyrðum í nýju lausafjárreglunum. Eignir mega ekki vera veðsettar, þurfa að vera seljanlegar og auðvelt að ákvarða virði þeirra á markaði, veðhæfar í viðskiptum við Seðlabanka Íslands og ekki útgefnar af samstæðunni eða af eiganda aðila í fjármálastarfsemi innan samstæðunnar.

Seðlabanki Íslands hefur gefið út leiðbeiningar við reglur um lausafjánhlutfall. Frá 1. janúar 2014 skal lausafjánhlutfall í erlendum gjaldmiðlum ávallt vera að lágmarki 100% og 70% í heild (ISK og erlendir gjaldmiðlar). Síðara viðmiðið hækkar árlega um 10% þar til 100% mörkum verður náð árið 2017.

LCR lausafjánhlutfallið í lok árs 2013 er sýnt í töflunni fyrir neðan. Ekki er sýndur samanburður við sambærilegar tölur frá fyrra ári þar sem reglurnar tóku gildi stuttu fyrir árslok 2013.

Lausafjánhlutfall (LCR)	2013
Erlendir gjaldmiðlar .....	274%
Samtals .....	123%

#### *Innlánaflokkun*

Samkvæmt aðferðafræði við útreikning LCR lausafjánhlutfallsins er innlánagrunni samstæðunnar skipt í nokkra mismunandi flokka eftir tegund viðskiptamanns. Innlán eru jafnframt flokkuð eftir stöðugleika. Innlán eru flokkuð sem stöðug fjármögnun ef viðskiptavinur á í viðskiptasambandi við samstæðuna og upphæð er að fullu tryggð af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. Önnur innlán eru flokkuð sem minna stöðug. Hver innlánaflokkur fær vægi í samræmi við vænt útlæði undir álagi sem gefur til kynna stig kvikleika.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 42. Lausafjárahætta, frh.

Í töflunni hér að neðan er sýnd skipting á innlánagrunni samstæðunnar samkvæmt innlánaflokkuninni ásamt væntu útlæðisvægi. Áþekkir innlánsflokkar eru flokkaðir saman.

*Innlánaflokkun - upphæðir og útlæðisvægi*

	Innlán laus innan 30 daga				Innlán bundin lengur en 30 daga *
	Minna stöðug fjármögnun	Vægi (%)	Stöðug fjármögnun	Vægi (%)	
Einstaklingar .....	75.385	10%	33.971	5%	30.224
Lítill og meðalstór fyrirtæki .....	32.496	10%	3.723	5%	6.675
Lögaðilar í rekstrarsambandi .....	847	25%	-	5%	530
Lögaðilar .....	49.841	40%	742	20%	12.977
Ríki og sveitarfélög, seðlabankar og opinber fyrirtæki .....	19.104	40%	-	-	7.206
Fjármálafyrirtæki í skilameðferð .....	17.616	100%	-	-	59.675
Innlánsdeildir séreignasjóða .....	4.346	100%	-	-	20.639
Lífeyrissjóðir .....	46.420	100%	-	-	20.299
Innlend fjármálafyrirtæki .....	26.652	100%	-	-	13.636
Erlend fjármálafyrirtæki .....	2.135	100%	-	-	495
Aðrir erlendir aðilar .....	3.830	100%	626	25%	250
<b>Samtals</b> .....	<b>278.672</b>		<b>39.062</b>		<b>172.606</b>

\* Ekki er gert ráð fyrir útlæði frá innlánum bundnum lengur en 30 daga.

### 43. Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu eða óbeinu tapi, eða skaða á orðspori bankans, vegna ófullnægjandi innri verkferla, mannlegra mistaka, kerfismistaka eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi, sem áhrif hafa á ímynd og/eða rekstur bankans.

Sérhver rekstrareining samstæðunnar ber ábyrgð á stjórnun eigin rekstraráhættu. Áhættustýring ber ábyrgð á þróun og viðhaldi aðferða til greininga, mælinga, eftirlits og skýrslugjafar um rekstraráhættu samstæðunnar.

Samstæðan beitir grundvallaraðferð Basel II (e. basic indicator approach) við útreikning eiginfjárfarfa vegna rekstraráhættu.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 44. Eiginfjárstýring

Eiginfjárgrunnur samstæðunnar 31. desember 2013 nam 170.439 m.kr. Eiginfjárlutfall samstæðunnar, reiknað skv. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki var 23,6% en lögbundið lágmark er 8%.

Samstæðan beitir staðalaðferð (e. standardised approach) vegna útlánaáhættu og markaðsáhættu og grundvallaraðferð (e. basic indicator approach) vegna rekstraráhættu.

Bankinn metur eiginfjárbörf samkvæmt innramatsferli (ICAAP). Innramatsferlið er ferli sem miðar að því að tryggja að bankinn búi yfir fullnægjandi áhættustýringarferlum og kerfum til þess að greina, stýra og mæla heildaráhættu bankans. Matsferlið miðar að því að greina og mæla áhættu samstæðunnar út frá öllum áhættutegundum og tryggja að samstæðan ráði yfir eigin fé í samræmi við undirliggjandi áhættu. FME hefur eftirlit með samstæðunni, tekur við upplýsingum um innra mat samstæðunnar á eiginfjárbörf og ákvarðar eiginfjárkröfur fyrir samstæðuna í heild.

Samstæðan skal uppfylla eiginfjárkröfu sem ákvörðuð er af FME í kjölfar könnunar og matsferlis (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP). Eiginfjárgrunnur samstæðunnar er hærri en krafa FME (2012: sama).

Útreikningur á áhættuvegnum eignum samstæðunnar	2013	2012
<b>Eiginfjárgrunnur</b>		
Hlutfé .....	75.861	75.861
Lögbundinn varasjóður .....	1.637	1.639
Óráðstafað eigið fé .....	62.591	49.572
Hlutdeild minnihluta .....	4.858	3.806
<b>Eigið fé alls .....</b>	<b>144.947</b>	<b>130.878</b>
Óefnislegar eignir .....	(5.383)	(4.941)
Skatteign .....	(818)	(463)
Annar frádráttur frá eiginfjárbætti A .....	(119)	-
<b>Eiginfjárbáttur A samtals .....</b>	<b>138.627</b>	<b>125.474</b>
Víkjandi lán .....	31.918	34.220
Annar frádráttur frá eiginfjárbætti B .....	(106)	-
<b>Eiginfjárgrunnur alls .....</b>	<b>170.439</b>	<b>159.694</b>
<b>Áhættuvegnar eignir</b>		
Útlánaáhætta .....	608.029	557.964
Markaðsáhætta vegna gjaldeyrismisvægis .....	31.703	20.063
Önnur markaðsáhætta .....	4.993	7.407
Rekstraráhætta .....	76.097	72.329
<b>Samtals áhættuvegnar eignir .....</b>	<b>720.822</b>	<b>657.763</b>
Hlutfall eiginfjárbáttar A .....	19,2%	19,1%
Eiginfjárlutfall .....	23,6%	24,3%

## ▶ SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### HELSTU REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

Reikningsskilaaðferðir sem beitt er við gerð þessara reikningsskila eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2012.

#### 45. Rekstrarhæfi

Stjórnendur samstæðunnar hafa lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi hennar og eru þeirrar skoðunar að samstæðan hafi það sem til þarf til áframhaldandi reksturs. Við það mat hafa stjórnendur horft til þeirrar áhættu sem að samstæðunni snýr en henni er nánar lýst í skýringum um áhættustýringu. Reikningsskilin byggja á þeirri forsendu að ekki leiki vafi um áframhaldandi rekstrarhæfi.

#### 46. Grundvöllur samstæðunnar

##### *Dótturfélög*

Dótturfélög eru lögaðilar sem lúta yfirráðum samstæðunnar. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá þeim degi sem yfirráð fást og til þess dags sem yfirráðum lýkur. Reikningsskil dótturfélaganna ná yfir sömu tímabil og móðurfélagsins og sambærilegum reikningsskilaaðferðum er beitt.

##### *Fyrtæki í samstæðunni*

Kaupaðferðinni er beitt við kaup á fyrirtækjum í samstæðunni á kaupdegi, þ.e. þegar yfirráð færast til samstæðunnar. Yfirráð felast í valdi til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að öðlast ávinning af starfsemi þess. Við mat á því hvort samstæðan fer með yfirráð yfir félagi er litið til mögulegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur við núverandi aðstæður.

Samstæðan metur viðskiptavild við kaup sem:

- gangvirði greiðslunnar sem innt er af hendi að viðbættu
- færða hlutdeild minnihluta í hinu keypta félagi, að frádregnu
- ef kaupin eru gerð í þrepum, gangvirði þess eignarhlutar sem samstæðan átti áður, að frádregnu
- hreinu virði (oftast gangvirði) þeirra eigna og skulda sem fylgja með í kaupunum.

Þegar mismunurinn er neikvæður er ávinningurinn sem felst í kaupunum tekjufærður í rekstri á kaupdegi.

Kostnaður við viðskiptin er gjaldfærður í rekstri meðal stjórnunarkostnaðar.

##### *Hlutdeild minnihluta*

Hlutdeild minnihluta er sá hluti af hagnaði eða tapi og eigin fé sem ekki er í eigu samstæðunnar, beint eða óbeint. Hlutdeild minnihluta er sýnd sérstaklega í yfirliti um heildarafkomu og telst til eigin fjár í efnahagsreikningi, aðskilið frá eigin fé sem tilheyrir eigendum samstæðunnar.

Samstæðan velur í sérhverjum kaupum að meta hlutdeild minnihluta í dótturfélagi annað hvort

- á gangvirði eða
- sem hlutfall af eignum og skuldum dótturfélagsins, sem að jafnaði eru á gangvirði.

Breyting á eignarhlut samstæðunnar í dótturfélagi sem ekki leiðir til þess að yfirráð tapist er færð sem eiginfjárhreyfing.

##### *Yfirráðum lýkur*

Þegar yfirráðum lýkur, hættir samstæðan að taka tillit til eigna og skulda dótturfélagsins, hugsanlegrar hlutdeildar minnihluta og annarra þátta eiginfjár sem tengjast dótturfélaginu. Ef hagnaður eða tap myndast við lok yfirráða er það fært gegnum rekstur.

##### *Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar*

Viðskiptastöður milli félaga innan samstæðunnar og tekjur og gjöld sem myndast hafa vegna viðskipta milli félaga innan samstæðunnar eru felld út við gerð samstæðureikningsskilanna.

Ef fjárfesting í dótturfélagi er flokkuð sem fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi er fjárfestingin færð sem slík frá dagsetningu flokkunarinnar.

##### *Sjóðastýring*

Samstæðan stjórnar og hefur umsjón með eignum í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum fyrir hönd fjárfesta. Reikningsskil þessara aðila eru ekki innifalin í samstæðureikningi þessum nema í þeim tilvikum þegar aðillinn lýtur yfirráðum samstæðunnar.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 47. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á, þ.e. vald til að taka þátt í ákvörðunum um fjármála- og rekstrarstefnu þeirra en hefur ekki yfiráð eða sameiginleg yfiráð yfir slíkum ákvörðunum. Veruleg áhrif eru yfirleitt fyrir hendi þegar samstæðan ræður milli 20% og 50% af atkvæðamagni, þar á meðal mögulegum atkvæðisrétti. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru upphaflega færðar á kostnaðarverði. Bókfært verð fjárfestinga í hlutdeildarfélögum felur í sér ófnislegar eignir og uppsafnaða virðisrýrnun.

Samstæðureikningskilin taka tillit til hluta samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaga frá þeim degi sem veruleg áhrif hefjast og til þess dags sem verulegum áhrifum lýkur. Þegar hlutdeild samstæðunnar í tapi er umfram eignarhlut þess í hlutdeildarfélaga er bókfært verð samstæðunnar fært niður í núll og færslu frekara taps er hætt nema að því marki sem samstæðan hefur stofnað til lagalegra eða ætlaðra skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélagsins. Ef hlutdeildarfélagið skilar hagnaði síðar byrjar samstæðan aftur að færa hlutdeild sína í þeim hagnaði en þó aðeins eftir að hlutdeild þess í hagnaðinum jafngildir hlutdeildinni í tapi sem ekki var færð.

Ef fjárfesting í hlutdeildarfélaga er flokkuð sem fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi er hlutdeildaraðferð ekki lengur beitt og gerð er grein fyrir fjárfestingunni sem slíkri. Í tilvikum þar sem yfiráðum yfir dótturfélaga lýkur og samstæðan heldur eftir verulegri hlutdeild í viðkomandi félagi færir hluti af hagnaði eða tapi við sölu með fjárfestingunni sem haldið er eftir í fyrrum dótturfélaginu, á gangvirði dagsins sem yfiráðum lauk. Hagnaður eða tap er fært sem annað hvort aðrar rekstrartekjur (gjöld) eða hagnaður (tap) af fastafjármunum til sölu og aflagðri starfsemi í yfirliti um heildarafkomu.

#### *Virðisrýrnun fjárfestingar í hlutdeildarfélaga*

Eftir að hlutdeildaraðferð hefur verið beitt við eignfærslu fjárfestingar í hlutdeildarfélögum, metur samstæðan hvort nauðsynlegt er að færa virðisrýrnun á fjárfestingunum. Samstæðan byrjar á að skoða hvort fyrirliggjandi séu upplýsingar um að fjárfesting í hlutdeildarfélaga hafi rýrnað að virði. Ef slíkar upplýsingar eru fyrirliggjandi, gerir samstæðan virðisrýrnunarpróf á fjárfestingunni með því að bera saman bókfært virði hennar og endurheimtanlegt virði, sem er það sem hærra reynist af notkunarvirði eða gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu. Endurheimtanlegt virði fjárfestingar í hlutdeildarfélögum er metið fyrir hvert hlutdeildarfélag fyrir sig, nema í þeim tilvikum að hlutdeildarfélag skapar ekki sjóðstreymi frá rekstri sem er að mestu óháð öðrum fjárfestingum samstæðunnar. Bókfært virði umfram endurheimtanlegt virði er gjaldfært í rekstri sem virðisrýrnun. Virðisrýrnun er snúið við í gegnum rekstur ef ástæður virðisrýrnunarinnar eiga ekki lengur við.

### 48. Erlendir gjaldmiðlar

Reikningsskil dótturfélaga innan samstæðunnar eru færð í starfrækslugjaldmiðli viðkomandi félags.

#### *Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í starfrækslugjaldmiðil viðkomandi félags í samstæðunni á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum á reikningsskiladegi eru umreiknaðar yfir í starfrækslugjaldmiðil á gengi þess dags. Gengismunur sem verður til vegna uppgjörs eða umreiknings á peningalegum liðum er færður í yfirlit um heildarafkomu. Eignir aðrar en peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á kostnaðarverði.

### 49. Vextir

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í yfirlit um heildarafkomu með aðferð virkra vaxta. Virkir vextir eru hlutfallið sem núvirðir áætlað framtíðarsjóðstreymi á væntanlegum gildistíma fjármálagerningsins (eða, ef við á, á styttra tímabili) að hreinu bókfærðu virði fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar. Virkir vextir eru ákvarðaðir við upphaflega færslu fjáreignarinnar og fjárskuldarinnar og eru ekki endurskoðaðir síðar.

Við útreikning á virkum vöxtum er tekið tillit til allra greiddra eða innheimtra þóknana og viðskiptakostnaðar, undir- og yfirverðs sem er óaðskiljanlegur hluti virkra vaxta. Viðskiptakostnaður er kostnaður sem rekja má beint til kaupa, útgáfu eða ráðstöfunar fjáreignar eða fjárskuldar.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld sem færð eru í yfirlit um heildarafkomu eru m.a.

- vextir af fjáreignum og fjárskuldum á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta,
- vextir af veltufjáreignum og veltufjárskuldum með aðferð virkra vaxta og
- vextir af fjáreignum og fjárskuldum sem eru færðar á gangvirði gegnum rekstur.



## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 50. Þóknatekjur og þóknagjöld

Samstæðan veitir ýmsa þjónustu til viðskiptavina sinna og fær af henni tekjur, svo sem tekjur af fyrirtækjasviði, viðskiptabankastarfsemi, markaðsviðskiptum, fyrirtækjaráðgjöf, eignastýringu og einkabankaþjónustu. Þóknarir sem fengnar eru fyrir þjónustu sem er veitt yfir tiltekinn tíma eru færðar eftir því sem þjónustan er veitt. Þóknarir vegna viðskiptafærslna eru færðar þegar þjónustunni er lokið. Þóknarir sem eru árangurstengdar eru færðar þegar tilsettum árangri hefur verið náð.

Þóknatekjur og þóknagjöld sem heyra undir hlutfall virkra vaxta á fjáreign eða fjárskuld teljast með í útreikningi virkra vaxta.

### 51. Hreinar fjármunatekjur

Hreinar fjármunatekjur eru arðstekjur, hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði og hreinn gengishagnaður.

- i) Arðstekjur eru færðar þegar réttur til greiðslu þeirra hefur stofnast. Venjulega er þetta dagurinn sem er tilgreindur sem 1. viðskiptadagur án arðsréttinda.
- ii) Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði samanstendur af hreinum innleystum og óinnleystum gangvirðisbreytingum á veltufjáreignum og -skuldum og fjáreignum og -skuldum á gangvirði að frátöldum vöxtum (sem færast undir vaxtatekjur og vaxtagjöld) og myntgengishagnaði og -tapi (sem færast undir hreinan gengishagnað eins og lýst er hér að neðan).
- iii) Hreinn gengishagnaður felur í sér allan gengismun vegna uppgjors á peningalegum eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum og gengismun peningalegra eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum sem myndast vegna frávikna frá upphaflega skráðu gengi á tímabilinu eða í fyrri reikningsskilum.

Hreinn gengishagnaður felur einnig í sér gengismun vegna umreiknings eigna og skulda sem ekki eru fjáreignir og fjárskuldir og færðar eru á gangvirði í erlendum gjaldmiðlum, en hagnaður og tap af þeim færast einnig í yfirlit um heildarafkomu.

### 52. Tekjuskattur

Tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur vegna rekstrarársins hefur verið reiknaður og færður í samstæðureikninginn.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur vegna afkomu ársins, reiknaður með skatthlutfalli gildandi laga um tekjuskatt á reikningsskiladegi og leiðréttingar á skatti fyrir tímabila, ef um þær er að ræða.

Frestaður skattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu virði efnahagsliða og færðum gengismuni samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

Frestaður skattur er reiknaður með þeim skatthlutföllum sem reiknað er með að gildi þegar tímabundnir mismunir snúast við, og er stuðst við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Frestaðri tekjuskattseign er jafnað á móti tekjuskattsskuldbindingu í þeim tilvikum þegar lagalega er heimilt að jafna saman skatteign og skattskuld sem hafa myndast vegna álagningar skatta á tiltekinn skattaðila hjá sömu skattyfirvöldum, eða fleiri en einn skattaðila sem eru samskattaðir.

Reiknuð skatteign er aðeins færð svo framarlega sem líklegt er talið að framtíðarhagnaður verði sem nýta má á móti eigninni. Reiknuð skatteign er lækkuð að því marki sem ekki er talið líklegt að hún nýtist.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 53. Fjáreignir og fjárskuldir

#### *Skráning*

Samstæðan skráir upphaflega lán, innstæður, lántökur og víkjandi lán á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Reglubundin kaup og sala á fjáreignum er skráð á viðskiptadeginum sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignirnar. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru skráðar á viðskiptadeginum þegar samstæðan gerist aðili að samningi um samningsbundnar tekjur eða gjöld af eigninni eða skuldinni.

Fjáreign eða fjárskuld er upphaflega færð á gangvirði auk, ef eign eða skuld er ekki færð á gangvirði, viðskiptakostnaðar sem tengist beint kaupum á eigninni eða útgáfu skuldarinnar.

#### *Flokkun*

Samstæðan flokkar fjáreignir og fjárskuldir í einhvern af eftirfarandi flokkum:

- lán,
- á gangvirði gegnum rekstur, í eftirfarandi flokkum:
  - veltufjáreignir eða
  - á gangvirði gegnum rekstur.

Samstæðan flokkar fjárskuldir, aðrar en ábyrgðir og lánsloforð, sem skuldir á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði gegnum rekstur.

#### *Afskráning*

Fjáreignir eru afskráðar þegar réttur til sjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur fyrir hendi, eða þegar samstæðan hefur framselt nánast alla áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Fjárskuldir eru afskráðar þegar samningsbundnar skuldbindingar samstæðunnar eru uppfylltar, þær felldar niður eða þeim lýkur.

#### *Jöfnun*

Fjáreignum og fjárskuldum er eingöngu jafnað saman og hrein fjárhæð sýnd í efnahagsreikningi þegar fyrir hendi er lagalegur réttur til jöfnunar fjárhæða og ætlunin er að gera upp með jöfnun eða innleysa eignina og gera skuldina upp samhliða.

Tekjum og gjöldum er eingöngu jafnað saman þegar reikningssskilastaðlar heimila, eða vegna hagnaðar eða taps sem myndast hefur vegna safns sambærilegra viðskipta, t.d. í veltuviðskiptum samstæðunnar.

Upplýsingar um jöfnun eru í skýringu 23.

#### *Útreikningur á afskrifuðu kostnaðarverði*

Afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar er fjárhæð viðkomandi fjármálagernings, mæld við upphaflega færslu, að frádregnum höfuðstólsgreiðslum og að teknu tilliti til uppsafnaðra afskrifta, sem færðar eru miðað við virka vexti, á mismuni milli upphaflegrar skráningar viðkomandi fjármálagernings annars vegar og nafnverðsfjárhæðar hans hins vegar, og að frádregnum lækkunum vegna virðisrýrnunar.

Verðtryggðar eignir og verðtryggðar skuldir eru uppreiknaðar miðað við vísitölu neysluverðs í árslok.

#### *Ákvörðun gangvirðis*

Gangvirði er sú fjárhæð sem hægt væri að skipta á fyrir eign eða gera upp skuld í frjálsum viðskiptum milli óskyldra, upplýstra og viljugra aðila á uppgjörstegi.

Samstæðan byggir gangvirðismati fjáreigna og fjárskulda á skráðu verði á virkum markaði, þegar það er tiltækt. Markaður telst virkur ef markaðsverð eru aðgengileg og tiltæk með reglubundnum hætti og ef þau endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli óháðra aðila.

Í tilviki eigna og skulda þar sem ekki er fyrir hendi virkur markaður beitir samstæðan verðmatsaðferðum til þess að fá fram gangvirði. Meðal verðmatsaðferða er notkun nýlegra markaðsviðskipta milli óskyldra, upplýstra og viljugra aðila, ef þau eru tiltæk, vísun í gildandi gangverð samskonar eignar eða skuldar, núvirðigreining sjóðstreymis og verðmatslíkön valréttarsamninga. Samstæðan notar viðtekin verðmatslíkön til að fá fram gangvirði á algengum og einföldum fjármálagerningum eins og valréttum og vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningum. Við mat á þessum fjármálagerningum er stuðst við opinberar markaðsupplýsingar.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 53. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.

Virði sem fæst með líkani eða öðrum verðmatsaðferðum er leiðrétt með hliðsjón af ýmsum þáttum, eftir því sem við á, þar sem verðmatsaðferðir geta ekki með fullnægjandi hætti endurspeglad alla þá þætti sem þátttakendur á markaði byggja á þegar þeir stofna til viðskipta. Leiðréttingar á mati eru skráðar með þeim hætti að þær geri ráð fyrir líkansáhættu, mun á kaup- og sölutilboðum, lausafjánhættu sem og öðrum þáttum. Stjórnendur telja að þessi leiðrétting á mati sé nauðsynleg og viðeigandi til þess að fjármálagerningar séu rétt fram settir á gangvirði í efnahagsreikningi.

#### *Virðisrýrnun*

Á hverjum reikningsskiladegi metur samstæðan hvort upplýsingar liggja fyrir um að virði fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði hafi rýrnað. Fjáreign telst hafa rýrnað og virðisrýrnun hefur myndast ef fyrir liggja upplýsingar um að tapsatburður hafi átt sér stað eftir upphaflega færslu eignarinnar og sá tapsatburður hafi áhrif á framtíðar sjóðstreymi fjáreignarinnar sem hægt er að áætla með áreiðanlegum hætti.

Upplýsingar um virðisrýrnun eru meðal annars sannreynanleg gögn um verulega fjárhagserfiðleika lántakanda eða útgefanda, vanskil eða vanræksla lántakanda, endurfjármögnun á láni á kjörum sem samstæðan myndi að öðrum kosti ekki veita, vísbendingar um að lántakandi eða útgefandi verði gjaldþrota, brotthvarf virks markaðar fyrir fjármálagerning, eða önnur gögn sem varða eignasafn svo sem óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakanda eða útgefanda í safninu, eða efnahagsaðstæður sem tengjast vanefndum innan safnsins. Auk þessa, að því er varðar hlutabréfaeign, telst veruleg eða langvarandi lækkun gangvirðis niður fyrir kostnaðarverð vera sannreynanlegar upplýsingar um virðisrýrnun.

Samstæðan metur upplýsingar um virðisrýrnun á eignum bæði sértækt og sem safn útlána með svipaða lánsáhættu. Lán viðskiptavina til sértækrrar skoðunar eru valin út frá upphæð, vanskilum og innra flokkunarkerfi á lánþegum þar sem lántakar eru flokkaðir eftir fjárhagsstöðu, vanskilum og lánshæfismati. Við ákvörðun slíkrar virðisrýrnunar á lánnum eru eftirfarandi þættir hafðir í huga:

- samanlagðar áhættuskuldbindingar samstæðunnar gagnvart viðskiptavininum,
- fjárhæð og tímasetning væntanlegra innborgana og endurheimta,
- líkleg fjárhæð sem fæst greidd úr búi við slit eða gjaldþrot,
- hversu flókið það er að ákvarða heildarfjárhæð og forgangsstöðun á öllum kröfum kröfuhafa og hversu mikil lagaleg og tryggingarleg óvissa er fyrir hendi,
- söluvirði veðsettra eigna (eða annarra áhættumildandi þátta) og líkur á árangursríku fjárnámi og
- líklegur frádráttur vegna kostnaðar af innheimtu útstandandi fjárhæða.

Upphæð virðisrýrnunar fjáreignar er munurinn á framreiknuðu kaupvirði hennar og áætluðu núvirtu framtíðar sjóðstreymi.

Safnlæg virðisrýrnun er reiknuð fyrir öll lán nema þau sem annað hvort leggja til sértæka virðisrýrnun eða eru í yfir 90 daga vanskilum. Lán undir ISK 1 milljón leggja einungis til í safnlæga virðisrýrnun. Við mat á safnlægri virðisrýrnun þarf sérstaklega að skoða tvo tölulega þætti þ.e. líkur á vanskilum og tap við vanskil. Samstæðan notar innra líkan við mat á líkum á vanskilum og er líkanið reglulega borið saman við raunverulega niðurstöður til að tryggja að það sé viðeigandi á hverjum tíma. Við mat á tapi við vanskil notar samstæðan stöðluð gildi.

Virðisrýrnun er færð í yfirlit um heildarafkomu og niðurfærslureikning til lækkunar á bókfærðu verði lána í efnahagsreikningi. Ef virðisrýrnun minnkar síðar og hægt er að rekja lækkunina til atviks sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var bókfærð eða yfirtekin, þá er hún bakfærð. Bakfærslur eru færðar í yfirlit um heildarafkomu.

Í sumum tilvikum eru fjáreignir yfirteknar á miklum afslætti sem tekur mið af útlánatapi sem þegar hefur átt sér stað. Samstæðan færir slíkt útlánatap með áætluðu sjóðstreymi þegar virkir vextir eru reiknaðir. Ef samstæðan endurskoðar mat sitt á greiðslum eða tekjum þá leiðréttingin hún bókfært verð fjáreignarinnar til að endurspeglar raunverulegt og endurskoðað áætlað sjóðstreymi. Samstæðan endurreiknar bókfært virði með því að reikna núvirði áætlaðs framtíðar sjóðstreymis miðað við upphaflega virka vexti fjármálagerningsins. Leiðréttingin er færð sem hækkun á virði lána í rekstri þegar endurreikningur hefur í för með sér hækkun á bókfærðu virði en virðisrýrnun þegar um er að ræða lækkun á bókfærðu virði.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 53. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar líkur eru á endurheimtu þeirra og í tilviki veðlána þegar andvirði af sölu veðs hefur borist samstæðunni.

#### *Fjáreignir færðar á gangvirði gegnum rekstur*

Samstæðan flokkar ákveðnar fjáreignir sem fjáreignir á gangvirði en gangvirðisbreytingar eru færðar í yfirlit um heildarafkomu sem hreinar fjármunatekjur við eftirfarandi kringumstæður:

- eignunum er stýrt, þær metnar og settar fram í innri skýrslum á gangvirði,
- flokkunin eyðir eða dregur verulega úr misræmi í bókhaldi sem annars gæti komið upp eða
- eignirnar fela í sér innbyggða afleiðu sem breytir verulega sjóðstreymi sem ella væri krafist samkvæmt samningum.

### 54. Handbært fé

Til handbærs fjár í yfirlitinu yfir sjóðstreymi telst sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka Íslands og óbundnar innstæður hjá lánastofnunum. Handbært fé og ígildi þess samanstendur af innstæðum með gjalddaga innan þriggja mánaða frá móttöku. Handbært fé er eignfært á afskrifuðu kostnaðarverði í efnahagsreikningi.

### 55. Lán

Lán eru fjármálagerningar með föstum eða ákveðnum greiðslum sem ekki eru skráðir á virkum markaði og sem samstæðan hefur ekki í hyggju að selja þegar í stað eða í náninni framtíð. Lán eru m.a. lán sem samstæðan veitir lánastofnunum og viðskiptavinum sínum, þátttaka í sambankalánum og yfirtekin lán.

Lán eru upphaflega metin á gangvirði að viðbættum innbyggðum beinum viðskiptakostnaði og síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta.

Þegar samstæðan er leigusali samkvæmt leigusamningi sem færir alla eða mestalla áhættu og ávinning af eignarhaldi eignar til leigutaka, er samningurinn flokkaður sem fjármögnunarleiga og krafa jöfn hreinni fjárfestingu í leigusamningnum er færð meðal lána.

Þegar samstæðan kaupir fjáreign og gerir jafnframt samning um að endurselja eignina (eða sambærilega eign) á föstu verði í framtíðinni með endurhverfum viðskiptum eða verðbréfalántökum, er samningurinn færður sem lán og undirliggjandi eign er ekki færð í reikningsskil samstæðunnar.

### 56. Fjármálagerningar

#### *Veltufjáreignir og veltufjárskuldir*

Veltufjáreignir og veltufjárskuldir eru fjármálagerningar sem aðallega eru keyptir í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðsveiflum eða á miðlunarálagi, sem og afleiðusamningar.

Verðbréf notuð til áhættuvarna eru veltuverðbréf keypt eingöngu í því skyni að verjast markaðsáhættu sem leiðir af eignaskiptaafleiðusamningum.

#### *Fjáreignir færðar á gangvirði gegnum rekstur*

Eignir sem flokkaðar eru sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur samanstanda af skulda- og eiginfjárgerningum sem samstæðan hefur keypt með það fyrir augum að hagnast á heildarávöxtun þeirra og er stýrt og þeir metnar á gangvirði.

Fjármálagerningar og fjárskuldir á gangvirði eru upphaflega metin á gangvirði í efnahagsreikningi og viðskiptakostnaður er færður í rekstur. Allar breytingar á gangvirði eru færðar meðal hreinna fjármunatekna í yfirliti um heildarafkomu.

Vaxta- og arðstekjur sem tilheyra þessum eignum eru færðar meðal vaxtatekna og hreinna fjármunatekna, eftir því sem við á.

## ► SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 57. Afleiðusamningar

Afleiðusamningur er fjármálagerningur eða annar samningur þar sem verðmæti breytist til samræmis við breytingar á undirliggjandi breytum, svo sem hlutabréfum, hrávöru eða skuldabréfum, vísitölu, gengi eða vöxtum og sem annað hvort kallar á enga upphaflega fjárfestingu eða fjárfestingu sem er minni en þörf væri á við aðrar tegundir samninga, sem búast mætti við að hefðu svipaða svörun við breytingum á markaðspáttum, og gerður er upp síðar.

Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði. Breytingar á gangvirði eru færðar í yfirlit um heildarafkomu. Breytingar á gangvirði afleiðusamninga skiptast í vaxtatekjur, gengismun og hreinar fjármunatekjur. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til. Afleiðusamningar með jákvæða gangvirðisstöðu eru færðir sem fjármálagerningar og afleiðusamningar með neikvæða stöðu eru færðir sem fjárskuldir á gangvirði í efnahagsreikningi.

### 58. Óefnislegar eignir

#### *Viðskiptavild*

Viðskiptavild sem myndast við kaup á dótturfélögum er flokkuð með óefnislegum eignum. Eftir upphaflega skráningu er viðskiptavild bókfærð á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum niðurfærslum vegna virðisrýrnunar.

#### *Hugbúnaður*

Hugbúnaðar sem samstæðan hefur aflað sér er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og niðurfærslum vegna virðisrýrnunar sé um þær að ræða.

Kostnaður sem fellur til síðar við hugbúnað er einungis eignfærður þegar hann eykur efnahagslegan framtíðarávinning sem falinn er í þeirri tilteknu eign sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað.

Niðurfærsla er gjaldfærð í yfirliti um heildarafkomu línulega yfir áætlaðan nýtingartíma viðkomandi óefnislegra eigna. Óefnislegar eignir eru niðurfærðar frá þeim degi sem þær eru tiltækar til notkunar. Áætlaður nýtingartími á núverandi tímabili og samanburðar tímabili er fimm ár.

### 59. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareign er eign sem ætluð er til öflunar leigutekna, til ávöxtunar eða hvort tveggja.

Fjárfestingareignir eru upphaflega færðar á kostnaðarvirði en eftir það á gangvirði. Hagnaður eða tap sem stafar af breytingum á gangvirði fjárfestingareigna er fært í yfirlit um heildarafkomu.

### 60. Virðisrýrnun annarra eigna en fjáreigna

Bókfært virði eigna samstæðunnar sem ekki eru fjáreignir, annarra en fastafjármuna til sölu, fjárfestingareigna og frestaðrar skatteignar, er yfirfarið á hverjum uppgjörstremi til að meta hvort einhver merki séu um virðisrýrnun. Ef slík merki finnast þá er endurheimtanlegt virði eignarinnar áætlað. Endurheimtanlegt virði óefnislegra eigna er metið árlega.

Virðisrýrnun er færð ef bókfært virði eignar reynist hærra en endurheimtanlegt virði hennar. Virðisrýrnun er færð í yfirlit um heildarafkomu.

Endurheimtanlegt virði eignar er söluverð að frádregnum kostnaði við sölu eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Við mat á nýtingarvirði er framtíðarsjóðstreymi núvirt miðað við ávöxtunarkröfu að teknu tilliti til skatta sem endurspeglar gildandi mat markaðarins á tímavirði peninga og áhættu sem tengist viðkomandi eign.

Virðisrýrnun annarra eigna, þar sem virðisrýrnun hefur verið skráð á fyrri tímabilum, er metin á hverjum uppgjörstremi í leit að vísbendingum um að rýrnun hafi minnkað eða sé ekki lengur fyrir hendi. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á því mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegu virði. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært virði eignarinnar sé ekki hærra en bókfært virði sem hefði verið ákvarðað, að frádregnum afskriftum eða niðurfærslu ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

## ▶ SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 61. Innlán

Innlán eru upphaflega metin á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði og síðan mæld á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta.

### 62. Lántaka

Hluti af lántöku samstæðunnar er flokkaður sem aðrar fjárskuldbindingar og er færður á gangvirði við upphaflega skráningu að frádregnum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega færslu eru lántökur metnar á afskrifuðu kostnaðarverði og á lántökutímabilinu er mismunurinn milli kostnaðar og innlausnarvirðis færður í yfirlit um heildarafkomu á grundvelli virkra vaxta. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu virði lántöku.

### 63. Víkjandi lán

Víkjandi lán eru fjárskuldbindingar í formi víkjandi fjármagns sem, ef til slita samstæðunnar kæmi, hvort heldur er að eigin frumkvæði eða ekki, verða ekki endurgreiddar fyrr en eftir að kröfur almennra kröfuhafa hafa verið greiddar. Við útreikning á eiginfjárlutfalli eru víkjandi skuldir færðar undir eiginfjárbátt B, sbr. skýringu 44. Víkjandi skuldir eru án gjalddaga og samstæðan getur aðeins greitt þær upp með leyfi Fjármálaeftirlitsins.

Víkjandi lán eru upphaflega skráð á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru víkjandi skuldbindingar færðar á nafnvirði höfuðstólsfjárhæðar auk áfallinna vaxta, sem færðir eru í yfirlit um heildarafkomu samkvæmt samningsbundnum lánaskilmálum.

### 64. Aðrar eignir og aðrar skuldir

#### *Varanlegir rekstrarfjármunir*

Rekstrarfjármunir eru metnir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnnun. Þegar hlutar rekstrarfjármuna hafa mismunandi nýtingartíma eru þeir færðir hver í sínu lagi eins og um aðgreinda rekstrarfjármuni væri að ræða.

Kostnaður sem fellur til síðar er einungis eignfærður ef líklegt þykir að efnahagslegur ávinningur af eigninni muni renna til samstæðunnar. Viðgerða- og viðhaldskostnaður er gjaldfærður eftir því sem til hans stofnast.

Fyrningargrunnur varanlegra rekstrarfjármuna er ákveðinn eftir að niðurlagsverð þeirra er dregið frá. Afskriftir eru gjaldfærðar í yfirliti um heildarafkomu línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma hvers einstaks rekstrarfjármunar. Áætlaður nýtingartími er sem hér segir:

Fasteignir .....	33-50 ár
Tæki og búnaður .....	3-7 ár

Fyrningaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin árlega.

#### *Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi*

Samstæðan flokkar eignir sem fastafjármuni til sölu eða aflagða starfsemi ef bókfært virði þeirra verður endurheimt aðallega með sölu fremur en með áframhaldandi nýtingu. Til að þetta eigi við þarf eignin eða aflagða starfsemi að vera tiltæk til sölu þegar í stað í núverandi ástandi, einungis með skilyrði um hefðbundin viðskiptakjör sem gilda um slíkar eignir eða eignasamstæður og salan þarf að vera talin mjög líkleg.

Áður en eign er flokkuð til sölu þá er mat á viðkomandi eign, svo og öllum eignum og skuldum í aflagðri starfsemi, uppfært í samræmi við viðeigandi alþjóðlegan reikningsskilastaðal. Því næst eru fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi færð á kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist. Virðisýrnnun sem er til staðar við upphaflega flokkun sem fastafjármunir til sölu eða aflögð starfsemi er færð í yfirlit um heildarafkomu, jafnvel þó um virðishækkun sé að ræða. Sama á við um hagnað eða tap við síðari virðisbreytingu. Virðishækkun með bakfærslu virðisýrnnunar á síðari tímabilum er takmörkuð þannig að bókfært verð fastafjármuna til sölu eða aflagðrar starfsemi fari ekki yfir það bókfærða virði sem hefði verið ákvarðað ef engin virðisýrnnun hefði verið færð á fyrri árum.

#### *Aðrar eignir og aðrar skuldir*

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnnun.

## ▶ SKÝRINGAR VIÐ SAMSTÆÐUREIKNINGINN

### 65. Eigið fé

#### *Arðgreiðslur*

Arðgreiðslur eru færðar á eigið fé á því tímabili sem þær eru samþykktar af hluthöfum Arion banka hf.

#### *Lögbundinn varasjóður*

Samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 skal leggja að minnsta kosti 10% af hagnaði samstæðunnar, sem er ekki varið til að mæta tapi frá fyrri árum og fer ekki í aðra lögbundna sjóði, í lögbundinn varasjóð uns hann nemur 10% af hlutafé. Þegar því marki hefur verið náð skal framlag í sjóðinn nema að lágmarki 5% af hagnaði þar til lögbundinn varasjóður nemur 25% af hlutafé bankans.

#### *Þýðingarmunur*

Undir þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til við umreikning reikningsskila dótturfélaga sem eru með reikningsskil sín í erlendum gjaldmiðlum.

### 66. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila hreinum hagnaði sem tilheyrir hluthöfum Arion banka hf. með vegnu meðaltali almennra útistandandi hluta á árinu.

### 67. Ábyrgðir

Í venjubundnum viðskiptum sínum veitir samstæðan fjárhagslegar ábyrgðir sem samanstanda af veittum ábyrgðum og greiðslutryggingum. Fjárhagslegar ábyrgðir eru upphaflega færðar í reikningsskilin á gangvirði, sem er sú þóknun sem rennur til samstæðunnar. Eftir upphaflega færslu er skuldbinding samstæðunnar fyrir sérhverja ábyrgð metin á hvoru sem hærra reynist, fjárhæðinni sem upphaflega var færð að frádreginni innlausn þóknunar ef við á, eða bestu áætlun á þeim útgjöldum sem falla á samstæðuna við að gera upp skuldbindingu vegna ábyrgðarinnar. Hækkun skuldbindingar vegna ábyrgða er færð í yfirlit um heildarafkomu. Ábyrgðarþóknunin er færð línulega yfir líftíma ábyrgðarinnar í yfirlit um heildarafkomu sem hreinar þóknunatekjur.

### 68. Fjárvarsla

Samstæðan veitir viðskiptavinum sínum þjónustu á sviði fjárvörslu, eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og almenna ráðgjafarþjónustu. Til að veita slíka þjónustu þarf samstæðan að taka ákvarðanir um meðferð, kaup eða ráðstöfun fjármálagerninga. Eignir í fjárvörslu eru ekki færðar í efnahagsreikning samstæðunnar.

### 69. Starfskjör

Öll fyrirtæki samstæðunnar eru með skilgreinda starfskjarastefnu. Félögin greiða skyldu- og samningsbundin iðgjöld með framlagi í séreigna- eða almenna lífeyrissjóði. Samstæðan hefur engar frekari greiðsluskyldur umfram þessi framlög. Iðgjöldin eru færð til gjalda í yfirliti um heildarafkomu þegar þau falla til. Samstæðan rekur engan réttindatengdan lífeyrissjóð.

### 70. Nýir staðlar og breytingar á stöðlum

*Nýir staðlar og breytingar á stöðlum sem giltu á árinu 2013*

Reikningsskilaaðferðir eru þær sömu og á fyrra reikningsári fyrir utan eftirfarandi alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) sem eru nýir eða tóku breytingum sem öðluðust gildi 1. janúar 2013:

*IFRS 7 Skýringar: Jöfnun fjáreigna og fjárskulda - breyting á IFRS 7.* Með breytingunni er krafist frekari skýringa um réttinn til að skuldajafna og tengdar ráðstafanir (t.d. veðsamningar). Skýringarnar eiga að veita gagnlegar upplýsingar til að meta áhrif skuldajöfnunarheimilda á fjárhagsstöðu samstæðunnar. Þessara nýju skýringa er krafist fyrir alla skráða fjármálagerninga sem er jafnað saman í samræmi við IAS 32 Fjármálagerningar: Framsetning. Þessi skýring á einnig við fjármálagerninga sem eru háðir skuldajöfnunarsamningi, sem er án skilyrða, eða svipuðu samkomulagi, án tillits til þess hvort þeim er jafnað saman í samræmi við IAS 32. Breytingarnar hafa ekki áhrif á fjárhagsstöðu samstæðunnar né afkomu og tóku gildi fyrir tímabil sem hófst 1. janúar 2013.

*IFRS 13 Mat á gangvirði.* Með IFRS 13 eru gefnar leiðbeiningar á einum stað fyrir allt mat til gagnvirðis innan IFRS. Með IFRS 13 er ekki sagt til um hvenær aðili skuli styðjast við gangvirði, heldur eru veittar leiðbeiningar um hvernig meta skuli gangvirði samkvæmt IFRS þegar þess er krafist eða það heimilt. Einnig eru kröfur um auknar skýringar. Innleiðing á þessum staðli hefur ekki veruleg áhrif á fjárhagslega stöðu samstæðunnar né afkomu. Þessi staðall tók gildi fyrir tímabil sem hófst 1. janúar 2013 eða síðar.

*Nokkrir nýir staðlar, breytinga og túlkana hafa ekki enn tekið gildi að því er varðar árið 2013 og hefur ekki verið beitt við gerð þessara reikningsskila. Eftirfarandi hefur þýðingu fyrir reikningsskil samstæðunnar:*

*IFRS 9 Fjármálagerningar: Flokkun og mat.* Í nóvember 2009 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) út IFRS 9 Fjármálagerningar, sem hefur að geyma nýja flokkun og matsviðmiðanir fyrir fjáreignir. Með útgáfu IFRS 9 er lokið fyrri hluta margbættis verkefnis sem ætlað er að leysa af hólmi IAS 39, Fjármálagerningar: Skráning og mat. Samkvæmt hinum endurskoðuðu leiðbeiningum skal aðeins meta fjáreign á afskrifuðu kostnaðarverði ef eignarhaldið er innan viðskiptalíkans þar sem markmiðið er að eiga eignina í því skyni að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og samningskilmálar fjáreignarinnar leiða til fjárstreymis á tilteknum dagsetningum sem eru einungis greiðslur af höfuðstól og vöxtum af útistandandi höfuðstól. Óskráða eiginfjárgerninga má færa á gangvirði og færa óinnleystan og innleystan hagnað vegna breytinga á gangvirði í yfirlit um aðra heildarafkomu, en ekki er lengur heimilt að færa uppreikning sem hagnað eða tap í yfirlit um heildarafkomu. Allar aðrar fjáreignir eru metnar á gangvirði í gegnum rekstur. Samstæðan er um þessar mundir að meta áhrifin af þessum nýja staðli á reikningsskilin. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær staðallinn muni taka gildi.

*IFRS 10 Samstæðureikningsskil.* IFRS 10 leysir af hólmi þann hluta af IAS 27, Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil, sem fjallar um samtæðureikningsskil. Þar er einnig fjallað um atriði í SIC-12 samtæðureikningsskil – rekstrarfélög um sérverkefni. Með IFRS 10 er sett fram ein regla varðandi yfirráð sem á við um öll félög, þ.m.t. rekstrarfélög um sérverkefni. Breytingarnar sem koma fram í IFRS 10 munu krefjast þess að stjórnendur leggi mat á hvaða félögum samstæðan fer með yfirráð yfir og ættu þau félög þar með að vera í hluti af samtæðureikningi, samanborið við ákvæði sem giltu í IAS 27. Samstæðan er um þessar mundir að meta áhrifin af þessum nýja staðli á reikningsskilin. Staðallinn hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og tók hann gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar.

*IFRS 12 Skýringar um hagsmuni í öðrum rekstrareiningum.* IFRS 12 fjallar um allar skýringar varðandi samtæðureikningsskil sem áður var fjallað um í IAS 27, svo og allar skýringar sem áður var fjallað um í IAS 31 og IAS 28. Skýringar þessar varða hagsmuni í dótturfélögum, samrekstri, hlutdeildarfélögum og sérhæfðum rekstrarfélögum. Einnig er krafist fjölda nýrra skýringa. Staðallinn mun ekki hafa nein áhrif á fjárhagsstöðu félagsins né afkomu. Staðallinn hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og tók hann gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar.

*IAS 32 Skuldajöfnun fjáreigna og fjárskulda - Breytingar á IAS 32.* Þessar breytingar skerpa á hvað er átt við með "að hafa laglegan rétt til að skuldajafna". Nauðsynlegt verður að meta áhrifin á samstæðuna með því að yfirfara ferla við uppgjör og lögformlega samninga til að tryggja að jöfnun sé ennþá heimil í þeim tilfellum þar sem jöfnun hefur verið beitt hingað til. Í ákveðnum tilfellum verður skuldajöfnun ekki lengur heimil. Í öðrum tilfellum gæti þurft að taka upp samninga og endursemjna. Krafan um að allir aðilar að samningi hafi rétt til skuldajöfnunar getur reynst hindrun í þeim tilfellum þar sem einungis einn samningsaðili hefur rétt til skuldajöfnunar við greiðslufall. Ekki er gert ráð fyrir að breytingarnar hafi veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða afkomu samstæðunnar. Breytingarnar gilda fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar.

IFRIC 21 skilgreinir skatt sem gjöld sem stjórnvöld leggja á fyrirtæki með lagasetningu. Það staðfestir að félag skuli færa hjá sér skattskuld þegar atburður sem um ræðir í lögum á sér stað. Ekki er gert ráð fyrir að IFRIC 21 hafi veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða afkomu samstæðunnar. IFRIC 21 tekur gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar.





ÚTGEFANDI ARION BANKI HF.  
MYNDIR BERNHARD KRISTINN, FINNUR ANDRÉSSON OG TORFI AGNARSSON  
HÖNNUN HVÍTA HÚSIÐ  
PRENTUN PIXEL – prentað á umhverfisvottaðan pappír



ÚTGEFANDI ARION BANKI HF.  
MYNDIR BERNHARD KRISTINN, FINNUR ANDRÉSSON OG TORFI AGNARSSON  
HÖNNUN HVÍTA HÚSIÐ  
PRENTUN PIXEL – prentað á umhverfisvottaðan pappír

